

JÓN GESTUR SÖRTVEIT
Kaffið er á minni könnu
 Matur Tilboð
allt Í MIÐJU BLÁÐSINS



birta
KRÚSARARNIR
Óbilandi áhugi á bílum
 Still Clive Owen
FYLGR MED FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HÚS OG GARÐAR
Hugað að garðinum fyrir sumarið
 Sérblað um gróður og garða
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. apríl 2006 — 112. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Kynnir sig á Cannes

Ingvari Þórðarsyni hefur verið boðið að vera einn 22 kvikmyndaframleiðanda sem fá að kynna verk sín á Cannes-kvikmyndahátíðinni.



FÓLK 54

Gagn eða ógagn

„Það sem virðist vera að gerast í efnahagslífinu nú er nákvæmlega það sama og átti sér stað árið 2001,“ segir hagfræðingur Samtaka iðnaðarins og bætur við að vaxtahækkun nú stöðvi ekki veikingu krónunnar og muni enn síður takast að styrkja hana á ný.

UMRÆÐAN 29

Trjásaftn við Esjurætur

Geta fimmtán þúsund trjátegundir þrífist á Íslandi? Þessu leitast Axel Kristinsson, meðlimur í Trjáræktarklúbbnum, við að svara.



TÍMAMÓT 32


Snæfellingar stefna hátt

Körfuknattleiksdeild Snæfells stefnir á að vera með liðið í titilbaráttunni næsta vetur en félagið fer hamföllum í innkaupum þessa dagana. Auk þess að vera með nokkra erlenda þjálfara í sigtinu eru Snæfellingar á höttunum eftir tveimur leikmönnum frá Grindavík.



ÍPRÓTTIR 48

VEÐRIÐ Í DAG



20 STIGA HITI? - Í dag verður suðvestan 8-13 m/s norðvestan til, annars nokkuð hægari. Léttskýjað á Norður- og Austurlandi, annars skýjað með köflum og hætt við dálitilli súld á Vestfjörðum. Hiti 7-18 stig, hlýjast á Austurlandi.

VEÐUR 4

Verðtryggingin gæti verið uppspretta óstöðugleika

Forstjóri Kaupþings banka telur að Íslendingar ættu að skoða afnám verðtryggingar til að draga úr hag-sveiflum. Forsætisráðherra spyr Hreiðar Mát hvort hann vilji veita óverðtryggð íbúðalán til fjórutíu ára.

EFNAHAGSMÁL „Ég hef verið að velta fyrir mér hvort þetta einstaka kerfi, verðtryggða eða óverðtryggða vexti, sem við erum með hér á Íslandi geti verið orsök fyrir meiri sveiflum í hagkerfinu en við myndum annars sjá,“ sagði Hreiðar Mát Sigurðsson, forstjóri Kaupþings banka, í ræðu sem hann hélt á aðalfundi Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, SBV, í gær.

„Seðlabankinn þarf að hækka mjög óverðtryggða vexti til að hafa áhrif á verðtryggðu vextina. Þegar vaxtamunur verður mikill milli gjaldmiðla verður oft óstöðugleiki í kjölfarið. Verð-

tryggingunni var komið á til að koma á stöðugleika fyrir 27 árum síðan. Ég velti fyrir mér hvort hún geti verið uppspretta óstöðugleika í dag.“

Hreiðar Mát segir ljóst að það stýritæki sem vaxtastýring Seðlabankans er sé ekki nægilega öflugt tæki í hagstjórninni. Hann telur að tvennt sé til ráða við núverandi aðstæður í hagkerfinu, að taka upp evruna með inngöngu í Evrópusambandið eða afnema verðtrygginguna.

Hann telur mögulegt að afnema verðtrygginguna mjög snögglega en segir að vextir verði þá mjög háir og fólk finni strax fyrir því.

„Það er spurning hvenær menn velja að gera þetta. Kannski þarf ekki að gera það núna. Kannski getum við gert það seinna. Kannski getum við sett okkur það markmið að afnema verðtrygginguna á nokkrum árum ef við ætlum að hafa þennan gjaldmiðil.“

„Það má í þessu sambandi spyrja: er líklegt að banki eins og KB banki sé tilbúinn að lána íbúðalán í dag óverðtryggt í íslenskum krónum? Ég hef vissar efasemdir um það,“ spurði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða hans við orðum Hreiðars Mát. „Ég býst frekar við að ef verðtrygg-

ingin yrði lögð af mundi það aukast verulega að bankarnir lánuðu með einhvers konar gengistryggingum.“

Haldór sagðist áður hafa kallað að eftir almennum umræðum um efnahagsleg áhrif þess umröts sem ríkt hefði á gjaldeyrismarkaði enda væru stjórnæki Seðlabankans vissulega veik við þær aðstæður. Hann ítrekaði að þetta umrót á gjaldeyrismörkuðum gæti til lengri tíma haft áhrif á það hvort Íslendingar ættu að taka upp evruna, „en þýðir að mínu mati á mæltu máli að þá þyrfti að floga aðild að Evrópusambandinu.“

- ghs /pg



LEIKUR Harry Bretaprins leikur hér við börn í Lesótó í suðurhluta Afríku, en hann heimsótti barnaheimili þar í gær. Prinsinn var í landinu til að setja á stofn göðgerðarstofnunina „Sentebale“, sem þýðir „Gleym mér ei“, í minningu móður sinnar Díönu prinsessu. FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Forsetahjónin:

Samfagna Sviakonungi

SVÍÞJÓB Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Dorrit Moussaieff forsetafrú hafa þekkt boð Karls Gústafs Sviakonungs að taka þátt í hátíðarhöldum í Stokkholmi í tilefni af sextugsafmæli hans.

Hátíðarhöldin verða næstkomandi laugardag og sunnudag. Meðal atburða verða hátíðardansleikur á laugardagskvöld í Drottningholmhöllinni, guðsþjónusta að morgni sunnudags og hádegisverður í boði forseta sænska þingsins. Að kvöldi sunnudags verða tónleikar og hátíðarkvöldverður í konungshöllinni.



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

- shá

HOBBYHÚSIÐ

WWW.HOBBYHUSID.IS

Hobby
 world wide No1



Mest seldu hjólhýsi í heimi

Kjaradeila starfsfólks á dvalar- og hjúkunarheimilum hvergi nærri leyst:

Setuverkföll hafin að nýju

KJARAMÁL Sérhæft starfsfólk á sex dvalarheimilum ákvað í gær að hefja setuverkföll á miðnætti. Þetta var ákveðið eftir að fram kom einhliða ákvörðun stjórnar Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu á þriðjudag um að hækka laun þess til jafns við starfsmenn sveitarfélaga á átta mánaða tímabili.

Önnur dvalarheimili hafa gert samkomulag við sína vinnuveitendur og aflýst setuverkföllum. Heimilin sex sem byrjuð eru í setuverkföllum eru Hrafnista í Reykjavík og Hafnarfirði, Grund,

Sunnuhlíð, Vífilstaðir og Víðines.

Strax í upphafi fundar var ljóst að skoðanir voru skiptar, margar konur þurftu að tjá sig um málið og var fjölmörgum því vísað úr salnum. Áður hafði verið stigið í pontu og lýst mikilli óánægju með að nokkur heimilanna hefðu gengið að hækkunum SFH og var það almannarómur á fundinum að samstaðan hefði brostið og hópurinn hefði átt að halda áfram baráttu sinni sem heild. Tillaga um að samþykkja hækkanirnar óbreyttar var felld með 48 atkvæðum gegn 32. Eftir að

niðurstaðan var ljós fylltu margar konur út uppsagnarbréf sín á staðnum.

Sveinn H. Skúlason, forstjóri Hrafnistuheimilanna, segir að málið sé einfalt. „Þetta þýðir einfaldlega neyðarástand.“ Aðspurður hvort mögulegt væri að ganga að kröfum starfsfólks um hækkanir á skemmri tíma svaraði Sveinn að það kæmi ekki til greina að skrifa upp á ávísun sem ekki væri innistæða fyrir. Jóhann Árnason, formaður SFH, segir starfsfólkið fá hækkunina hvort sem það vilji hana eða ekki. - shá

Fagleg og lögleg þjónusta í boði



Fagfólk í Félagi íslenskra snyrtifræðinga er að finna um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.



Félag íslenskra snyrtifræðinga



SPURNING DAGSINS?

Baldvin, ertu alltaf að splæsa?

„Já, en því eru þó takmörk sett. Ég ætla til dæmis ekki að splæsa sextíu milljarða króna flugvelli eða flokki undir leyningafni eins og sumir.“

Baldvin H. Sigurðsson, verðandi oddviti Vinstri grænna á Akureyri, ætlað að beita sér fyrir því að Akureyrarbær bjóði upp á gjaldfrjálsan leikskóla. Í kosningabaráttu sinni bauð hann hins vegar upp á kjótbollur.

Landsbankinn græddi tíu milljarða króna á sölu fjármálafyrirtækisins Carnegie:

Ágóði á við 2,5 loðnuvertíðir

VIÐSKIPTI Hagnaður Landsbankans af sölu á tæplega tuttugu prósentu eignarhlut sínum í sænska fjármálafyrirtækinu Carnegie nemur tíu milljörðum króna. Söluverðið var lokið í gær og nam andvirði hlutarins 21,8 milljörðum króna.

Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir ávöxtunina af fjárfestingunni vera yfir 100 prósentum. „Við erum búnir að eiga þetta í níu mánuði, keyptum á genginu 88, seldum á genginu 162 og fengum í millitíðinni greiddan arð,“ segir hann og bætir við að salan sé í samræmi við stefnu bankans um þátttöku í arðbærum fjárfestingarverkefnum. Bréfin

voru seld alþjóðlegum fjárfestum og hafði Deutsche Bank yfirumsjón með söluverði.

Sigurjón viðurkennir að ágóðinn sé ef til vill ekki mikill í hlutfalli við eignir bankans, sem nemi á milli 1.500 til 2.000 milljörðum króna. „En þetta er veruleg viðbót við eigið fé bankans og trúlega þriðji mesti hagnaður sem fengist hefur í svona fjárfestingu á eftir sölu Björgólfsfeðga á Bravo-bjórverksmiðjunni og sölu á hlut FL Group í EasyJet. Þá er hagnaðurinn á við tvær og hálfu loðnuvertíð.“ Eignin í Carnegie var stærsta einstaka hlutabréfaeign Landsbankans og sam-



BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS í Landsbankanum glöddust menn í gær yfir ábatastömu útrásarverkefni. Á myndinni eru Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Árnason.

svaraði um 25 prósentum af heildareign bankans í hlutabréfum. - óka

Vinna hjá Ríkisútvarpinu:

Unnið að mati á eignunum

RÍKISÚTVARPIÐ Þriggja manna starfshópur vinnur nú að mati á eignum Ríkisútvarpsins. Í honum eru Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi, Matthías Þór Óskarsson endurskoðandi og Eyjólfur Valdimarsson, verkfræðingur hjá Ríkisútvarpinu.

Starf hópsins hófst í síðustu viku. Páll Magnússon útvarpsstjóri segir vinnu hópsins ganga vel. „Þessi hópur er byrjaður að vinna að mati á eignum Ríkisútvarpsins. Hópurinn þarf að hafa lokið störfum áður en nýtt hlutafélag um Ríkisútvarpið verður stofnað, ef við göngum út frá því að svo verði.“ - mh

Viðræður um varnarmál:

Drög að nýrri áætlun rædd

VARNARMÁL Meginviðfangsefni viðræðna á milli nefnda íslenskra og bandarískra stjórnvalda um varnarmál var drög að nýrri varnaráætlun fyrir Ísland sem Evrópuherstjórn Bandaríkjanna hefur gert og kynnt fyrir íslensku nefndinni.

Viðræðurnar hófust að nýju á miðvikudaginn en þeim lauk síðdegis í gær.

Geir H. Haarde ætlað sér að gera utanríkismálanefnd Alþingis grein fyrir stöðunni í varnarviðræðunum á morgun. Albert Jónsson, formaður íslensku nefndarinnar, vildi ekki tjá sig um gang viðræðna en nefndirnar halda áfram viðræðum fljótlega. - mh

Methagnaður í Kauphöll:

Markaður lækkar samt

VIÐSKIPTI Bæði KB banki og Straumur-Burðarás skiluðu um nítján milljarða hagnaði á fyrsta ársfjórðungi, sem er methagnaður. Þrátt fyrir að uppgjörin hafi verið umfram væntingar greiningaraðila lækkaði Úrvalsvisitalan um 2,6 prósent í 15,6 milljarða viðskiptum.

KB banki lækkaði um 3,5 prósent og hlutabréf í Dagsbrún, FL Group og Landsbankanum féllu um meira en fjögur prósent.

- eþa / sjá síðu 24

SAMKEPPNISMÁL

Engin röskun Engin röskun mun verða um næstu mánaðamót vegna ákvæðunar Samkeppniseftirlitsins að gefa taxa leigubifreiða frjálsan. Margir hafa haft áhyggjur af auknu frjálsræði.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ölvun undir stýri Lögreglan í Hafnarfirði stöðvaði tvo ökumenn í fyrirkvöld sem báðir höfðu neytt áfengis áður en sest var undir stýri. Báðir mega eiga von á að fara fyrir dómara vegna málsins.

Hæstiréttur metur hæfi héraðsdómarar

Beðið er úrskurðar Hæstaréttar um hæfi héraðsdómara í Baugsmáli sem þingfest var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Verði málinu ekki vísað frá, svo sem krafist er, taka við einar umfangsmestu vitnaleiðslur sem um getur.

BAUGSMÁL Arngrímur Ísberg héraðsdómari ætlað ekki að vikja úr sæti sem dómari í Baugsmálinu að kröfu Jóns Gerald Sullenberger.

Brynjart Níelsson, verjandi Jóns Gerald, hyggst kæra úrskurðinn með bréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur í dag. Brynjart álitur að hæfi dómarans sé vefengjanlegt þar sem hann hafi áður tekið afstöðu og dæmt í fyrra Baugsmálinu þegar Jón Gerald hafði stöðu vitnis en ekki sakborning.

Verjendur Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar tóku ekki undir kröfur um að dómariinn viki úr sæti.

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, taldi álitamál hvort Arngrímur hefði með lagatúlkun og sýknu-dómi í Baugsmáli 15. mars tekið afstöðu um lánveitingar, sem kæmu fyrir í ákærunum nú.

Í úrskurði sínum segir Arngrímur að niðurstaða dómara í einu máli, hvort sem hún byggist á mati á sönnunargildi framburðar eða túlkun laga, valdi því ekki að hann sé vanhæfur til að dæma annað mál þar sem reyni á mat á framburði sömu vitna og ákærðra manna eða túlkun á ákvæðum sömu laga.

Baugsmálið, sem nú er reist á ákæruatriðum sem áður hafði verið vísað frá, var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Það er í nítján liðum og snertir meint brot gegn hlutafélagalögum, bókhaldsbrot, ólögmæt lánveitingar og fjárdrátt.



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Sigurður Tómas Magnússon saksóknari og Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, heilsast í réttinum í gær.

Sakborningarnir Jón Ásgeir Jóhannesson, Jón Gerald Sullenberger og Tryggvi Jónsson lýstu yfir sakleysi sínu og verjendur þeirra létu bóka kröfu um frávisun málsins.

„Ég hef sagt í yfirheyrslum að ég bjó til reikning og það kemur í ljós í réttarsal hvað því fylgir en ég tel mig vera saklausan af því ákæruatriði,“ sagði Jón Gerald.

Frávísunarkrafa verjenda Jóns Ásgeirs og Tryggva byggist meðal annars á mannréttindasjónarmiðum með tilvísun í ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu.

Verjandi Jóns Gerald krefst einnig frávisunar en segir þá kröfu ekki tengjast frávisunarkröfu Jóns Ásgeirs og Tryggva efnislega.



BRYNJART NÍELSSON OG JÓN GERALD SULLENBERGER Brynjart, verjandi Jóns Gerald, kærir úrskurð um hæfi héraðsdómara til Hæstaréttar.

Lögmenn telja að vitnaleiðslur og málflytningur geti tekið allt að þrjár vikur, en saksóknari vill láta kalla allt að áttatíu vitni fyrir dóminn. johannh@frettabladid.is



EHUD OLMERT OG AMIR PERETZ Undirrituðu stjórnarsáttmála í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarmyndun í Ísrael:

Langt á veg komin

Jerúsalem, AP Leiðtogar tveggja stærstu stjórnarmálflokkanna í Ísrael, Kadima og Verkamannaflokksins, undirrituðu í gær stjórnarsáttmála. Ehud Olmert, leiðtogi Kadima, hefur þó ekki enn lokið við að afla nýrri stjórn sinni meirihluta á þinginu.

Olmert hafði áður náð samkomulagi við Flokk eftirlaunabega, en samtals ráða þessir þrjú flokkar yfir 55 þingsætum af alls 120.

Viðræður við Shas, flokk heittrúaða gyðinga, um þátttöku í stjórninni eru einnig langt á veg komnar, en Shas-flokkurinn hefur yfir tólf þingsætum að ráða. - gb

Stjórnsmál í Nepal:

Nýr forsætisráðherra veikir

Nepal, AP Nepalskonungur útnefndi sjúkan 84 ára gamlan reyndan stjórnsmálamann nýjan forsætisráðherra landsins í gær, örfáum klukkustundum eftir að uppreisnarmenn úr röðum kommúnista hófu þriggja mánaða vopnahlé.

Ráðamenn helstu stjórnsmálflokka landsins völdu Girija Prasad Koirala í forsætisráðherrastólinn, en hann hefur fjór- um sinnum áður gegnt þeirri stöðu. Þó var talið líklegt í gærkvöldi að lungnaveikindi hans kæmu í veg fyrir að hann tæki þátt í fyrstu setu nýendursatts þings í dag. - smk

Sparisjóður vélstjóra og Sparisjóður Hafnarfjarðar hefja samrunaviðræður:

Skiptihlutföll verða SPV í vil

SPARISJÓÐIR „Hvað okkur varðar var það eðlilegast og ákjósanlegast að hefja viðræður við SPV, út frá staðsetningu, stærðarhlutföllum og öðru,“ segir Jón Auðunn Jónsson, stjórnarformaður SPH. Stjórnarformenn SPV og SPH hafa fengið umboð til að ganga til viðræðna um sameingu sjóðanna.

Þetta eru tveir af þremur stærstu sparisjóðum landsins með samanlagðar eignir upp á áttatíu milljarða króna miðað við síðustu áramót. Hagnaður SPV var 1.100 milljónir í fyrra en 700 milljónir hjá SPH.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða skiptihlutföll nokkurn veginn þannig að SPV fær sextíu prósent í sinn hlut en SPH fjórutíu prósent. Ætlunin er að sparisjóðirnir haldi nöfnum sínum og fjöldi afgreiðslustaða verði óbreyttur.



SPV FENGI MEIRA Mikill áhugi er meðal stjórnenda SPH og SPV á að sameinast.

Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður SPV, segir að eindreginn vilji hafi verið til þess að ganga til sameiningar við SPH. „Við getum ráðist í miklu stærri verkefni sameinaðir.“ Hann útilokar ekki að fleiri sparisjóðir gætu komið að þessu máli á seinni stigum.

Lítið stofnfé er í hvorum sparisjóðum, sem auðveldar áformin, en SPV er meðal stærstu stofnfjáreigenda í SPH.

Stefnt er að því að vinna hratt að málum á næstu vikum en stofnfjáreigendur hafa lokað við um hvort af sameiningu verði. - eþa

BÍLL DAGSINS

SUBARU LEGACY WAGON LUXURY

Nýskr 12.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 25 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð
2.370.000,-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.

ABCDEFGHIJKLMNOPQRSTUVWXYZ

Það hefur aldrei verið auðveldara að gefa!



ABC-kort

Hátt og hátt / SÍA



ABC-barnahjálpar, Netbankinn og Barnaland.is kynna samstarf sem kemur ungum fjölskyldum og bágstöddum börnum í heiminum til góða. ABC-kortin eru þau fyrstu sinnar tegundar í heiminum. Með þeim nýtur þú afsláttar og fríðinda sem taka mið af þörfum barnafjölskyldna og styrkir um leið börn víðsvegar um heiminn.



ABC-kreditkort

Við stofnun ABC-kreditkorts renna strax 1000 kr. til ABC-barnahjálpar. Samstarfsfyrirtækin láta 1% af viðskiptum korthafa renna til ABC-barnahjálpar og veita einnig korthöfum góðan afslátt.

ABC-debetkort

Við stofnun ABC-debetkorts renna strax 1000 kr. til ABC-barnahjálpar. Öll færslugjöld af kortinu renna til ABC-barnahjálpar.

ABC-barnahjálpar

Starf ABC-barnahjálpar snýst um að bæta hag bágstaddra barna. Markmiðið er að veita yfirgefnum og umkomulausum börnum varanlega hjálpar í formi menntunar og heimila þar sem þess er þörf, auk læknishjálpar, framfærslu og síðast en ekki síst, umhyggju.

Pú getur sótt um ABC-kortin hjá Netbankanum í síma 550 1800, á nb.is og barnaland.is.

Samstarfaðilar ABC-kortanna eru séralin fyrirtæki sem þjónusta barnafólk og eru leiðandi á markaði á sínu sviði.



GENGIÐ

GENGI GJALDMIBLA 27.04.2006


KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	73,81	74,17
	Sterlingspund	131,67	132,31
	Evra	91,68	92,2
	Dönsk króna	12,29	12,362
	Norsk króna	11,782	11,852
	Sænsk króna	9,824	9,882
	Japanskt jen	0,6438	0,6476

SDR 107,94 108,58

Gengisvísitala krónunnar
127,5226

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

MÆLINGAR VIÐ ELDVATN VIÐ ÁSA
Hér sést rennsli í ána á vikutímabili.

Jökulsárhlaupi að ljúka:

Ekki komin í sama horf

HLAUP Rennsli í Eldvatn við Ása er enn ekki komið í sama horf og fyrir Jökulsárhlaupið.

Á korti Vatnamælinga Orkustofnunar sést að á mótum miðvikudags og fimmtudags var rennslið í ána rúmum 56 rúmmetrum á sekúndu. Föstudaginn 21. apríl, daginn sem það hófst og tveimur og hálfum degi áður en hlaupið náði hámarki, var rennslið rúmum 25 rúmmetrum á sekúndu. Rennslið náði mest tæpum 629 rúmmetrum á sekúndu.

Hlaupið er hið fertugasta og annað síðan 1955 sem mælt er af Vatnamælingum Orkustofnunar, en þá hættu hlaupin að fara inn í Langasjó og bárust út í Skaftá. - gag

DÓMSMÁL

Sekt fyrir fíkniefni Bónða var í gær gert að greiða 45.000 króna sekt fyrir að hafa fíkniefni í fórum sínum. Lögreglan í Borgarnesi fann eitt gramm af hassi, 0,03 grömm af amfetamíni og 0,7 grömm af tóbaksblönduðu kannabísefni á heimili hans.

SVÍPJÓÐ

Íslenskur fulltrúi Svía Ása Jóhannsdóttir verður fulltrúi Södertälje í landskeppni Svía um frumlegustu og efnilegustu nýju fyrirtækin í landinu síðustu þrjú árin. Ása hefur rekið fyrirtækið Ása Jóhannsdóttir grafísk design í tvö ár.

Vilja koma upp svæði fyrir bílaá hugamenn:

Hraðakstur af götum


UMFERÐARMÁL Sérfræðingar í umferðarmálum hér á landi telja nauðsynlegt að opna svæði fyrir á hugamenn um akstursþróttir til þess að draga úr hraðakstri innan bæjarmarkna.

Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri lögreglunnar í Reykjavík, lýsti því yfir í viðtali við Fréttablaðið á dögnum að ofsakstur á götum innan bæjarmarkna væri vaxandi vandamál sem þyrfti að bregðast við.

Sigurður Helgason, forstjóri Umferðarstofu, telur opið aksturssvæði, þar sem ökumenn bifreiða og mótorhjóra gætu komið saman, vel til þess að fallið að

draga úr ofsakstri innan bæjarmarkna. „Það þarf að skapa aðstöðu fyrir þá sem telja sig hafa þörf fyrir að aka hratt. Mikilvægt er að ökumenn fari að öllum reglum og að aðstæður á svæðinu séu allar hinar öruggustu.“

Ólafur Guðmundsson, sem á sæti í Umferðarráði, tekur undir þetta með Sigurði og telur glannalegan akstur vera viðverandi vandamál. „Það eru ekki mörg lönd í Evrópu sem eru ekki með aksturssvæði fyrir ökumenn þar sem þeir geta sinnt áhugamáli sínu og þess vegna er nauðsynlegt að því verði fundinn góður staður. En svæðið er ekki allt, heldur



ÓLAFUR GUÐMUNDSSON Ólafur og Sigurður Helgason, forstjóri Umferðarstofu, telja nauðsynlegt að akstursþróttá hugamenn fái svæði þar sem þeir geta sinnt áhugamáli sínu. Ólafur sést á myndinni við kappakstursbrautina í Monza. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR

þurfa ökumenn að tileinka sér aga og aksturslag sem samfélagið samþykkir.“ - mh

Sóldýrkendur borga tugþúsundum meira

Sólarlandaferðir hækka í verði, flestar um tíu prósent. Rekstrarstjórar Kuoni og Apollo hafa þó ákveðið að hækka ekki verð í bili. Heimsferðir hækkuðu verð án fyrirvara. Ekki gafst færi á að greiða upp pantaðar ferðir fyrir hækkun.

VERÐHÆKKUN Heimsferðir hafa hækkað verð á utanlandsferðum fyrir sumarið um tólf prósent. Viðskiptavinir fengu ekki færi á að greiða upp pantaðar ferðir fyrir verðbreytinguna. Ferð fyrir fjögurra manna fjölskyldu til Mallorca sem áður kostaði 201.580 krónur kostar nú 223.996. Munurinn er 22.416.

Aðar ferðaskrifstofur hækka einnig verðið. Bæði Plúserferðir og Úrval Útsýn, í eigu sömu aðila, hækka verðið um tíu prósent 3. maí. Ekki fengust handhægar upplýsingar um verðhækkunir hjá systurfélaginu Sumarferðum en því er neitað að ferðirnar hafi hækkað í tvisgang um tíu prósent. Viðskiptavinum ferðaskrifstofanna þriggja var öllum sent bréf á netinu og í pósti og gefið tækifæri á að greiða upp ferðir sínar fyrir verðhækkunina.

Bjarni Hrafn Ingólfsson, markaðsstjóri Heimsferða, segir ferðaskrifstofuna fara að reglum samgönguráðuneytisins. „Við breytum verðinu nákvæmlega eins og allir hafa gert það hingað til.“ Hann viti ekki af hverju eigandi ferðaskrifstofanna þriggja fari aðra leið í þetta sinn. „Gæfum við fólki færi á að greiða ferðina upp fyrir verðhækkunina þýddi það að við tækjum alla kostnaðaraukninguna á okkur. Einhvers staðar endar sá kostnaður sem aðrar ferðaskrifstofur taka á sig. Við vitum það öll að í viðskiptum er það hjá viðskiptavininum, þó síðar verði,“ segir Bjarni og bætir við: „Þetta er engin óska staða fyrir okkur. Enginn er ánægður með að borga meira.“ Heims-



GENGISBREYTINGIN KEMUR NIÐUR Á FERÐAÞYRSTUM ÍSLENDINGUM Fólk greiðir nú hjá flestum ferðaskrifstofum meira fyrir ferðirnar í sólina. Hjá Heimsferðum hækkaði verðið um tólf prósent en um tíu prósent hjá Plúserferðum og Úrvali Útsýn.



TÓMAS THOR TÓMASSON Framkvæmdastjóri Apollo og Kuoni.

ferðir hugivel að kostnaðarþættinum og nái þar með að vera samkeppnishæfar um verð.

Laufey Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Plúserferða, segir suma kjösa að greiða ferðirnar síðar þrátt fyrir hækkunina. Flestir borgi þó strax, jafnvel þó þeir



LAUFHEY JÓHANNSDÓTTIR Framkvæmdastjóri Plúserferða.

fari ekki fyrr en í ágúst: „Hér var fjögurra manna fjölskylda sem greiddi um 190 þúsund fyrir sólarlandaferð. Hún ákvað að greiða ferðina upp, annars hefði ferðin hækkað um 24 þúsund krónur,“ segir Laufey: „Viðskiptavinurinn kann mjög vel að meta að fá að vita af verðhækkunum því þá á hann valið.“

Tómas Thor Tómasson, framkvæmdastjóri Apollo og Kuoni, segir verðið hjá ferðaskrifstofunni í það minnsta haldast óbreytt fram í miðjan maí: „Mér sýnist stefna í um það bil fimm prósent hækkan á ferðum til Búlgaríu. En nóg er að staðfesta ferðina og verðið breytist ekki hækki flugfélögin ekki sætaverðið.“

gag@frettabladid.is

Réðst á lögreglumann:

Fékk tveggja mánaða dóm

DÓMSMÁL Maður var fundinn sekur og hlaut tveggja mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær vegna tilefnislausrar ársár á lögreglumann á Austurvelli fyrir ári.

Hlaut lögreglumadurinn nokkur meisl vegna átaka sinna við manninn en hann hafði áður haft í hótunum við lögreglumennina, sem fóru þess á leit að hann gerði grein fyrir sér þar sem hann lá á bekk á Austurvelli. Maðurinn hlaut skilorðsbundinn dóm þar sem hann hefur aðeins einu sinni áður komist í kast við lögin. Var hann einnig dæmdur til greiðslu miskabóta. - aðe



LONGYEARBYEN Höfuðstaður Svalbarðaejklansans. NORDICPHOTOS/AFP

Tímamót á Svalbarða:

100 ára afmæli Longyearbyen

SVALBARÐI Norsku konungshjónin komu til Longyearbyen, höfuðstaðar Svalbarða, á miðvikudag til að hefja formleg hátíðarhöld í til efni af 100 ára afmæli bæjarins.

Bandaríkjamaðurinn John Monro Longyear hóf námugróft á þessum stað árið 1906, að því er fréttavefur Aftenposten greinir frá. Fyrstu áttatíu árin var bærinn lítið annað en búðir námuverkamanna, en á síðustu tveimur áratugum hafa vísindarannsóknir, menntun og ekki síst ferðapjónusta komið fleiri stöðum undir mannlíf á þessum ysta norðurhvara.

Nærri 1.900 manns af ýmsum þjóðernum búa í bænum að staðaldrí, en stjórnsýslan þar heyrir undir Noreg. Þess er vænt að um 50.000 ferðamenn sækji Svalbarða heim í ár, flestir á skemmtiferðaskipum. - aa

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ölvunarakstur í Keflavík Einn ökumaður var í nótt kærður fyrir meinta ölvun við akstur af lögreglunni í Keflavík. Sá var stöðvaður á Hafnargötu. Þrjú ökumenn voru kærðir fyrir að nota ekki bílbelti, einn fyrir að tala í farsíma við akstur bifreiðar án handfrjáls búnaðar.


Ók á 132 km hraða Fjórir ökumenn voru kærðir af lögreglunni í Keflavík fyrir of hraðan akstur í gær. Sá sem hraðast ók var mældur á 132 kílómetra hraða þar sem leyfður hraði er 90 kílómetrar. Einn ökumaður var stöðvaður á Grindavíkurvegi og í ljós kom að hann var ekki með ökuleyfi.

LAGERSALA

50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLU!H&M
ROWELLSOPIÐ 11-19
FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	11°C hálfskýjað	London	16°C hálfskýjað	Torreveja	22°C heiðskirt
Billund	10°C skúrir	Paris	15°C alskýjað	Róm	18°C skúrir
Oslo	8°C hálfskýjað	Frankfurt	16°C hálfskýjað	New York	14°C heiðskirt
Stokkhólmur	13°C skúrir	Madrid	20°C heiðskirt	San Francisco	17°C hálfskýjað
Helsinki	12°C heiðskirt	Barcelona	20°C hálfskýjað	Orlando/Florida	28°C heiðskirt

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Eypór Rúnarsson
Yfirmatreiðslumaður á Sigga Hall Óðinsvéum
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

GLJÁÐUR KJÚKLINGUR

að hætti Eypórs

1 stk. stór kjúklingur
4 msk. hunang
3 msk. smjör
5 msk. limesafi
3 msk. svört sesamfræ
2 msk. kóríanderfræ, möluð
salt og hvítur pipar

Hitið hunang í potti og hrærið saman við stofu-heitt smjör. Blandið saman við limesafa, sesamfræ og kóríanderfræ. Penslið gljáanum á kjúklinginn og kryddið með salti og hvítum pipar. Setjið kjúklinginn á ofngrind með bakka undir og eldið við 120°C þar til kjarnhiti nær 70°C, eða í um 2 klst. Penslið gljáanum reglulega á kjúklinginn á meðan á steikingu stendur. Berið fram með fersku salati. Uppskriftin miðast við fjóra.



40%
afsláttur við
kassa



Ferskur
kjúklingur

TILBOÐ

417 kr/kg

Merkt verð 695,-

HAGKAUP

deli

matarmeiri samlokur



TILBOÐ
349 kr/plk
Verð áður 549,-

Carte D'or ís
- sælkeri ís fyrir vandláta



TILBOÐ
399 kr/plk
Verð áður 589,-

Freschetta Brickoven pizzur
- eldbakaðar pizzur



Nýtt
í Hagkaupum

Lavazza in blu
- spennandi ítalskir dagar
í Hagkaupum



TILBOÐ
3 fyrir **2**

Coca Cola & Coca Cola light
- kaupir 3 en borgar fyrir 2
2 lítra flöskur

Gildir til 30. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Lestu dagblöð á netinu?

Svör við spurningunni í gær.

Já	87%
Nei	13%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Viltu að Sundabraut verði lögð í jarðgöngum?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Samkeppnislög gilda fullum fetum um Ríkisútvarpið eins og önnur fyrirtæki:

Gæti reynt á samkeppnislög

RÍKISÚTVARPIÐ Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að samkeppnislög gildi fullum fetum um Ríkisútvarpið og þeim verði beitt ef á reyni.

Páll Gunnar kom fyrir menntamálanefnd Alþingis í vikunni og undirstrikaði þetta efnislega við nefndarmenn í tengslum við frumvarp um að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag. „Samkeppniseftirlitið hefur sjálfstæðar heimildir í lögum sem gætu gengið lengra en frumvarpið um Ríkisútvarpið gerir ráð fyrir, til dæmis um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisstarfsemi.“

Aðspurður um menningarverðmæti, svo sem sjónvarps- eða útvarpsfni í fórum RÚV, segir Páll Gunnar að greiða yrði úr hverju máli sem keppinautar RÚV á markaði kynnu að höfða.

Páll Gunnar tekur fram að rekstrarform Ríkisútvarpsins ráði ekki úrslitum um gildi samkeppnislaga. „Í sjálfu sér gætum við beitt heimildunum nú þar sem samkeppnislög gilda einnig um opinber fyrirtæki nema sérlög hamli því eða gangi þeim framár. Það hefur ekki reynt á þetta en það gæti gert það í framtíðinni. Vel er hugsanlegt að keppinautar Ríkisútvarpsins vilji láta reyna á

það hvort samkeppnislög eigi við í einhverjum tilvikum.“

Þrjár greinar samkeppnislaga, sú ellefta, fjórtánda og sextánda, koma sérstaklega til álita varðandi fyrirtæki í opinberri eigu en tvær þeirra síðarnefndu fjalla beinlínis um hamlandi starfsemi opinberra fyrirtækja á samkeppnismarkaði.

PÁLL GUNNAR PÁLSSON FORSTJÓRI SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

„Vel er hugsanlegt að keppinautar Ríkisútvarpsins vilji láta reyna á það hvort samkeppnislög eigi við í einhverjum tilvikum.“



Ódýrar vorferðir fyrir eldri borgara

Krít 30. apríl

39.990 kr. 22 nætur.

Netverð á mann miðað við að 2 fullorðnir ferðist saman. Brottför 30. apríl.

Innifalið: Flug, gisting í stúdíói á Skala, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Benidorm 29. apríl

40.770 kr. 18 nætur.

Netverð á mann miðað við að 2 fullorðnir ferðist saman. Brottför 29. apríl.

Innifalið: Flug, gisting á Hally, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Portúgal-Albufeira

38.650 kr. 18 nætur.

Netverð á mann miðað við að 2 fullorðnir ferðist saman. Brottför 5. maí.

Innifalið: Flug, gisting á Elimar, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.



plús
FERÐIR

www.plusferdir.is

Plúsferðir · Lág múla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100



EKKI FORGANGSMÁL Seðlabankastjóri segir að umræður muni fara fram innan bankans um skoðanir aðalhafgræðingsins en þær séu ekki hafnar.

Þetta ruglar menn ekkert í ríminu

Yfirlýsing aðalhafgræðings Seðlabankans um að ávinningur af krónunni sé minni en enginn vekur athygli. Seðlabankastjóri segir að yfirlýsingin vekji athygli. Hafgræðingurinn verði spurður út úr og málið rætt innan bankans.

EFNAHAGSMÁL Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri segir að yfirlýsing Arnórs Sighvatssonar, aðalhafgræðings Seðlabankans, í Fréttablaðinu í gær um að ekki sé ólíklegt að ávinningur af krónunni sé minni en enginn, vekji athygli þar sem Seðlabankinn hafi ekki mótað sér neina skoðun á þessu máli. Eiríkur segir að umræður muni fara fram innan bankans en þær séu ekki hafnar. Málið sé ekki efst á dagskrá.

„Við eigum ugglaust eftir að kynnast sjónarmiðum Arnórs betur en hann er svo sem ekki að slá neinu föstu. Við munum örugglega spyrja hann að því hvernig hann kemst að þessari niðurstöðu en það þarf ekki að vera neitt furðulegt við það,“ segir Eiríkur.

Hann kveðst alls ekki tilbúinn til að svara því hvort ástæða sé til að bregðast við greinaskrifunum með öðrum hætti en með umræðum innan bankans. „Ég er heldur ekki tilbúinn að taka undir það að tvær mismunandi skoðanir séu í gangi. Þetta er hans skoðun sem við höfum ekki kynnst og



EIRÍKUR GUÐNASON



ARNÓR SIGHVATSSON

eigum eftir að kynnst.“

Hafgræðingar hafa lýst því yfir að Seðlabankinn þurfi að fara varlega í yfirlýsingar þar sem grannst sé fylgst með íslensku hagkerfi og þeim skilaboðum sem Seðlabankinn sendi frá sér en Eiríkur telur að greinaskrif aðalhafgræðingsins hafi engin áhrif út á við.

„Við erum með íslenska krónu og verðum það enn um sinn. Það er alveg klárt. Okkar peningastefna hlýtur að miðast við það. Hugleið-

ingar fræðimannsins eru ágætast og sjálfsgætt að ræða þær og brjóta til mergjar en þetta á ekki að rugla menn neitt í ríminu.“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, kveðst opin fyrir báðum sjónarmiðum um krónu eða evru „en það getur enginn sannað hvort við næðum betri árangri með evru eða sjálfstæðri mynt“.

Vilhjálmur fagnar því að aðalhafgræðingurinn taki þátt í umræðunni með þeim hætti sem hann gerir og telur Seðlabankann og aðalhafgræðinginn ganga í takt.

Gylfi Arnbjörns-son, framkvæmdastjóri ASÍ, segir ríkisstjórnina ekki hafa staðið við sinn hluta ábyrgðarinnar á hagsveiflum. „Það skiptir engu máli hvort þetta gerist við aðstæður evru eða krónu. Ef við hefðum haft evru hefðu afleiðingarnar af sinnuleysi ríkisstjórnarinnar verið ennþá verri en við búum við í dag.“

ghs@frettabladid.is

Krónan of viðkvæm:

Evra og ESB betri

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, tekur undir með Arnóri Sighvatssyni. „Við erum með örmáa mynt á floti í stórsjó fjármagnshreyfinga. Hún mun alltaf verða fyrir miklum áhrifum af þeim sveiflum sem eru á markaðnum.“

Ingibjörg túlkar skrif Arnórs sem svo að tilraunin til að halda uppi sjálfstæðri mynt á svona litlu hagsvæði í alþjóðlegu viðskiptumhverfi hafi mistekist. Ingibjörg telur að til lengri tíma lítið sé hagsmunum íslensks efnahagslífs best borgið með aðild að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar.



- sdg

Vill halda krónunni:

Kostir fleiri en gallar

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, telur kostina við það að hafa sjálfstæða mynt og sjálfstæða hagstjórn í landinu vega upp á móti göllum.

Steingrímur segir að krónan eða lítill gjaldmiðill sé engin afsökun fyrir mistökum. „Það er ógrandi verkefni að takast á við hagstjórn í landi þar sem lítill sjálfstæð mynt er sem ræðst á markaði og gerir miklar kröfur til vandaðrar hagstjórnar,“ segir Steingrímur.



- sdg

KB SPARIFÉ FYRIR NÝJAN DAG OG NÝ TÆKIFÆRI

KB Sparifé er fyrir þá sem vilja sýna fyrirhyggju í fjármálum með því að leggja fyrir með reglubundnum hætti og njóta öruggrar ávöxtunar og verðtryggingar.


- Jöfn og góð ávöxtun.
- Inneignin er óbundin og alltaf laus til útborgunar.
- Þú getur breytt upphæðinni þegar þér hentar.
- Þú ákveður hversu mikið þú vilt spara í einu (lágmark 5.000 kr.).
- Að mestu verðtryggður sparnaður.

Það er auðvelt að byrja að spara. Komdu í næsta útibú KB banka, hringdu í ráðgjafa í síma 444 7000 eða farðu á kbbanki.is.

 KB BANKI

FRUMGREINASVIÐ

- undirbúningur fyrir háskólanám



Frumgreinasvið veitir framúrskarandi undirbúning fyrir nám í: Tæknifræði, Tölvunarfræði og Verkfræði.

Kynningarfundur verður haldinn að Höfðabakka 9, laugardaginn 29. apríl kl. 14:00. Engin skólagjöld eru í dagskóla á frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík.

Allar nánari upplýsingar á www.ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**LÉTTUR Á BÁRUNNI
Á SKEMMTIBÁT FRÁ OKKUR**

www.velasalan.is

Bátasýning 29.04–01.05

Dreymir þig um sportbát, hraðbát, skemmtisnekkju, vatnabát, sjóbát eða gúmmibát? Komdu og vertu fyrir þér glæsilegustu skemmtibáta landsins í öllum stærðum og gerðum á bátasýningu okkar að Ánanaustum 1. **Opið laugardag, sunnudag og mánudag frá kl. 10–17.**



R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 580 5300

VÉLASALAN

Réttarhöld hefjast yfir móður sem sökuð er um manndráp:

Sögð hafa banað níu börnum

DÝSKALAND, AP Réttarhöld yfir þýskri konu sem grunuð er um að hafa banað níu ungbörnum sínum hófust í Frankfurt an der Oder í Þýskalandi í gær.

Lögreglan handtók Sabine Hilschinz í júlí síðastliðnum eftir að líkamsleifar níu kornabarna fundust í blómapottum og fiskabúri í garði foreldra hennar, sem búsett eru í þorpi nærri landamærum Póllands.

Hilschinz, sem er fertug, gæti hlotið fimmtán ára fangelsi verði hún fundin sek. Hún sat þögn í réttarsal í gær, en lesið var upp úr vitnisburði sem hún gaf skömmu eftir að hún var fang-



SABINE HILSCHINZ Sakborningurinn sat þögn í réttarsal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

elsuð. Þá sagðist hún einungis muna vel eftir tveimur fæðingunum, því hún hefði verið drukkin þegar hún fann hríðarnar byrja í öll hin skiptin.

„Við áttum þegar þrjú börn og maðurinn minn vildi ekki eignast fleiri,“ sagði hún þá.

Saksóknarar segja DNA-próf hafa sannað að börnin hafi verið afkvæmi Hilschinz og fyrrverandi manns hennar. Talið er að börnin hafi fæðst á árunum 1988 til 1998, en þau létust öll skömmu eftir fæðingu. Segja saksóknarar Hilschinz hafa vafið þau í plastpoka og grafið þau í blómapottum, sem hún upphaflega geymði á svölum íbúðar sinnar.

Óljóst er hvernig á því stendur að eiginmaður, fjölskylda og vinir Hilschinz tóku ekki eftir þungunum hennar.

- smk

Stefna sjálfstæðismanna:

Lofa lóðum fyrir alla

BORGARMÁL Stórauka á framboð á lóðum í höfuðborginni og tryggja að þar geti allir búið sem það vilja, samkvæmt stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík í skipulags- og samgöngumálum sem kynnt var í gær.

Helsta baráttumál flokksins verður að auka almenn lífsgæði borgarbúa og auðvelda ungu fólki sérstaklega að eignast þak yfir höfuðið með því að stórauka lóða-



VILHJÁLmur Þ. VILHJÁLmsson

framboð á næstu tveimur árum. Skulu lóðir seldar á föstu verði og á þannig að koma í veg fyrir að fjárfsterkir aðilar braski með lóðir eins og verið hefur að sögn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, oddvita flokksins.

Frekari uppbygging í borginni færi fram á þremur stöðum, í Geldinganesi, Vatnsmýri og Örfirisey, og er í þeim tillögum gert ráð fyrir að Reykjavíkurlflugvöllur verði fluttur og honum fundinn staður annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Í staðinn rísi íbúðir fyrir allt að sex þúsund íbúa.

- aðe



STUÐNINGUR Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti nýtur mikils stuðnings heima fyrir í kjarnorkumálum. Frestur Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna rennur út í dag og eiga Íranar þá að vera hættir auðgun úrans. NORDICPHOTOS/AFP

Halda fast í kjarnorku

Frestur Írana til að stöðvar auðgun úrans rennur út í dag. Bandaríkin og Evrópuríki hóta aðgerðum.

ÍRAN, AP Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti sór í gær að enginn myndi neyða írönsku þjóðina til að gefa upp kjarnorkutækni sína. Jafnframt sagði hann að Bandaríkjamenn og evrópskir bandamenn þeirra myndu harma ákvörðun um að „fótum troða rétt írönsku þjóðarinnar“.

Ráðamenn Bandaríkjanna, Frakklands og Bretlands hafa sagt að verði Íranar ekki við kröfu Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að hætta auðgun úrans í seinasta lagi í dag muni löndin þrjú leitast eftir að kröfunni verði fullnægt með tiltækum ráðum.

Íranar hafa neitað að verða við kröfunni.

„Íranska þjóðin hefur öðlast þekkingu á tækni til framleiðslu kjarnorku. Hún fékk enga aðstoð frá neinum, og enginn getur tekið þekkinguna frá okkur,“ sagði Ahmadinejad þúsundum manna í ræðu sem sjónvarpað var á ríkisrekinni sjónvarpsstöð í gær.

Fyrr í þessum mánuði tilkynnti Ahmadinejad að Írönur hefði tekið að auðga úran í fyrsta sinn, en auðgað úran má nota til framleiðslu raforku eða í sprengiödda kjarnorkuvopna. Íranar hafa staðfastlega haldið því fram að kjarnorkuframleiðsla þeirra sé eingöngu í friðsamlegum tilgangi en ráðamenn Bandaríkjanna og ýmissa landa Evrópusambandsins leggja ekki trúnað á orð þeirra.

Í dag mun Mohamed ElBaradei, yfirmaður Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, ræða við Öryggisráðið um viðbrögð Írana við kröfu ráðsins.

Yfir óformlegum kvöldverði við upphaf fundar Atlantshafsbandalagsins í Sófíu í gær ræddu leiðtogar um Íran og kjarnorkuframleiðslu þess, en framkvæmdastjóri NATO, Jaap de Hoop Scheffer, sagði málið annars ekki vera á dagskrá fundarins.



MAHMOUD AHMADINEJAD Íransforseti hélt ræðu í gær um rétt írönsku þjóðarinnar til að auðga úran og framleiða kjarnorku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsmenn Kína og Rússlands, sem hafa neitunarvald innan Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, eru tregir til að beita of hörðum aðgerðum og í gær hvöttu ráðamenn þeirra alla aðila til að sýna aðgát.

„Íran verður að hafa tækifæri til þess að þróa nýja tækni og kjarnorku í friðsamlegum tilgangi,“ sagði Vladimir Pútín Rússlandsforseti á blaðamannafundi í gær. Þýski kanslarinn Angela Merkel tók undir með Pútín og bætti við að Íranar yrðu að framfylgja þeim kvöðum og skyldum sem þeir hefðu skrifað undir.

Bandaríkin halda hins vegar fast við þá afstöðu að til aðgerða verði að koma.

„Til að vera trúverðugt verður Öryggisráðið auðvitað að láta til skarar skriða,“ sagði utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Condoleezza Rice, blaðamönnum á fundi Atlantshafsbandalagsins í gærkvöldi.

smk@frettabladid.is



HR HELENA
RUBINSTEIN

SURREALIST

MASKARI SEM GERIR AUGNHÁRIN

LÖNG OG ÖGRANDI

Einstaklega löng augnhár, fallega mótuð og fullkomlega aðskilin, opna augun þín fyrir nýjum viddum.

Einstök formúlan og frábær burstinn tryggja augnhárunum meiri lengd en þú hefur áður séð.



HR HELENA
RUBINSTEIN

28. APRÍL – 4. MAÍ

DAGAR Í DEBENHAMS

Kýstu lengri augnhár, fylltari varir, fallettri húð?

Sérfræðingur frá Helena Rubinstein ráðleggur þér um val á snyrtivörum út frá þínum þörfum og óskum.

- Glæsilegar tilboðsöskjur í kremum og möskurum
- Nýir fallegir „stjörnu” varalitir og gloss
- Veglegir kaupaukar fylgja með þegar keyptar eru 2 vörur frá Helena Rubinstein

LÍTTU VIÐ OG NJÓTTU FAGLEGRAR RÁÐGJAFAR



Opið til 21 alla fimmtudaga

DEBENHAMS

SMÁRALIND



Verslunartækni

RÁÐGJAF · REYNSLA · HEKKING · ÞJÓNUSTA

Mikið úrval af kæli- og frystiklefum á góðu verði



Eigum til á lager nokkrar stærðir til afgreiðslu strax með vél og hillukerfi

DE RIGO
SAMSVARING · DETROIT

www.verslun.is

Dragháls 4 110 Rvk Simi:5351300 verslun@verslun.is

Nítján ára piltur stal bátum í Kópavogshöfn:

Var á flóttu undan lögreglu

LÖGREGLA Rétt tæplega nítján ára piltur stal bátum Gísla KÓ-10 úr Kópavogshöfn aðfaranótt mánudags og sigldi í strand í Skerjafirði. Hann var á flóttu undan lögreglu ásamt tveimur vinum sínum, sextán og sautján ára gömlum.

Piltarnir þrír höfðu stolið reiðhjólum og farið að einbýlishúsi í Kópavogi þar sem þeir hentu grjóti í húsið og brutu rúðu í gömlum klukkann þrjú um nóttina. Húseigandinn var í herberginu sem steinin var hent í og segir mildi að steinninn, 1,6 kíló að þyngd, hafi lent í gluggakarminum en ekki farið inn um gluggann. Hann hefur



SKEMMDARVERK LEIDDU TIL BÁTSTULDAR Nítján ára piltur stal bátum Gísla KÓ-10 eftir að hafa hent 1,6 kílóa steini í gluggakarm húss í nágrenninu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

kært skemmdarverkin til lögreglu.

Eigandinn hringdi í lögregluna, sem elti piltana þrjá uppi. Lögreglumennirnir náðu hins vegar aðeins tveimur þeirra en sá þriðji faldi sig, fór um borð í bátinn, skar síðan á landfestar og sigldi burt. Stýrisbúnaður í bátum skemmdist

við strandið í Skerjafirði og braut pilturinn einnig rúðu til að komast inn í stýrishúsið. Húseigandinn hafði komið upp eftirlitsmyndavélum og þannig komst lögreglan á sporid um hver þriðji pilturinn væri. Hann verður ákærður fyrir eignaspjöll og nytjastuld. - gæ

Létt spjall á laugardegi

B-listinn í Reykjavík býður þér í létt spjall alla laugardaga frá kl. 10:00-12:00 fram að kosningum á kosningaskrifstofunni Suðurlandsbraut 24. Líttu við og hittu frambjóðendur.

Allir velkomnir



Kosningaskrifstofa B-listans í Reykjavík
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
Sími: 599 3900 · Netfang: reykjavik@xb.is



exbé

FLUTNINGUR VARNARLIÐS



FRÁ KEFLAVÍKURFLUGVELLI Þjónusta við Varnarliðið verður skert í stórum skrefum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Samdrátturinn hefst í maí

Samdráttur á þjónustu við Varnarliðið á Miðnesheiði hefst í byrjun maí. Ekki er gert ráð fyrir hópflutningum á liðsmönnum Varnarliðsins.

VARNARMÁL Þjónusta við Bandaríska varnarliðið byrjar að skerðast hinn 1. maí samkvæmt áætlun um samdrátt í þjónustu og lokun þjónustustofnana Varnarliðsins á Miðnesheiði. Þá verður gleraunnaverslun á svæði Varnarliðsins lokað.

Samsvarandi áætlun fyrir breytingar á eiginlegri starfsemi Varnarliðsins liggur ekki fyrir.

Miðað við núverandi áætlanir er ekki gert ráð fyrir því að liðsmenn Varnarliðsins fari í stórum

hópum af landi brott þar sem flutningur þeirra ræðst af því hvenær og hvar þeir taka til starfa á nýjum vettvangi.

Fríðþór Eydal, upplýsingafulltrúi Varnarliðsins, segir undirbúning að brottflutningi þess hafa staðið yfir í nokkurn tíma en óljóst er enn hvort áætlunin muni standast. „Í nokkrar vikur hefur verið unnið að þessari áætlun sem nú liggur fyrir en hún gæti þó tekið breytingum.“ - mh

Maður um fertugt í varðhald vegna fíkniefnamálsins:

Fimm í varðhaldi

DÓMSMÁL Liðlega fertugur karlmaður, búsettur í Reykjavík, var úrskurðaður í gæsluvarðhald í gær en hann er grunaður um aðild að innflutningi á tólf kílóum af amfetamíni og tíu kílóum af hassi.

Lögreglan handtók fjóra menn, Ársæl Snorrason, Ólaf Ágúst Ægisson, Hörð Eyjólf Hilmarsson og Hollendinginn Johan Handrick, að kvöldi skírdags er þrír þeirra, Ársæl, Ólafur Ágúst og Handrick, voru að losa fíkniefnin úr bifreið sem þeir höfðu flutt til landsins frá Hollandi.

Starfsmáður Tollgæslunnar fann fíkniefnin falin í bensintanki bifreiðarinnar í byrjun apríl, við hefðbundið eftirlit. Lögreglan hóf strax rannsókn málsins eftir að fíkniefnin fundust og lét hún til skarar skrifa, ásamt sérsveit Ríkislögreglustjóra, í iðnaðarhúsnæði á



FIMM Í HALDI Lögreglan verst fréttu af fíkniefnamálinu en útlit er fyrir að það sé eitt hið umfangsmesta sem upp hefur komið hér á landi.

Krókhálsi. Þar höfðu mennirnir komið bílnum inn eftir að hafa fengið hann afgreiddan úr tollinum.

Lögreglan í Reykjavík verst fréttu af málinu en að sögn Harðar Jóhannessonar aðstoðaryfirlög-regluþjóns miðar rannsókn málsins vel áfram. - mh



– allt til framkvæmda

Kraftur, gæði og öryggi

Þegar fjárfesta á í tækjum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim allhliða fagþjónustu.

MEST býður upp á Metabo rafmagnsverkfæri fyrir fagaðila og framkvæmdafólk. Hafðu samband við söluráðgjafa okkar fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.



– allt til bygginga



MEGANE
VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

Ekki bara flottur að aftan Frumskýning á morgun!

Stundin er runnin upp!

Við frumsýnum nýja Megane II línu laugardaginn 29. apríl.

Komdu og upplifðu nýtt útlit, nýjar vélar og enn betri aksturseiginleika.


Opið frá klukkan 12 til 16. Silvía kemur kl. 14.



*Bílasamningur 50%, tilhefing og mánaðartegar greiðslur í 84 mánaði og eru h... og gengi erlendra mynta.

Silvía Nótt: Ljóðatúlkun kl. 14:00

Silvía Nótt túlkar eigin ljóð í tilefni af útgáfu ljóðabókar sinnar "Teardrops of Wisdom". Stjarnan kemur ásamt fylgdarliði til B&L kl. 14:00 og mun að ljóðatúlkuninni lokinni árita 20 ljóðabækur. Ein þeirra gæti fallið þér í skaut. Það eina sem þú þarft að gera, er að koma í sýningarsalinn okkar einhvern tíma frá kl. 12 til 14 og fylla út þátttökuseðil. Allir fá Silvíu plaggöt og gos frá Pepsi. Athugið að ljóðabókin er fánleg í verslunum Hagkaupa.



Renault Megane II
Verð frá kr. 1.860.000
Bílasamningur kr. 19.826*



Renault Megane II Sport Tourer
Verð frá kr. 2.110.000
Bílasamningur kr. 22.491*



Renault Megane II Saloon
Verð frá kr. 2.060.000
Bílasamningur kr. 21.957



Renault Megane II Scenic
Verð frá kr. 2.310.000
Bílasamningur kr. 24.622*



Renault Modus Comfort
Verð frá kr. 1.730.000
Bílasamningur kr. 18.440



Renault LAGUNA II Berline
Verð frá kr. 2.760.000
Bílasamningur kr. 29.418




RENAULT
www.renault.is

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is





Í SKUGGA ELDFJALLS Maður ber hey við rætur eldfjallsins Merapi í Yugyakarta í Indónesíu í gær. Eldfjallafræðingar hafa varað við því að eldgos kunni að hefjast í því á næstu vikum og því þrýsta yfirvöld á íbúa á svæðinu að koma sér í öruggara skjól.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarískir ráðamenn á ferð og flugi:

Rumsfeld og Rice heimsóttu Írak

BAGDAD, AP Tveir ráðherrar í ríkisstjórn Bandaríkjanna komu til Íraks á miðvikudag til þess að spjalla þar við pólitíska leiðtoga landsins og yfirmenn bandaríska setuliðsins.

Bæði Donald H. Rumsfeld varnarmálaráðherra og Condoleezza Rice utanríkisráðherra vildu með heimsókn sinni sýna stuðning sinn við hina nýju ráðamenn Íraks.

Þau Rice og Rumsfeld hittu meðal annars að máli Jawad al-Maliki, nýskipaðan forsætisráð-

herra Íraks. Hann sagði þeim að fyrsta verk sitt í embætti yrði að taka á gagnkvæmu vantrausti á milli hinna þriggja þjóðernishópa, sem búa í Írak, nefnilega súnní-araba, sjía-múslima og kúrda. Tækist honum það væri mikilvægum áfanga náð í að tryggja öryggi landsmanna og draga úr hryðjuverkum, ofbeldi og spillingu.

Varðandi spillingu tók hann undir með þeim Rice og Rumsfeld að nauðsynlegt væri að velja öflug, hæfa og óhlutdræga leiðtoga í



Í MÖTUNEYTI Rumsfeld varnarmálaráðherra snæddi í mötuneyti bandarískra hermanna í Bagdad.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

lykilstöður. Það myndi hjálpa Írökum að öðlast trú á nýju stjórninni.

Al-Maliki sagðist þó sem allra fyrst vilja taka á vandamáli sem lengi hefur farið í taugarnar á almenningi í landinu, en það er landlægur rafmagnsskortur. - gb

Ölgerðin Egill Skallagrímsson: Sykurdrykkir á undanhandli

NEYTENDUR „Stefna fyrirtækisins er að framleiða bragðgóða drykki fyrir nútímafólk og í framtíðinni munum við leggja meiri áherslu á sykurlitla eða sykurlausu drykki,“ segir Hörður Harðarson hjá markaðssviði Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar.

Mikil breyting hefur orðið á neysluvenjum Íslendinga undanfarin ár og þá sérstaklega síðustu þrjú ár í þá átt að sykurlausir eða sykurlitlir drykkir eru að ná undirtökum á markaðnum. Mun þróun, framleiðsla og markaðssetning Ölgerðarinnar beinast að þeim vaxandi hópi sem vill sykurlausu eða sykurskerta drykki. - aoe

GRINDAVÍKURKAUPSTAÐUR

Íbúafjöldi 1. desember 2005: 2.624

Úrslit kosninganna 2002:

Á kjörskrá voru 1.543 og kjörsókn var 85,5%

Listi Framsóknarfélags Grindavíkur (B) 388 atkvæði - 2 fulltrúar

Listi Sjálfstæðisfélags Grindavíkur (D) 431 atkvæði - 2 fulltrúar

Listi Samfylkingarfélags Grindavíkurlistans (S) 481 atkvæði - 3 fulltrúar

Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn: 7

Samfylkingarfélag Grindavíkurlistans (S) og Sjálfstæðisfélag Grindavíkur (D) mynda núverandi meirihluta í bæjarstjórn.

Bæjarfulltrúar B-lista:

Hallgrímur Bogason
Dagbjartur Willardsson

Bæjarfulltrúar D-lista:

Ómar Jónsson (hætti á kjörtímabilinu)
Sigmar Eðvarðsson
Margrét Gunnarsdóttir

Bæjarfulltrúar S-lista:

Hörður Guðbrandsson
Garðar Páll Vignisson
Ingibjörg Reynisdóttir

Nýtt fólk á listum og nýtt framboð í Grindavík:

Fjólksfjölgun og uppgangur

KOSNINGAR Grindavík er vel stætt bæjarfélag og sagt er að þar búi hlutfallega fleiri milljónamæringar en annars staðar á Íslandi. Uppgangur er í bænnum á flestum sviðum, til að mynda hefur íbúum fjölgað um fimm prósent á síðustu árum og skuldir bæjarfélagsins hafa minnkað.

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR Grindavíkurkaupstaður 2006

KOSNINGAR 2006

Efstu menn B-lista:

- Hallgrímur Bogason bæjarfulltrúi
- Petrína Baldursdóttir leikskólustjóri
- Gunnar Már Gunnarsson skrifstofumaður
- Dagbjartur Willardsson bæjarfulltrúi

Efstu menn D-lista:

- Sigmar Eðvarðsson formaður bæjarráðs
- Guðmundur Pálsson tannlæknir
- Guðbjörg Eyjólfssdóttir skrifstofukona
- Pétur R. Guðmundsson rekstrarstjóri

Efstu menn F-lista:

- Björn Haraldsson verslunarmaður
- Guðmundur Guðmundsson skipstjóri
- Kristín Ágústa Þórardóttir húsmóðir
- Þórir Sigfússon sölumaður

Efstu menn S-lista:

- Jóna Kristín Þorvaldsdóttir sóknarprestur
- Garðar Páll Vignisson bæjarfulltrúi/kennari
- Hörður Guðbrandsson bæjarfulltr. og verkstj.
- Dóróthea Jónsdóttir skrifstofumaður

Núverandi meirihluti bæjarstjórnar er skipaður fulltrúum Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks og er ekki annað að heyrna en að samstarfið hafi gengið vel. Að þessu sinni bætist nýtt framboð við, F-listinn, listi Frjálslyndra og óháðra en ekki er ljóst á þessari stundu hversu stórt strik



GRINDAVÍK Búist er við spennandi kosningum í Grindavík, ekki síst vegna þess að í fyrsta sinn í fjölmörgum árum hafa bæjarbúar um fjóra lista að velja.

hann setur í reikning hinna flokkanna. Efsti maður listans er Björn Haraldsson sem á árum áður starfaði með Sjálfstæðisflokknum.

Oddvitaskipti eru hjá tveimur flokkanna, Sigmar Eðvarðsson tók reyndar við forystu D-listans á

miðju kjörtímabili er þáverandi oddviti flutti úr bænnum en séra Jóna Kristín Þorvaldsdóttir sóknarprestur er ný í forystusveit Samfylkingarinnar.

Hallgrímur Bogason leiðir hins vegar lista framsóknarmanna fjórðu kosningarnar í röð. - ssa

Sigmar Eðvarðsson D-lista:

Uppbygging og ábyrg stjórn

Sigmar Eðvarðsson, formaður bæjarráðs, er efstur á lista sjálfstæðismanna. Hann var í öðru sæti listans við síðustu kosningar en tók við forystu flokksins á miðju kjörtímabili er þáverandi oddviti flutti úr bænnum. Sigmar segir sjálfstæðismenn leggja áherslu á að halda áfram þeirri uppbyggingu sem átt hafi sér stað í bænnum. „Við viljum að Grindavík verði áfram fjölskylduvænn bær og stefnum að því að fjölga enn í bænnum en hér hefur íbúafjölgun verið fimm prósent á undanföllum árum.“

Sigmar nefnir atvinnu- og æskulýðsmál en leggur einnig áherslu á ábyrga fjármálastjórn. „Núverandi meirihluti hefur haldið vel um taumana og skuldir á íbúa hafa lækkað á kjörtímabilinu.“



Björn Haraldsson F-lista:

Gott samfélag og vel stætt

Frjálslyndir og óháðir bjóða nú fram í fyrsta sinn í Grindavík. Björn Haraldsson verslunarmaður leiðir listann.

Hann segist lengi hafa haft áhuga á stjórnarmálum og fyrir margt löngu verið varabæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Nú er það F-listinn, sem hann segir í raun ekki frábrugðinn öðrum framboðslistum hvað varðar áherslu á velferð og uppbyggingu bæjarfélagsins. „Þetta er gott samfélag og vel stætt og það steytir ekki á neinum stórmálum þó sitt af hverju megi gera betur,“ segir Björn. Hann vill geta boðið upp á gjaldfrjálsan leikskóla, en af öðrum málum nefnir hann forvarnar- og atvinnumál. „Hér býr harðuglegt fólk,“ segir Björn Haraldsson og kveðst bjartsýnn á árangur F-listans.



Jóna K. Þorvaldsdóttir S-lista:

Full ástæða til bjartsýni

Séra Jóna Kristín Þorvaldsdóttir sóknarprestur skipar efsta sæti á lista Samfylkingar. „Ég hef áður verið beðin um að gefa kost á mér en haldið mig til hlés. Nú ákvað ég að verða við áskorunum og taka slaginn,“ segir hún.

Kosningabaráttan leggst vel í Jónu Kristínu, hún segir Samfylkingarfólk staðráðið í að halda áfram að móta framtíð bæjarfélagsins. Samstarfið við D-lista hafi gengið vel á kjörtímabilinu, sem einkennst hafi af stöðugleika og uppbyggingu. „Þetta er kraftmikið samfélag, sem við viljum efla enn frekar.“

Sem helstu stefnumál S-listans nefnir hún skólamála, forvarna- og lög-gæslumál, heilsugæslu- og öldrunarmál, atvinnumál og að þjónustugjöld í bænnum standi í stað eða lækki.



Hallgrímur Bogason B-lista:

Nýr grunnskóli brýnt verkefni

Hallgrímur Bogason, oddviti framsóknarmanna í Grindavík, býður sig nú fram til forystu fjórða kjörtímabilið í röð. B-listinn hefur verið í minnihluta á kjörtímabilinu en Hallgrímur segir þó ekki mikil átök í bæjarstjórninni. „Það er ekki stórágreiningur um málaflökka, þetta snýst frekar um aðferðafræði og forgangsröð,“ segir hann.

Meðal þess sem Hallgrímur vill setja í forgang er bygging nýs grunnskóla. „Það er orðið aðkallandi að fá annan skóla og svo leggjum við framsóknarmenn mikla áherslu á að byggð verði ný félagsaðstaða fyrir aldraða.“

Hallgrímur segir framsóknarmenn tilbúna að starfa með hverjum sem er og hann fagnar nýju framboði. „Þetta gerir kosningarnar bara spennandi.“



NISSAN X-TRAIL

FULLBÚINN Á FRÁBÆRU VERÐI!

Ríkulegur staðalbúnaður

17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislasplari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sölluga.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:

„Bestur“ – Fifth Gear

„Best recreational 4x4“ – Auto Express

„Best compact 4x4“ – What Car?

„Best in class“ – Channel 4

„Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

Nissan X-Trail Sport 2.990.000 kr.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16



Sylvia Night

áritar bókina sína frá
kl. 14.00-14.20 í
B&L, Grjóthálsi &
frá kl. 16.00 - 16.20 í
Hagkaup, Smáralind

*Teardrops of
Wisdom*

★ ★ ★ ★ ★
Útgáfuparty
★ ★ ★ ★ ★
á Oliver

LAUGARDAGINN 29. APRÍL, KL. 20.00

★ ÓTAKMARKAÐAR VEITINGAR Í BOÐI EGILS LITE ★

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ATLAS

JPU
JPV ÚTGÁFA

IVATKANID

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Stórpakkning

STÓRPAKKNING
959 KR.
PAKKNING

Bónustilboðin

ÚRVALS RÆKJA
599 KR.
STÓRAR OG GÓÐAR ÚRVALSRÆKJUR

500 ml
49 KR.

Sumarleikföng

Mikið úrval td. SPIDERMAN OG BARBIE VELJID SJALF!

LEIKFANGAFATA
499 KR.

2-LÍTRAR
98 KR.
PEPSI
MAX
ALUÖRU BRAGÐ
ENGINN SYKUR

Ferskir bitar

KJÚKLINGAVÆNGIR
179 KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 299...

40%
afsláttur
við kassann

KJÚKLINGALEGGIR/-LÆRI
359 KR.
35% afsláttur við kassann
Merkt verð 499...

FERSK KJÚKLINGALÆRI,- LEGGIR OG -VÆNGIR

Barnasólgleraugu

Mikið úrval
BARNASÓLGLERAUGU
499 KR.

KF SALAT
98 KR.
350g

ÍSKRANDI HÁFLEYG BLÖÐRUPYRLA FLÝGUR SÝNIFLUG Á bonus.is

As seen on TV
WHISTLING HELICOPTER
see how HIGH they go!
BLÖÐRUPYRLA
MEÐ ÍSKRI
259 KR.

Gáðu að miða á Stuðmannadansleik Bónuss á sunnudagsmiðnætti í blaðinu í dag!

SÁPUKÚLUR SEM HÆGT ER AÐ GRÍPA!

As seen on TV
CATCH THE BUBBLE YOU CAN CATCH
SÁPUKÚLUR
MÁ GRÍPA!
259 KR.

Fullorðins sólgleraugu

EKKERT BRUÐL
FULLORÐINS SÓLGLERAUGU
799 KR.

3 XL Eldhúsrúllur

3-XL rúllur
298 KR.
3 risa eldhúsrúllur

eru klár!

FERSKAR OG SKINNLAUSAR
HOLTA KJUKLINGABRINGUR

VILLIKRYDDAÐAR SIRLOINSNEIÐAR



VILLI SIRLOINSNEIÐAR
1259
MERKT VERÐ 1799



FERSKAR HOLTABRINGUR

1599 Kg KR.

30%
afsláttur
við Kassarn

-og sólin skín...

FROSNIR LAXABITAR
BEINLAUSIR MEÐ ROÐI



FROSNIR LAXABITAR
899 Kg KR.

LAXAFIÐRILDIN FROSNU



FROSNAR LAXAKÓTELETTUR
599 Kg KR.

Marineraður og beinlaus lax á grillið



LAX Á GRILLIÐ
998 Kg KR.
BEINLAUS OG MARINERAÐUR



199 250g

HRÆÐKOL
199 KR.



HRAÐKOL úr pressuðum kókos-hnetuskeljum. Klárt á mínúttunni. Hentar í allar gerðir grilla, líka kúlugrill. 2 hraðkol í pakkningu. Líftími hvors hraðkols er 40 mín. **LÍKA GOTT Í ÚTIARININN**

Orkan í prófin!



MAGIC DÓS
98 KR.



HARÐFISKUR 230g
989 KR.



BÓNUSSAMLÖKA
99 KR.



75 250 ml

Magic, harðfiskur, samlokur og AB drykkir- GÓÐIR FÉLAGAR Í UPPLÆSTURINN

www.bonus.is



„ORÐRÉTT“

Tvískipting valds

„Oft er talað um að fjölmíðlar séu þriðja valdið í hinum lýðræðislegu samfélagum.“

ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASSON VARAPINGMAÐUR UM FJÖLMÍÐLA Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU.

Upp með gengið

„Maður gæti vel hugsað sér að það yrðu einir til tvennir tónleikar á ári í mesta lagi í framtíðinni.“

GUÐBJARTUR FINNBJÖRNSSON TÓNLEIKAHALDARI UM ÁHRIF EFNNAHAGSMÁLA Á HLIÓMLEIKAHALD. FRÉTTABLAÐIÐ.

nær og fjær
tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? BALDVIN ESRA EINARSSON FORMAÐUR FÉLAGS STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Maður heldur sér uppteknum

„Allt er gott að fréttu,“ segir Baldvin Esra Einarsson, formaður Félags stúdentanna við Háskólann á Akureyri. Baldvin, sem nemur viðskiptafræði við skólann, tók við embætti formanns 31. mars síðastliðinn. „Við erum að breyta félaginu úr partifélagi í hagsmunafélag.“ Félagið hefur tekið upp samstarf við Stúdentaráð Háskóla Íslands og hafa að sögn Baldvins miklar viðræður átt sér stað þar á milli að undanföngu og fleiri fundir í vændum. „Skólarnir eru nánast eins uppbyggðir enda báðir opinberir ríkisháskólar sem eru ekki með skólagjöld og við viljum halda því þannig.“

Helstu verkefni sem liggja fyrir hjá félaginu um þessar mundir segir Baldvin vera að endurskoða reiknilíkan Lánasjóðs íslenskra námsmanna, húsnæðismál og þau almennu hagsmunamál sem koma upp á hverjum degi

á borð við útkomu úr prófum og slíkt. En hagsmunagæsla Baldvins einskorðast ekki við stúdentna Háskólann á Akureyri og situr hann í fimmta sæti á framboðslista Vinstri grænna í sveitarstjórnarkosningunum sem fara fram 27. maí. „Ég datt eiginlega óvart inn í það. Ég er formaður Ungra vinstri grænna á Akureyri og var beðinn um að taka þátt í prófkjörinu, sem endaði með því að ég lenti í fimmta sæti.“ Baldvin mun einbeita sér að því að ná inn atkvæðum ungra Akureyringa og stendur ýmislegt til. Á föstudaginn verður ungliðadagur Vinstri grænna á Akureyri þar sem verður grillað í göngugötunni.

„Sveitastjórnarmál og hagsmunamál eru mikið rædd á göngum skólans enda mikið af ungu fólki sem hefur áhuga á stjórnmálum. Stúdentapólitíkin er mikið rædd í kjölfar

stefnubreytingar félagsins.“ Baldvin segir mikinn hug í nemendum varðandi hagsmunamál sín. Próf eru fram undan hjá Baldvin, sem hefur fengið leyfi frá kosningastjóra til að fá að vera utan þjónustusvæðis meðan á þeim stendur. Baldvin, sem er í stúdentapólitík, sveitarstjórnarmálum, námi og vinnu, segist ekki skilja í þeim sem kvarti yfir því að ekkert sé að gera á Akureyri. „Maður heldur sér uppteknum.“



Í STÆRRA LAGI Trausti Jónsson veiddi þennan væna þorsk við Brimnesið á Kjalarnesi á dögunum. Vóg hann tuttugu kíló og dugði í mat fyrir marga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



MÁVAGER VID TJÖRNINA Sonja Georgsdóttir hefur áhyggjur af öndunum þegar mávarnir eru jafn aðgangsharðir og nú. Hún hvetur borgaryfirvöld til að gæta að því að mávarnir eti ekki andarungana í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bónus býður á ball á Broadway!


Sunnudagskvöldið 30. apríl 18 ára alurstakmark
býður Bónus á ball á Broadway.

Stuðmenn og Birgitta Haukdal leika fyrir dansi.
Húsið opnað 12.00 á miðnætti.

Bónus býður betur!

Aðgangur ókeypis gegn framvísun þessa miða.

MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR
Stuðmannaball!



Mávarnir eru brjálaðir

Endurnar á Reykjavíkurtjörn eiga hauk í horni í Sonju Georgsdóttur, sem gefur þeim brauð á veturna. Hún segist aldrei hafa séð jafn marga máva á sveimi yfir tjörninni og nú.

Sonja Georgsdóttir, sem er stuðningsfulltrúi og nemi við Listaháskóla Íslands, veit ekkert skemtilegra en að gefa öndunum á tjörninni. Síðustu tvo vetur hefur hún fætt endurnar nokkrum sinnum í viku og fylgst vel með lífinu í og við tjörnina. „Ég hef aldrei séð jafn mikið af mávum og nú. Þeir voru alveg brjálaðir og

það er mjög erfitt að eiga við þá þegar þeir láta svona.“ Sonja er jafnan með svo mikið brauð í farteskina að hvorki hún né endurnar þurfa að óttast að þær síðarnefndu fái ekki í gogginn. „Ég fæ alltaf nóg af brauði í Björnsbakarí á Seltjarnarnesi þannig að allir fá sitt,“ segir hún og er þakklát bakaranum, sem aldrei rúkkar krónu fyrir andabrauðið eins og sums staðar tíðkast. „Það þýðir ekkert að koma með tvö brauð á tjörnina þegar endurnar eru hungurmorða. Ég fylli alltaf bílinn.“

Sonja segir einfaldar ástæður liggja að baki því að hún gefi öndunum reglulega. „Ég er dýravinur og það þarf að gefa öndunum eins og öðrum dýrum.“ Um leið skilur

hún ekki að Reykjavíkurborg skuli standa sig jafn illa í umönnun andanna og raun ber vitni. „Fyrst tjörninni er haldið opinni á annað borð ætti borgin að sjá öndunum fyrir brauði.“ Einnig þykir henni sárt að horfa upp á mávana éta andarungana á vorin og hvetur borgaryfirvöld til að gæta að blessuðum ungunum.

„Þetta er það skemmtilegasta sem ég geri og ég krefst ekki þakklætis frá öndunum á móti,“ segir Sonja, sem lætur ekki kuldann yfir vetrarmánuðina stöðva sig. „Ég bit bara á jaxlinn þegar kalt er í veðri og bið nærstadda um að hjálpa mér svo þetta taki styttri tíma.“

bjorn@frettabladid.is

DV

Hefur þú séð DV í dag?

LÖGREGLAN Í EL SALVADOR LEYSIR GÁTUNA



ÞETTA ERU
MORÐINGJAR
JÓNS ÞÓRS
OG BRENDU

– Rændu parinu og myrtu í byrjun febrúar
– Hluti af alræmdri glæpaklíku í San Salvador
– Myrtu lögreglumann og eru ákærðir fyrir rán og nauðganir

Fimm konur sæmdar heiðursorðu

Fimm konur voru nýverið sæmdar heiðursorðu Siglinganefndar Skólafélags Kennaraskóla Íslands við hátíðlega athöfn að Leirubakka í Landi. Orðuna hlutu þær fyrir störf sín í þágu nefndarinnar og þeirra hugsjóna sem starf hennar er grundvallað á. Er þetta í fyrsta sinn sem konur hljóta orðuna.

Siglinganefnd SKÍ leggur höfuðáherslu á siglingar, frið, jafnrétti og bræðralag en kjörorðin eru „Navigare Necesse Est“. eru þau höfð eftir Pompeiusi mikla í Róm hinni fornu en hann gerði sér snemma grein fyrir nauðsyn siglinga til að tryggja undirstöður hins forna heimsveldis.

Helstu forvígismenn Siglinganefndarinnar gegnum tíðina hafa verið Helgi Viborg, Jón Ársæll Þórðarson, Sveinn Guðjónsson,



GLÆBBEITIR ORÐUHAFAFAR Valgerður Brynjólfssdóttir, Björg H. Bjarnason, Bára Snorradóttir, Steinunn Þórarinsdóttir og Hildur Sveinsdóttir.

Viðar Marel Jóhannsson, Anders Hansen, Guðmundur Þórhallsson, Jóhann Kristjánsson, Ólafur Þ.

Harðarson, Rúnar Björgvinsson og Magnús Jón Arnason, sem nú er látinn.

Humarveisla í nettó

sjón er sögu ríkari

ódyrt

399 kr.pk.

Humar

allt í matinn á einum stað

www.netto.is - Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 28. apríl til 30. apríl eða á meðan birgðir endast.

netto

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

Svona erum við

> Algengustu tvínefni kvenna

Anna María	344
Anna Margrét	206
Anna Kristín	201
Linda Björk	165
Anna Sigríður	158
Guðrún Helga	116
Anna Guðrún	104

Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: REGLURNAR Í EUROVISION

Stigagjöfin með breyttu sniði í úrslitunum

Eins og alþjóð veit keppir Silvía Nótt í Eurovision 18. maí. Hún stígur síðust á stökk með lagið Congratulations sem Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson samdi. Reglurnar í keppinni hafa verið í þróun síðustu ár og er þetta í þriðja sinn sem undankeppni er haldin fyrir aðalkeppnina, en í annað sinn sem íslenska framlagið þarf að keppa í undankeppninni, vegna velgengni Birgittu Haukdal í Eistlandi fyrir þremur árum. Hún lenti þá í níunda sæti og Sjónvarpið átti fast sæti fyrir lagið hans Sveins Rúnars, Heaven, sem Jón Jósep flutti í Tyrklandi.

Undankeppnin

23 keppendur eru í undankeppninni í ár. Í upphafi voru þeir 24 en Króatía fékk fast sæti í aðalkeppninni þegar Serbia og Svafjallaland dró þátttöku sína til baka í ár vegna deilna um hvaða lag ætti að fara til keppinnar.

Símakosning verður í öllum löndunum og varadómnefndir ríkissjónvarpsstöðvanna til taks í hverju þeirra klíkki kosningin. Síðan eru þau tíu lög sem komast áfram lesin upp. Ekki er gefið upp hvar í röðinni þau lenda, til að auka á spennuna.

Aðalkeppnin

Fjórtnán lönd eiga fast sæti í aðalkeppninni. Ásamt sigurvegara síðasta árs, Grikklandi, eru það níu stigahæstu löndin frá því í fyrra auk þeirra fjögurra stærstu sem fyrir þær sakir eiga alltaf fast sæti. Það eru Frakkland, Þýskaland, Bretland og Spánn. Ekkert

þessara landa komst á topp tíu í fyrra. Þau vermu fjögur neðstu sætin í aðalkeppninni. Árið þar á undan náði Þýskaland áttunda sæti og Spánn því tíunda.

Hin níu löndin eru Króatía, Danmörk, Frakkland, Ísrael, Lettland, Malta, Moldóva, Noregur, Rúmenía og Sviss. Þrátt fyrir að Serbar hafi dregið þátttöku sína til baka kjósa þeir um sigurlagið. Því verður kosið í 38 löndum úrslitakvöldið 20. maí. Fyrirkomulagið á stigagjöfinni verður þó annað í ár. Kynnar frá hverju landi lesa aðeins þrjú stigahæstu löndin og kynnarir í keppninni sjálfri lesa upp sjö fyrstu löndin þar á undan. Er þetta gert til að flýta fyrir. Þrjú síðustu löndin til að gefa stig, sem eru Búlgaría, Makedónía og Tyrkland, gera það þó með hefðbundnu sniði, til að auka á spennuna.



SPURT OG SVARAÐ

OFBELDI GEGN VALDSTJÓRN

Mjög algengt hérlendis

Landssamband lögreglumanna gagnrýnir misræmi í dómafrákvæmd vegna brota gegn valdstjórninni þar sem maður var dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir árás á lögreglumann en annar maður dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir að fella sýslumann. Páll E. Winkel, framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna, vill að skilaboð verði send út í samfélagið um að það verði ekki liðið að ráðist sé á lögreglumenn.




PÁLL E. WINKEL Framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna

Er mikið um ofbeldi gegn lögreglumönnum í starfi? Já, það er mjög algengt. Í könnun Félagsvísindastofnunar fyrir tveimur árum kom fram að 64 prósent höfðu orðið fyrir ofbeldi eða hótun. Einnig var sláandi að 41 prósent fjölskyldna lögreglumanna hafði fengið hótanir, en það þekktist nánast ekki á öðrum Norðurlöndum.

Eru refsingarnar of vægar? Já, samanborið við önnur alvarleg brot. Lögjafinn gerir ráð fyrir að hægt sé

að dæma mann í sex ára fangelsi fyrir brot gegn valdstjórn. Frá 1984 til 2005 var enginn dæmdur í meira en árs fangelsi.

Hvaða úrræði viljið þið sjá? Við viljum refsipýngingarákvæði sem taka sérstaklega til lögreglumanna og sérákvæði sem varða minni mál. Einnig viljum við að mótþrói við handtöku verði gerður refsiverður.



VIÐ RAUÐAHAFIÐ Þrjú bedúinar spjalla við ísraelskan ferðamann sem flatmargar á ströndinni við Rauðahafið.

NORDICPHOTOS/GETTY

Skelfing við Rauðahafið

Margt er á huldu um ástæður sprengjuárásanna á ferðamannastaði í Egyptalandi síðustu árin. Böndin beinast ýmist að bedúinum á Sínaískaga eða hryðjuverkasamtökum á borð við al-Kaída. Vera kann að óánægja bedúina hafi leitt einhverja þeirra á vit herskárna samtaka.

Uppbygging ferðapjónustu á Rauðahafsströnd Sínaískaga hefur verið hröð á síðustu árum. Egypsk stjórnvöld kalla ströndina gjarnan „egypsku ríveruna“ og reyna hvað þau geta til að fá sem flesta ferðamenn á svæðið.

Mikill meirihluti ferðamannanna er frá Ísrael, enda er stutt að fara og gott að geta flatmagað þar á ströndinni að mestu laus við lamandi áhyggjur af endalausum átökum við Palestínunum. Sprengjuárásin sem gerð var á fjölfarinn ferðamannastað þarna á mánudaginn er engan veginn sú fyrsta sem hristir upp í þessari ferðamannaparadís. Þetta er þriðja hrinan á jafnmörgum árum og hafa þessar árásir samtals kostað á annað hundrað manns lífið.

Grunur beinist að bedúinum

Egypsk stjórnvöld eru sannfærð um að árásarmennirnir séu heimamenn, bedúinar sem hafast við á Sínaískaga og hafa átt þar heimkynni frá aldaöldi. Meðal bedúina á þessum slóðum er útbreidd óánægja með stjórnvöld í Egyptalandi, ekki síst í tengslum við uppbyggingu ferðapjónustunnar á Sínaískaga.

Habib El-Adly, innanríkisráðherra Egyptalands, sagði á miðvikudaginn að greinilegar vísbendingar væru komnar fram um að árásarmennirnir á mánudag-

inn væru bedúinar frá Sínaískaga. Hann hélt því einnig fram að sprengjuárásirnar væru tengdar fyrri árásum á ferðamannastaði á Sínaískaga undanfarin tvö ár.

Sömuleiðis sagði hann telja fullvíst að sjálfsmorðsárásirnar á miðvikudaginn væru tengdar sprengingunum í Dahab, en á miðvikudaginn gerðu tveir sjálfsmorðssprengjumenn árás á alþjóðlega friðargæsluliða og egypska lögreglumenn norðantil á Sínaískaga, skammt frá landamærum Ísraels.

Kraumandi óánægja

Bedúinar á Sínaískaga eru í dag taldir vera um átattíu þúsund og búa þeir að stórum hluta enn í tjöldum sem auðvelt er að flytja á milli staða.

Eftir að ferðamenn tóku að streyma til Sínaískaga hafa lífs-hættir bedúina raskast verulega. Stór landsvæði, einkum við Rauðahafsströndina, hafa verið tekin undir hótél og verslanir af ýmsu tagi, en um leið missa bedúinarnir óheftan aðgang sinn að þessum svæðum.

Nærri þriðjungur bedúina er hins vegar farinn að treysta að verulegu leyti á tekjur af ferðamönnum sér til lífsviðurværis, þannig að þeir mega sjálfir illa við því að missa þann spón úr aski sínum. Þetta gildir hins vegar einkum um bedúina á suðurhluta Sínaískaga. Norðanmegin á skaganum er atvinnuleysi mikið og fátækt viðvarandi. Bedúinar á þessum slóðum hafa flestir samúð með málstað Palestínumanna, enda búa hátt á annað hundrað þúsund bedúinar í Palestínu og innan landamæra Ísraels.

Í tengslum við al-Kaída?

Þótt egypskum stjórnvöldum þyki liggja beint við að kenna bedúinum um voðaverkin síðustu árin telja margir erlendir sérfræðing-

Sjálfsmorðsárásir á Sínaí

Tvær sjálfsmorðsárásir á Sínaískaga í vikunni koma í beinu framhaldi af svipuðum árásum á ferðamannastaði við Rauðahafsströnd skagans á undanförunum árum.



ar að á bak við sprengjuárásirnar megi greina merki skipulegra hryðjuverkasamtaka og þá ekki síst hinna alræmdu al-Kaída, sem Osama bin Laden stofnaði fyrir nærri tveimur áratugum.

Í það minnsta telja þeir líklegt að árásarmennirnir hafi verið hallir undir þær hugmyndir, sem hryðjuverkasamtök herskárna íslamista hafa byggt á. Árásir á ísraelska ferðamenn geta vel fallið undir hugmyndafræði þessara hópa og al-Kaída samtökinn virðast hvort eð er vera það lauslega uppbyggð að sjálfstæðir hópar, sem starfa í anda þeirra, geta í einhverjum skilningi talist tengdir samtökunum og framið voðaverk í nafni þeirra.

Í ísraelskum dagblöðum er því reyndar hiklaust haldið fram að al-Kaída standi á bak við árásirnar. Í ísraelska dagblaðinu Haaretz er síðan fullyrt að al-Kaída hafi ákafat unnið að því undanfarið að afla sér liðsmanna úr röðum bedúina á Sínaískaga.



FRÉTTASKÝRING

GUDSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

LÉTT PEPPERONI

55% MINNI FITA





Gerber®

BONUS

Þar sem þú færð Gerber barnamat



1 STIG Fyrir börn frá 4 til 6 mánaða aldri

Tilboðsverð:
kr. **39-**



2 STIG Fyrir börn frá 7 mánaða aldri

Tilboðsverð:
kr. **49-**



3 STIG Fyrir börn frá 9 mánaða aldri

Tilboðsverð:
kr. **59-**

Mamma gefur mér Gerber barnamat, því hún þekkir gæðin og veit sjálf hvað hann er góður.

Gerðu verðsamanburð. Gerber er á betra verði.




Það er engin tilviljun að Gerber barnamatur hefur verið mest keypti barnamatur á Íslandi um áraraðir. Íslenskir foreldrar eru aldir upp á Gerber og vita að gæðunum geta þeir treyst.

- Því lengi býr að fyrstu gerð



Gerber® 
í íslenskum umbúðum



landslag

fólkið í landinu

ATVINNUREKANDINN: HÖRÐUR DAVÍÐSSON FERÐAMÁLAFRÖMUÐUR

Bændagisting verður að lúxushótelu

Undanfarin ár hefur bændagisting verið rekin að Efri-Vík en þar eru herbergi, sumarhúsaðir og smáhýsi til leigu. Nú á hins vegar að bæta um betur svo um munar og vinna eigendur að því nú að reisa tveggja hæða hótél þar sem rými verður fyrir 63 hótélgesti. Hörður Davíðsson, einn af eigendum, var á byggingarkranum þegar blaðamaður bar að. „Við ætlum að veðja á þjóðgarðinn og ferðamannastrauminn til að lifa af,“ segir Hörður. „En við höfum og munum hafa upp á ýmislegt að bjóða. Til dæmis er hér golfvöllur, veiðivötn og svo held ég að fá hótél geti státað af útsýni yfir tvo jökla eins og hér.“ Blaðamaður er leiddur upp á efri hæð byggingarinnar en þar blasir Óræfajökull við í austri og Mýrdalsjökull í vestri.

Hugsjónina skortir ekki heldur. „Við




erum nú þegar með heitan pott og gufubað en við erum nú í samvinnu við Sveinbjörgu Árnadóttur heilsufrómuð að gera hér staðgöngugarð með sérhönnuðum göngubrautum. Svo ætlum við að leggja línuskautabrautir og ratleikjagarð, þannig að hér verður hægt að fara um gangandi eða skúrandi og fá svo nudd og gufubað á eftir þannig að þetta verður svona heilsulind hérna.“

Góðir hlutir gerast hægt og verður unnið að lúxushótelinu fjölskyldu- og heilsuvæna í þremur áföngum. Fyrsti áfönginn er gistiálma sem tekin verður í notkun í sumar en svo bætist við matsalur og þjónusta honum tengd í haust. Þar á eftir koma garðarnir og brautirnar. „Við munum svo fá hingað þekktu listamenn til að troða upp,“ segir Hörður og ekki er laust við að hugurinn sé kominn herra en efnivíðurinn sem hangir í kranum.

STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



Skaftárhreppur

Íbúaföldi í desember 2005: 490
Íbúaföldi í desember 1997: 594
Íbúaföldi í desember 1991: 613

Sveitarstjóri:
Gunnsteinn R. Ómarsson

Helstu atvinnurekendur:
Glæðir ehf., Klaustursbleikja,
Ferðaþjónusta bænda Efri-Vík,
Hótel Kirkjubæjarklaustur,
Kirkjubæjarstofa - rannsókn-
og fræðasetur

Skólar:
Kirkjubæjarskóli,
Leikskólinn Kærubær,
Tónlistarskóli Skaftárhrepps

Vegalengd frá Reykjavík:
259 km miðað við Kirkjubæjarklaustur

Árbakkinn sækir að sveitungum

Það er blíðskaparverður og gott útsýni þegar Jón Sigurður Eyjólfsson og Gunnar V. Andrésson beygja af þjóðveginum við Eldhraun til að taka hús á bændum í Skaftárhreppi. Þeir eru glaðir í bragði enda voru engir meinlegir skuggar á Mýrdalssandi til að hrella þá.

Tæplega 500 manns búa í Skaftárhreppi, þar af 139 á Kirkjubæjarklaustri. Jöklar umkringja sveitina úr þremur höfuðáttum en Ægir í suðri. Íbúarnir eru löngu orðnir vanir því að flóð og strumar af náttúru og manna völdum umturni samfélaginu. Skaftárhlaup ögra sveitungum þegar þau gera vart við sig eins og í síðustu viku en þá flæðir upp á tún hjá nokkrum þeirra meðan aðrir sjá árbakkann færast nær sér vegna landrofs. Sumrinu fylgja öllu kærkomnari flóð en þá streyma ferðamenn um og þiggja margir hverjir gistingu hjá sveitungum, en ferðamannaíðnaðurinn er ein helsta atvinnugreinin í hreppnum.

Árbakkinn nálgast

Kálfur tekur á móti þeim tvímenn-
ingum þegar þeir renna í hlað að



HALLDÓR MAGNÚSSON Í FÉLAGSSKAP ÓLA OG KÁLFS Til allrar hamingju fer vel á með þeim Halldóri og Óla ferhyrnda en ekki væri gott að fá horn í síðu frá hrútinum vígalega. Kálfurinn vill hins vegar aðeins fá eyra til að totta en það var ekki auðsött mál.

bænum á Ytri-Ásum en verður svekktur þegar hann fær ekkert að sjúga svo hann hverfur frá í vandlætingu. Ólafur Magnússon, húsbóndi þar á bæ, var ásamt konu sinni Ástu Sverrisdóttur að huga að nýbornum lömbum. Gestirnir

spurðu þau hjú um Skaftárhlaup sem þá var í rúnun. „Ég er alveg gáttaður á því hvað menn eru áhyggjulausir meðan það grefur svona undan veginum við brúna,“ segir Halldór. „Það má sjá hvar berg er að rifna frá við brúna. Eins er árbakkinn alltaf að færast ofar hér fyrir neðan og ekki er langt í það að kirkjugarðurinn hér að Ásum verði kominn ofan í á.“ Svo bendir hann á girðingarstaur fyrir neðan bæinn. „Þessi staur var um tíu metrum fyrir ofan árbakkann þegar ég girti þetta fyrir tíu árum.“ Tvímenningarnir verða gáttaðir við þessi tóindi meðan þeir horfa á staurinn við árbakkann. Halldór segir að árfarvegum hafi verið breytt þegar farið var í brúargerð á sínum tíma. Var þá mörgum ása-
kvíslum veitt í Ásvatn og hefur það haft frekara landrof í för með sér en vatnsmagnið tvöfaldaðist við þessar aðgerðir.

Óli ferhyrndi

Þau hjónin hafa um meira að hugsa nú en landrof þar sem sauðburður er hafinn og bændur verða ávallt að vera á varðbergi. Þeir tvímenn-
ingar veita ferhyrndri kind athygli en Halldór biður þá bara að bíða hæga meðan hann fer inn í fjós og dregur þaðan út hrútinn Óla. „Ég held ég hafi aldrei séð stærri horn en þessi,“ segir Halldór en tvímenn-
ingarnir stara á tignarlegu hornin fjögur sem Óli hefur af að státa. Kálfurinn kemur þá aðvifandi og veitir eyrum bóndans mikla athygli en þykir lítið til Óla ferhyrnda koma. Hann hverfur svo frá þegar bóndinn meinar honum að sleikja á sér eyrun.

Jökull í ánni

Eftir að hafa þegið kaffi og taðreykt hangikjöt hjá Halldóri og frú leggja tvímenningarnir leið sína vestur yfir Ásvatn og koma þar að bænum Flögu. Þar má glögg sjá hvernig áin hefur farið yfir tún þó ekki hafi hún skilið eftir mikið af sandi, svo séð verði af hlaðinu. Þá er haldið í Skaftárdal með viðkomu hjá Oddsteini Kristjánssyni í Hvammi en



GUNNSTEINN R. ÓMARSSON SVEITARSTJÓRI Vestfirðingnum þykir fólkið gott í Skaftárhreppi en á stundum í erfiðleikum með að vita meiningu þess enda leggur það ekki í vana sinn að nota aðráttarlaus orð eins og já eða nei.



ODDSTEINN KRISTJÁNSSON FRÁ HVAMMI Bóndinn í Hvammi hefur alið allan sinn aldur við ána svo hann þekkir hana vel hvort sem jökullinn er í henni eða ekki.

hann er fæddur og uppalinn þar í dalnum og þekkir því duttlunga Skaftár betur en flestir aðrir. „Maður varð ekkert var við þessi hlaup fyrr en um 1950,“ segir hann. „Þó segir sagan að þau hafi átt sér stað áður fyrr en hætt um 1910. Þá töluðu menn um að jökullinn væri í ánni þegar hlaup voru.“

Beljan í sandinum

Í einu Skaftárhlaupinu komst kýr frá Hvammi í krappan dans. „Hún festist í sandi hér fyrir neðan bæinn,“ útskýrir Oddsteinn. „Það var heljarinnar verk að koma bónd-
um á hana en svo drógum við hana upp með dráttarvél. Það var múgur og margmenni sem fylgdist með aðförum og uppskráum við mikið lofatak loks er við náðum henni upp. Ég hélt fyrst að hún hefði orðið fyrir einhverju hnjaski en hún var hin hressasta eftir volkið,“ segir bónd-
inn og hlær við endurminningunni.

Vestfirðingurinn í bænda- samfélaginu

Tvímenningar storma á skrifstofu sveitarstjórnar eftir að hafa kvatt bændur en þar ræður ríkjum ungur og gjörvilegur Vestfirðingur, Gunnsteinn R. Ómarsson að nafni. „Það voru vissulega nokkur viðbrögð að koma úr sjávarútvegssamfélaginu fyrir vestan og hingað í bændasamfélagið,“ segir sveitarstjórinn, en hann sleit barnsskónum í Arnarfirði en bjó síðan í Reykjavík og á Suðureyri. „Menn eru beinskeyttir fyrir vestan og viðhafa engar vífilengjur. Það getur því verið svolítið erfitt að átta sig á því hérna hvað menn meina þegar aðráttarlaus orð eins og já og nei eru ekki mikið notuð.“ ■

Létt lifrarpýlsa



HOLL OG GÓÐ
Létt lifrarpýlsa

Innihald: Lifur, kindamör, vatn, rúgmjól, undanrennuft, sojaprótein, hveiti, salt.
Næringargildi í 100 g: Orka 1138 kJ / 273 kkal, prótín 10 g, kolvetni 20 g, fítta 17 g,
natríum 0,4 g.

Pökkunardagur Best fyrir Kr/kg Þyngd



FM957



You know what?
I like the playettes.
No diggity, no doubt.
Play on playette.
Play on playette.
Yo Dre, drop the verse.

It's going down, fade to blackstreet.
The homies got rb, collab' creations.
Bump like acne, no doubt.
I put it down, never slouch.
As long as my credit can vouch.
A dog couldn't catch me ass out.
Tell me who can stop when Dre making moves.
Attracting honeys like a magnet.
Giving 'em eargasms with my mellow accent.
Still moving this flavour.
With the homies blackstreet and teddy.
The original rump shakers.

Shorty in down, good Lord.
Baby got 'em up open all over town.
Strictly biz, she don't play around.
Cover much ground, got game by the pound.
Getting paid is a forte.
Each and every day, true player way.
I can't get her out of my mind.
What?
I think about the girl all the time.

East side to the west side.
Pushing phat rides, it's no surprise.
She got tricks in the stash.
Stacking up the cash.
Fast when it comes to the gas.
By no means average.
As long as she's got to have it.
Baby, you're a perfect ten, I wanna get in.
Can I get down, so I can win.

I like the way you work it.
No diggity, I try to bag it up, bag it up!

She's got class and style.
She's managed by the town.
Baby never act wild.
Very low key on the profile.
Catichin' vilians is a no.

Let me tell you how it goes.
Curve's the words, spin's the verbs.
Lovers it curves so freak what you heard.
Rolin' with the phatness.
You don't even know what the half is.
You gotta pay to play.
Just for shorty, bang-bang, to look your way.
I like the way you work it.
Trumped tight, all day, every day.
You're blowing my mind, maybe in time.
Baby, I can get you in my ride.

Hey yo, hey yo, hey yo, hey yo!
Hey yo, that girl looks good.
Hey yo, hey yo, hey yo, hey yo!
Play on, play on playette.
Hey yo, hey yo, hey yo, hey yo!
You're my kind of girl, no diggity!
Hey yo, hey yo, hey yo, hey yo!
Hey!





40% Afsláttur

Móa ferskur kjúklingur heill
419 kr./kg.



20% Afsláttur

Purrkryddað Krönu grillkjöt
4 tegundir



30% Afsláttur

Góða 4 stk. grillborgarar
430 kr./pk.



Fjörtískur ysubitar

527 kr./kg.



Kjúklingamánar
2 tegundir

349 kr./pk.



30% Afsláttur

Gæðagris Brauðskinka
839 kr./kg.



30% Afsláttur

Ali Medisterpylsa
454 kr./kg.



30% Afsláttur

Ali 4 stk. bjúgu
377 kr./kg.



Wanted tortilla chips 450g

279 kr./pk.

Wanted salsa mild

149 kr./stk.



Freyju rísa Rís / Draumur

89 kr./stk.



Pepsi Max 4x2 L

499 kr./pk.



Náttúra hefðbundin salatblanda

169 kr./pk.



Freyju Hris flóð 200g

249 kr./pk.

Góðir kaupaukar fylgja Scholl fótavörum



Gleðilegt sumar

SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN

virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-18
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-21
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-21
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-21
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-21
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-21
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19

Virk
Sam-
keppni

KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI

Barnadagar

Krónan fyrir barnafólk



Ný lína
af barnamat
frá Neslé og
Organic

20%
Afsláttur
Neslé barnamat

75
Organic
barnamat
29 tegundir
kr./stk.



Hoppubolti
fylgir kassa
af Svala

998
kr./pk.

Pampers
Lavender
blautklútar fylgja
með pakka af
Pampers
bleyjum



999
kr./pk.



335
kr./pk.



89
kr./pk.



527
kr./pk.



1.298
kr./pk.



224
kr./stk.



377
kr./stk.

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.619 -2,61% Fjöldi viðskipta: 940
Velta: 15.547 milljónir

MESTA HÆKKUN

Flaga +3,94%
Marel +0,55%

MESTA LÆKKUN

Dagsbrún -5,84%
FL Group -5,39%
Landsbankinn -4,31%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 60,70 -0,82% ... Alfesca 3,93 +0,00%... Atorka 5,80 -0,86% ... Bakkavör 49,00 -1,80% ... Dagsbrún 5,64 -5,84% ... FL Group 19,30 -5,39% ... Flaga 3,43 +3,94% ... Glitni 16,90 -2,87% ... KB banki 770,00 -3,63% ... Kögun 74,50 +0,00% ... Landsbankinn 22,20 -4,31% ... Marel 73,60 +0,55% ... Mosaic Fashions 18,20 -1,62% ... Straumur-Burðarás 17,10 -1,16% ... Össur 110,00 -1,79%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápur...

Lausir við bankaumræðu

Straumur hefur ekki blandast inn í þá umræðu sem hefur átt sér stað um endurfjármögnun bankanna. Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums, segir að bankinn sé ekki í sömu stöðu og viðskiptabankarnir eru í, þar sem endurfjármögnunarpörf Straums sé nær engin. Þar með geti starfsmennirnir einbeitt sér að rekstrinum í stað þess að eyða orku og tíma í að leysa þau vandamál sem starfsmenn bankanna glíma við. Hann fer þó ekki leyt með það að erfiðara verður að fjármagna bankann þegar að því kemur, sem kallar á meiri útsjónarsemi. Spurður hvort lánakjör Straums hafi versnað í kjölfar umrúts á fjármálamarkaði segir Þórður Már að þau hafi ekkert breyst; fjármögnunarkostnaður bankans hafi meira að segja lækkað frá fyrra ári.

Útvaldir græða

Hlutabréf í Actavis snarhækkðu á miðvikudaginn án sýnilegra ástæðna. Þegar málið

var kannað nánar kom í ljós að stórir viðskiptavinir Glitnis höfðu fengið í hendur nýtt verðmat á Actavis sem aðrir fjárfestar litu augum daginn eftir. Það er alþekkt aðferð hjá fjármálfyrirtækjum að senda góðum kúnum upplýsingar sem þessar sem geta haft áhrif á markaði. Greining Glitnis metur Actavis á 226,7 milljarða króna, sem samsvarar genginu 68,1 króna á hlut. Síðasta markaðsgengi var 61,2 þannig að bankinn mælir með kaupum á bréfum í Actavis.

Matið tekur ekki tillit til hugsanlegrar yfirtöku Actavis á króatíska samheitalyfjafyrirtækinu Pliva.



MARKAÐSPUNKTAR...

Oddaflug, eignarhaldsfélag Hannesar Smárasonar, forstjóra FL Group, hefur bætt við sig 4,73 prósent hlut í FL Group og á eftir kaupin 23,63 prósent af heildarhlutafélagins.

Seðlabanki Kína hækkaði óvænt stýrivexti og fær úr 5,58 prósentum í 5,85 í fyrsta sinn síðan í október 2004 til að sporna við ofhitnun hagkerfisins. Hagvöxtur í Kína mældist 10,2 prósent á fyrsta ársfjórðungi 2006.

Helgi Þór Bergs, framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi banka hf., keypti í gær 500.000 hluti í bankanum á genginu 791 króna á hlut. Eftir viðskiptin á Helgi 1.915.200 hluti í bankanum.

Hagnaður Nýherja 54 milljónir

Hagnaður Nýherja hf. nam 54 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi, eða 0,27 krónum á hlut. Þetta er 28



NÝHERJI Góður vöxtur var í sölu á fartölvum, hljóðmyndalausnum og miðlægum búnaði hjá Nýherja.

milljónum meira en á sama tímabili á síðasta ári. Í tilkynningu fyrirtækisins segir að tekjur af vörusölu og tengdri þjónustu hafi numið 1,24 milljörðum króna en starfsemi skilaði 68 milljóna króna hagnaði á tímabilinu. Góður vöxtur var í fartölvusölu, sölu á hljóðmyndalausnum og ýmsum miðlægum búnaði á borð við netþjóna og gagnageymslur. Eigið fé Nýherja var 802 milljónir króna en það hefur lækkað um 595 milljónir frá áramótum.

- jab

Kaup og gott uppgjör

Hagnaður Bakkavarar var 715 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi, sem er 37 prósent aukning frá fyrra ári. Afkoman er í góðu samræmi við væntingar greiningardeilda.

Rekstarhagnaður fyrir skatta og fjármagnsliði nam 2,3 milljörðum króna og handbært fé frá rekstri nam 3,5 milljörðum króna. Bakkavör greiddi inn á langtímalán að upphæð 37 milljónir króna, en eiginfjárlutfall félagsins hefur hækkað úr 12,4 prósentum í árslok 2005 í fjórtán prósent. Arðsemi eiginfjár nam 18,1 prósent.

Bakkavör réðist í stórkaup á matvælafyrirtækinu Geest í fyrra,

en síðan þá hefur félagið keypt stærri fyrirtæki. Í gær var einnig tilkynnt um kaup á fyrirtækinu New Primbake, sem er stærsti framleiðandi brauðvara í Bretlandi. New Primbake veltir 4,6 milljörðum króna og var rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði rúmar 400 milljónir í fyrra. Með þessu breiðkar vöruframboð fyrirtækisins, auk þess sem kaupin auka möguleika á frekari vörupróun. Bakkavör steig einnig fyrstu skref sín á ört vaxandi neytendamörkuðum í Asíu með kaupum á fjórutíu prósent hlut í Creative Foods í samvinnu við Glitni.

Gott gengi Mosaic Fashion

Hagnaður bresku tískuvörudejunnar Mosaic Fashion nam 12,6 milljónum punda, jafnvirði rúmlega 1,66 milljarða íslenskra króna, á síðasta ári, sem er hagnaður upp á 0,49 pens á hlut. Keðjan var stofnuð á síðasta ári.

Rekstur Mosaic Fashion, sem er fyrsta breska félagið sem skráð er í Kauphöll Íslands, gekk almennt vel í öllum löndum að Kína undanskildu. Félagið hyggur á opnun fleiri verslana og frekari vöxt í öðrum löndum á þessu ári.

- jab



FRÁ TÍSKUSÝNINGU MOSAIC FASHION Rekstur Mosaic Fashion gekk vel í öllum löndum nema í Kína.



STRAUMUR HAGNAST UM NÍJTÁN MILLJARÐA Félagið hefur markvisst aukið vægi erlendra eigna á kostnað innlendra. Innlend hlutabréfa eign lækkaði um 68 milljarða frá áramótum.

Methagnaður Straums

Hagnaður eykst um 317 prósent milli ára. Stóraukin umsvif á Norðurlöndum. Hlutfall innlendra hlutabréfa af heildareignum lækkar verulega.

Straumur Burðarás hagnaðist um 19,1 milljarð króna á fyrsta ársfjórðungi og jókst hagnaður um 317 prósent á milli ára. Þetta er mun meiri hagnaður en greiningardeildir reiknuðu með.

Arðsemi eigin fjár var 17,2 prósent, sem samsvarar 89 prósentu arðsemi á ársgrundvelli. Uppgjörið einkennist af vexti allra afkomusviða bankans þótt gengishagnaður beri uppi hagnað, en hann var 17,9 milljarðar króna. Mikill vöxtur var í þóknana- og vaxtatekjum, sem námu tæpum 2,9 milljörðum króna en voru 1,7 milljarðar allt árið í fyrra. Forstjórinn Þórður Már Jóhannesson segir að markmið Straums sé að

auka þessa tekjuliði enn frekar.

Eitt af markmiðum stjórnenda Straums hefur verið að draga úr vægi starfseminnar á Íslandi en um helmingur rekstrartekna koma nú frá útlöndum, þar af þriðjungur frá hinum Norðurlöndum. Þórður Már er afar sáttur við hvernig til hefur tekist í Danmörku en skrifstofan þar skilaði 400 milljóna króna þóknatekjum á fyrsta ársfjórðungi. „Við viljum auka umsvifin í Danmörku og erum jafnvel að skoða aðra markaði.“ Hins vegar ber svo við að hlutabréfaeign bankans er orðin hlutfallslega meiri í Svíþjóð en á Íslandi. Innlend hlutabréf bankans lækkuðu um 68 milljarða á fyrsta ársfjórðungi og voru

26 prósent af heildareignum við lok fjórðungsins en sænsk hlutabréf námu tæpum 28 prósentum. Stærstu eignarhlutir Straums eru í Old Mutual, Actavis, Finnair, Glitni og Avion Group.

Efnahagsreikningur Straums hefur hækkað um 27 prósent frá áramótum og stóð í 330,6 milljörðum hinn 31. mars. Eigið fé var komið í 125 milljarða króna en eiginfjárlutfall nam 36,4 prósent samanborið við 15,3 prósent um áramót og skýrist þessi styrking af sölu eignarhlutar í Glitni. „Grunnur að áframhaldandi vexti bankans er sterkt eiginfjárlutfall,“ segir Þórður Már.

eggert@frettabladid.is

KB banki skilar uppgjöri vel umfram væntingar

Hagnaður nærri níjtán milljarðar króna og jókst um sjötíu prósent.

Hagnaður KB banka var 18,8 milljarðar á fyrsta ársfjórðungi og jókst um tæp sjötíu prósent milli ára. Hefur hagnaður bankans aldrei verið meiri á einum árs- hluta. Er þetta vel umfram væntingar markaðsaðila, sem höfðu spáð bankanum 15,4 milljarða hagnaði.

Rekstrartekjur bankans á fjórðungnum voru 35,4 milljarðar og hækkuðu um sextíu prósent frá fyrra ári. Hreinar vaxtatekjur bankans námu 10,5 milljörðum króna, þóknatekjur voru 8,6 milljarðar og gengishagnaður 13,5 milljarðar. Bæði þóknatekjur og gengishagnaður aukast um meira en níutíu prósent á milli ára.

Rekstrarkostnaður var 12,6 milljarðar króna, sem er áttatíu



SIGURÐUR EINARSSON OG HREIDAR MÁR SIGURÐSSON Uppgjör KB banka var vonum framfar. Allir tekjuliðir jukust verulega milli ára en kostnaður jókst einnig.

prósentu hækkan, og var kostnaðarhlutfall 35,4 prósent. Starfsmönnum fjölgaði verulega með tilkomu Singer&Friedlander inn í samstæðuna.

Af einstökum sviðum skiluðu markaðsviðskipti og bankasvið mestum hagnaði

Eignir KB banka eru komnar í þrjú þúsund milljarða króna en eigið fé nemur 214 milljörðum króna.

Óskræð hlutabréf bankans námu 35,5 milljörðum króna við lok fjórðungsins og er eignarhlutur í Exista stærstur. Ætlunin er að leysa upp eignarhald á félaginu síðar á árinu og greiða hluta út til hluthafa sem arð.

Horfur í rekstri bankans eru góðar og hefur óvissa á gjaldeyriss- og íslenskum hlutabréfamarkaði ekki haft áhrif. Verkefnastaða fyrirtækjarðgjafar, sem hefur lagt grunn að mikilli tekjumyndun, er enn fremur góð.

- eþa

Félag Sumarhúsaeigenda í Svarfólsskógi (eignarlönd)

boðar til

AÐALFUNDAR

laugardaginn 29. apríl að
Hótel Glym kl. 15.00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

Afnemum VSK af BBQ Master grillum um helgina



Pú færð grillið samsett og heimsent
þér að kostnaðarlausu!*

Tvöfalt lok
úr ryðfríu stáli.
Betri hitaeinangrun.

Hliðarhella með
steiptum brass
brennara og loki.

Innbyggður
hitamælir.

Rotisserie
grillteinn.

Fjórir brennarar og
elektrónísk kveikja.

Stækanlegt
hliðarborð.

Áhaldabakkar.

Afnemum VSK
af BBQ Master grillum um helgina

Ábreiða fylgir með.

Skápur með hurð.

Góð læsanleg hjól sem
auðvelda tilfærslu.

BBQ Master gasgrill

- 4 brennarar úr ryðfríu stáli, hver með sér stillingum, 40000BTU
- 12000 BTU brass hliðarbrennari
- Eld-temjarar úr ryðfríu stáli
- Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárn
- Rotisserie grillteinn
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli
- Elektrónísk kveikja
- Hitamælir
- Útdregið hliðarborð
- Skápur með hurð
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla

ODDYO04660

*Gildir fyrir stórhöfuðborgarsvæðið og Akureyri.
Gildir til 1. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Biskup Íslands fjallaði um kirkjubrúðkaup á prestastefnu.

„Serimóníu- meistarar“

Við upphaf prestastefnunnar í Keflavíkurkirkju í vikunni flutti biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, að venju yfirgripsmikla ræðu um kirkjustarfið í landinu. Hann talaði sérstaklega um val á prest í fyrri hluta ræðu sinnar, sem kom ekki á óvart vegna þess hvar prestastefnan var haldin og þess sem gengið hefur á í Keflavík vegna vals á nýjum sóknarprest. Biskup benti á í ræðu sinni, að frá því að valnefndir komu til hefur 61 prestur hlotið embætti og í 57 skipti var samstaða í valnefnd. Í þrjú skipti náðist ekki samstaða og í eitt skipti var farið fram á almenna prestskosningu. Óróinn í kringum skipan sóknarprests í Keflavík virðist því heyra til undantekninga, en engu að síður hljóta kirkjuyfirvöld að hlusta á raddir þeirra fjölmörgu í Keflavík sem lýst hafa yfir óánægju sinni með skipanina, og það verður ekki auðvelt fyrir þann sem hlaut náð fyrir augum valnefndar að hefja störf í sókninni.

Nú þegar brúðkaupsvertíðin er framundan er það verkefni þeirra hinna sömu að hafa áhrif á það við undirbúning athafna að halda í heiðri góðum gildum, svo að fólk upplifi sig ekki á popptónleikum við kirkjubrúðkaup.

Biskup kom auk þess inn á fjölmörg önnur atriði í ræðu sinni, svo sem uppganginn í þjóðfélaginu, það fjölmenningsarsamfélag sem við nú lifum í auk ýmissa innri málefna kirkjunnar.

Undir lok ræðu sinnar kom biskup inn á staðfesta samvist og hjónavígslur og fjallaði um kirkjubrúðkaup þar sem hann kvað allfast að orði. Hann talaði um „Hollívuddseringu“ brúðkaupa og sagði: „Einhverra hluta vegna eru kirkjubrúðkaup í seinni tíð hafin til skýja, goðuð og glamúrisedu. Hið fullkomna brúðkaup er nánast sálhjálpatriði. Og við prestar höfum dansað með. Og nú er sýndarmennskan og glysið í kringum þetta augljóslega komið út í ófgar. Ídulega er presturinn varla nema serimóníumeistari, eða jafnvel trúður. Helgidómurinn og presturinn nánast eins og leiktjöld hins fullkomna brúðkaups, en afar lítið tillit virðist tekið til umhverfis, hefða og boðskapar kirkjunnar.“ Þarna er biskup Íslands að senda býsna ákveðin skilaboð til brúðhjóna og líka prestanna. Framundan er mikil brúðkaupsvertíð, og það fer ekki fram hjá neinum, að þetta er orðin mikil vertíð viðskipta og þrjáls. Uppistaðan í tónlist í kirkjubrúðkaupum er oft ýmiskonar dægurlög innlend og erlend, sem hvorki eiga við stund né stað. Tónlistarmenn hafa að vísu gert heiðarlega tilraun til að breyta þessu, og þeir mættu líka láta til sín taka varðandi tónlist við jarðarfarir. Hefðbundnir sálmar hafa orðið að vika fyrir alls konar annarri tónlist við brúðkaup og jarðarfarir, og er það miður. Kirkjan verður líka að fylgjast með tímanum í þessum efnunum, og stuðla að því að eðlileg endurnýjun verði á kirkjulegri tónlist. Þetta er verkefni presta og organista í framtíðinni, en nú þegar brúðkaupsvertíðin er framundan er það verkefni þeirra hinna sömu að hafa áhrif á það við undirbúning athafna að halda í heiðri góðum gildum, svo að fólk upplifi sig ekki á popptónleikum við kirkjubrúðkaup.

TOYO Bestu dekin í USA
8 ár í röð Tire Review Magazine



TOYO TIRES

Hágæða jeppadekk

Fínt eða gróft munstur.

Mikið úrval af stærðum.

Gerid gæða og verðsamanburð



NESDEKK Seltjarnarnesi Sími: 661 4110
KT verslun Akureyri Njarðarnesi S.466 2111
Bilabúð Benna Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000

FRÁ DEGI TIL DAGS

Upplýsingafultrúar og ráðgjafar

Ráðning sérstakra ráðgjafa ráðherra og upplýsingafultrúa ráðuneyta var til umræðu á Alþingi á miðvikudag. Jón Gunnarsson, Samfylkingunni, spurðist fyrir um málið og fékk þau svör frá forsætisráðherra að þrjár slíkir væru að störfum, upplýsingafultrúar væru í forsætis- og samgönguráðuneytinu og sérstakur ráðgjafi í menntamálu starfaði hjá menntamálaráðherra. Væru ráðningarnar löglegar og tímabundnar. Steingrímur Sævarr Ólafsson er upplýsingafultrúi forsætisráðuneytisins, Jóhannes Tómasson er upplýsingafultrúi samgönguráðuneytisins og Þorbjörg Helga Vignúsdóttir er ráðgjafi menntamálaráðherra. Vekur raunar undrun að ráðherra í fagráðuneyti, þar sem 83 starfsmenn eru, þurfi sérstakan ráðgjafa í helstu



viðfangsefnum ráðuneytisins.

Tímabundnar upplýsingar

Ráðningar upplýsingafultrúanna eru tímabundnar, upplýsti forsætisráðherra í þinginu og ekki annað að gera en að taka þau orð hans trúanleg. Hins vegar var ekki orði minnst á að upplýsingafultrúarnir væru ráðnir tímabundið þegar ráðuneytin gáfu út fréttatilkynningar þar um. Í tilkynningu samgönguráðuneytisins um ráðningu Jóhannesar Tómassonar segir að staðan sé ný en ekki er stafkrök að finna náð til hennar sé stofnað tímabundið og þaðan af síður er upplýst hvenær hún verður þá lögð niður. Það má svo raunar spyrja hvort eðlilegt sé að stöður upplýsingafultrúa ráðuneyta séu tímabundnar, hvort ekki væri eðlilegra að upplýsingafultrúar væru ætíð að störfum og í öllum ráðuneytum.

Aðstoðarmenn þingmanna

Við umræður um upplýsingafultrúa ráðuneyta og sérstaka ráðgjafa ráðherra rifjast upp hugmyndir um ráðningar aðstoðarmanna þingmanna. Var ráðgert að koma slíkum stöðum á fót í kjölfar breytinga á skipan kjördæma en við það stækkuðu landsbyggðarkjördæmin til muna. Jón Bjarnason tók málið síðast upp í þinginu fyrir rúmu ári og fékk þau svör frá forsætisráðherra að flokkarnir fengu árlög fjárframlög til að mæta auknum önnum þingmanna vegna hinna stóru kjördæma. Hins vegar hefur ekkert orðið af ráðningu aðstoðarmanna þingmanna. Líklegt er að unglíðar flokkanna hringinn í kringum landið hafi horft löngunaraugum á slíkar stöður enda tilvaldar til áfræmdis verðandi þingmanna.

bjorn@frettabladid.is

ESB og atvinnulífið

Atvinnurekendur vinna gegn eigin hagsmunum, ef þeir hefja baráttu fyrir inngöngu í Evrópusambandið. Það er þeim í hag, að við stöndum utan þess, en nýtum sérstöðu okkar.

Rökin fyrir aðild að Evrópusambandinu hafa að vísu styrkst við það, að Bandaríkin virðast ekki vera reiðubúin til að standa að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt varnarsamningnum. Eistland gekk ekki í Evrópusambandið, af því að það vildi fá að selja vöru á evrópskan markað, því að það hefði staðið því til boða án aðildar (til dæmis með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu). Eistland gerðist Evrópusambandsríki af öryggisástæðum. Það leitaði skjóls gagnvart rússneska birninum.

Öryggisrökin fyrir aðild eru þó ekki sterk. Evrópusambandið er ekki öflugt herveldi eins og Bandaríkin, og það er í sjálfru sér sundurþykkt. Þrátt fyrir allt er samstarf við Bandaríkin innan Atlantshafsbandalagsins vænlegri kostur. Meginrökin fyrir aðild að Evrópusambandinu eru hins vegar, að þá taka Íslendingar þátt í ákvörðunum, sem þá varða. En þessi rök eru ekki heldur sterk. Ítök smáþjóða í Evrópusambandinu eru hverfandi þrátt fyrir allt tyllidagatal. Stórþjóðirnar, Frakkar og Þjóðverjar og ef til vill Bretar, ráða því, sem máli skiptir. Og stuðningsmenn aðildar geta ekki nefnt eitt einasta dæmi um það, að komið hafi að sök, að við erum ekki í sambandinu.

Rökin gegn aðild eru enn sterk. Í fyrsta lagi eru Íslendingar rík þjóð og yrðu þess vegna að greiða meira til sjóða sambandsins en þeir fengu úr þeim. Margvíslegt kostnaðarsamt umstang myndi fylgja aðild. Gískað hefur verið á,

Í DAG ÍSLAND OG ESB



HANNES
HÖLMSTEINN
GISSURARSON

Evrópskur vinnumarkaður er reyndur í fjötra. Kostnaðarsamt er að segja mönnum upp, svo að vinnuveitendur hika við að ráða nýtt fólk. Atvinnuleysi æskumanna er þess vegna mikið. Reglugerðarfargan er að sliga evrópsk fyrirtæki.

að beinn kostnaður umfram ávinning næmi tugum milljarða á ári. Það er líka umhugsunarefni, að ríkustu þjóðir Efnahagssamvinnustofnunarinnar, O. E. C. D., eru Lúxemborg, Svissland, Noregur, Bandaríkin og Ísland. Af þeim eru fjórar utan Evrópusambandsins. Kunnur við ekki þrýðilega við okkur með Svisslandi og Noregi?

Í öðru lagi myndum við afhenda stjórnarherrunum í Brüssel yfirráð yfir Íslandsmiðum. Í aðildarsamningi fengjum við ef til vill tímabundinn einkaaðgang að þessum miðum, en það yrði fyrir náð stjórnarherranna ytra, ekki sjálfsgæður réttur okkar. Skýr ákvæði eru í samþykktum Evrópusambandsins um sameiginlegan aðgang allra aðildarþjóða að auðlindum. Fiskveiðistefna Evrópusambandsins er mjög ómarkviss. Þar er ekki eins og hér gert ráð fyrir einkanýtingarrétti til lausnar afnýtingum fiskimiða, heldur

árlegu skæklatori þrýstihópa og stjórnvalda, sem leiðir af sér offjórðfestingu og lányrkju.

Í þriðja lagi ættu atvinnurekendur öðrum frekar að skilja, að okkur hentar ekki að ganga í Evrópusambandið og taka á okkur ýmsar skuldbindingar, sem við erum nú lausir við. Evrópskur vinnumarkaður er reyndur í fjötra. Kostnaðarsamt er að segja mönnum upp, svo að vinnuveitendur hika við að ráða nýtt fólk. Atvinnuleysi æskumanna er þess vegna mikið. Reglugerðarfargan er að sliga evrópsk fyrirtæki. Hinn félagslegi sáttmáli, sem flestar Evrópusambandsþjóðirnar hafa skrifað undir, gerir atvinnulífínu erfitt fyrir um að bregðast við nýjum aðstæðum og eykur enn á atvinnuleysið. Íslenskt hagkerfi er á hinn bóginn þjált og sveigjanlegt og ákjósanlegur vettvangur framtaksmanna.

Sá tími er liðinn, að við þurfum að leita til útlanda um fyrirmyndir. Nú getum við verið fyrirmynd annarra. Íslenskir atvinnurekendur ættu að hefja baráttu fyrir því, að Ísland verði frjálsasta land í heimi samkvæmt vísitölu atvinnufrelsis, en nú er það hið 13. í röðinni. Einkum þarf tvennt til. Annars vegar verður að minnka opinber umsvif með því að einkavæða fleiri opinber fyrirtæki, til dæmis Íbúðalánasjóð og Landsvirkjun, og lækka skatta. Hins vegar er orðið tímabært að auka frelsi í viðskiptum með matvæli og aðra vöru, sem nýtur verndar. Halda þarf áfram að laða fyrirtæki og fjármagn að landinu. Ísland ætti að verða fjármálamiðstöð og fríhöfn með há laun, lága skatta og eðlilegt Matvælavæð. Getur það ekki orðið Evrópusambandinu það, sem Hong Kong var Kína?

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason. RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson, Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNINSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreitt ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



FILEVIA

Gjöf sem segir mörg orð

Þríburarnir Kári, Logi og Máni eru nýorðnir fimm ára og við erum stolt af því að eiga sama afmælisdag og þeir!



Við viljum að sem flestir njóti góðs af á þessum tímamótum og því færa 365 prentmiðlar Landsbókasafni Íslands – og þjóðinni allri – stærsta blaðasafn á Íslandi sem hefur að geyma öll eintök af Dagblaðinu, Vísir, Þjóðviljanum, Tímanum og Morgunblaðinu frá síðustu öld. Safnið verður öllum aðgengilegt án endurgjalds, jafnt á Landsbókasafninu og á vefnum. Gjöfinni fylgir einnig fé til reksturs og úrvinnslu safnsins næstu fjögur ár.

Starfsfólk Fréttablaðsins þakkar þjóðinni fyrir einstakar móttökur og samfylgd síðustu fimm ár.

Dagblaðsafnið hefur að geyma öll tölublað af Vísir, Dagblaðinu, DV, Þjóðviljanum, Tímanum og Morgunblaðinu frá síðustu öld; vandlega innbundin í alls 2000 bækur. Safnið var áður í eigu og vörslu Sveins R. Eyjólfssonar útgefanda og var óumdeilanlega stærsta og verðmætasta dagblaðsafn í einkaeign. Um áratuga skeið vann Sveinn ötult og ómetanlegt starf við uppbyggingu safnsins. Blöðunum safnaði hann frá 1960 og er uppistaðan í safninu sögufrægt dagblaðsafn Böðvars Kvarans. Ólafur Ottósson sá um að binda safnið í vandað band en hann starfaði lengi sem bókbindari á Landsbókasafninu.

FRÉTTABLAÐIÐ

- Vel lesið!

Lotus Professional Heildarlausn fyrir snyrtinguna

Á tilboði í apríl 2006
Skammtarar og tilheyrandi
áfyllingar frá Lotus Professional



4.778 kr.
Lotus miðþurrku
skápur Marathon RVS

Einnig eru á tilboði Lotus sápuskammtari og stafíf úr ryðfríu stáli fyrir Lotus WC pappír.



1.591 kr.
Lotus miðþurrku
skápur Marathon

Einnig eru á tilboði Lotus sápuskammtari og stafíf í hvítu fyrir Lotus WC pappír.

3.982 kr.
Lotus enMotion
snertifrír skammtari

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV



Komdu og skoðuðu nýju Dethleffs hjólhýsín í krók og kíma. Þá sérðu að þau hafa yfirburði í gæðum. Öll Dethleffs hjólhýsín okkar koma með sérstökum aukabúnaði.

Fullkomið frí

Hjá Gísla Jónssyni færðu Camp-let tjaldvagna og Dethleffs hjólhýsín. Kostagripir sem vandað hefur verið til í hólf og gólf. Camp-let tjaldvagninn hefur verið á markaðnum hér í áratugi og reynst frábærlega. Dethleffs hjólhýsín er sennilega þau vönduðustu sem Gíslur Jónsson hefur selt en ekkert fyrirtæki hefur jafn langa reynslu í sölu hjólhýsa hér á landi.



Savanne frá Camp-let er nýr og spennandi kostur. Léttur og sterkur, fallegt nýtt fortjald, auðveldur í tjöldun, 13" dekk og margt fleira gera Savanne að einhverri skemmtilegustu nýjung á sviði tjaldvagna til margra ára.



Isabella. Fallegu fortjöldin á hjólhýsi og fellihýsi.



Isabella Flex.
Nýja, hentuga skjóltjaldið.

Verð 24.900 kr.



GÍSLUR JÓNSSON

Kletthálsi 13 // s. 587 6644 // www.gisli.is

Öruggt start í húsnæðismálum

UMRÆÐAN
HÚSNÆÐISMÁL



DOFRI HERMANNSSON
FRAMBJÓÐANDI

Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað umtalsvert undanfarið og gert fólki fært að taka aukin lán með veði í fasteignum sínum. Þetta er líka eina leiðin til að njóta þessarar eignamyndunar, nema maður ætli að selja og flytja þangað sem húsnæðisverð er lægra og ekki koma til baka.

Þetta ástand eigum við ríkisstjórnarflokkunum að þakka, ákvörðun þeirra um 90% lán og opnun á íbúðalánmarkaði á þenslutíma. Ákvörðun sem núverandi seðlabankastjóri hefur síðar skammað sjálfan sig fyrir að hrinda í framkvæmd.

Ertu í rauninni að leigja?

Hátt húsnæðisverð kemur harðast niður á ungu fólki sem er að kaupa sér sína fyrstu eign og á lítið sem ekkert í útborgun. Til að fjármagna húsnæðis kaup tekur þessi hópur 90% lán, jafnvel til 40 ára. Þetta er mjög viðsjárverð fjárfesting – einkum eins og ástandið er núna – húsnæðisverð í hámarki og verðbólgu skeið framundan.

Tökum dæmi: Verð 3 herbergja íbúðar er 16,7 milljónir, fjármagnað með 90% láni að upphæð 15 milljónir, (um 14,6 milljónir að frádregnum lántökukostnaði). Segjum að mismunurinn, 2,1 milljón, sé sparnaður (sem fæstir eiga þó til að lokna námi). Skoðum hvernig þetta verðtryggða lán þróast miðað við 5,5% verðbólgu næstu 5 ár.

	Afborganir samtals	Eftirstöðvar
Eftir 1 ár:	822.000	15.677.000
Eftir 3 ár:	2.600.000	17.098.000
Eftir 5 ár:	4.620.000	18.604.000

(Unnið út frá reiknivél Íbúðalánasjóds.)

Eins og sjá má hækkan skuldin jafnt og þétt vegna verðtryggingar á verðbólgu skeiði eins og nú er hafið. Hins vegar er fátt sem bendir til að fasteignir hækki mikið á næstu árum en ýmislegt sem bendir til þess að þær gætu lækkað eitthvað. Það er því líklegt að eftir 3-5 ár hafi skuldin etið upp 10% eignarhlutinn og hún gæti hæglega verið orðin hærri en verð eignarinnar, jafnvel svo muni 2-3 milljónum. Það er ljóst að við þessi skilyrði er enginn að eignast fasteignina sína – fólk er í besta falli að leigja en með öllum skyldum, gjöldum og áhættu sem fylgja því að eiga fasteign.



AF NETINU

Lítill reynsla

Allir þeir sem eitthvað hafa fengist við blaðamennsku mega sjá af þessum fjölmiðlalögum að höfundarnir hafa ekki mikla reynslu af þeirra störfum og sennilega betur heima í verkefnum ríkisstarfsmanna af ýmsu tagi. Þarna er enginn skilningur á kvikunni í eðli fjölmiðla. Ritstjórnarstefna fjölmiðla getur verið í sífelldri þróun frá degi til dags, einkum hjá nýjum fjölmiðlum, og mótast ekki að ofan með þessum hætti. Sala blaðsins, hverjir gefa því upplýsingar, áhugasvið blaðamanna og hvað er að gerast í samfélaginu: Allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á ritstjórnarstefnuna, sem þróast frá degi til dags og getur á löngum tíma breyst án þess að blaðamenn viðkomandi fjölmiðla geri sér grein fyrir því fyrir en þeir fara að fletta gömlum blöðum.

Guðmundur Rúnar Svansson á deiglan.com

Af vönnu lílu

Uppreisnina í Nepal má nefnilega ekki aðeins rekja til ofríkis og ofbeldisverka Gyanendra, heldur ekki síður til viðvarandi óréttlætis og misskiptingar í landinu. Maóísku uppreisnarmennirnir, sem eiga

Fólk þarf hús til að búa í

Sá sem ætlar að kaupa bor í Bauhaus vantar í raun ekki bor heldur gat í vegginn heima hjá sér. Á sama hátt vantar fólk sem tekur 90% lán til að kaupa íbúð í raun bara öruggt og huggulegt húsnæði á hentugum stað. Traustur leigumarkaður er valmöguleiki sem sárlega hefur vantað íslensku húsnæðismarkað.

Höldum áfram með dæmið hér að framan en gerum ráð fyrir að um venjulegt ungt fólk sé að ræða sem hefur nýlengi námi og á ekki 2 milljónir til að setja í útborgun heldur tekur ódýrasta skammtalánið á markaðnum (afborgunarsamningur til 5 ára hjá S24 – meðalafborgun um 49 þúsund á mánuði).

ÁRLEGUR KOSTNAÐUR VIÐ REKSTUR Á HÚSNÆÐI

	Eigið húsnæði	Leigu- húsnæði
Skattar og gjöld:	72.000	0
Viðhaldskostnaður:	250.000	0
Afborganir:	1.514.000	0
Leiga:		1.123.512
Samtals:	1.836.500	1.123.512
Mismunur:		712.988

Hér er viðhaldskostnaður reiknaður sem 1,5% hlutfall af verði fasteignar en því miður kemur viðhaldskostnaður yfirleitt aftan á fólk, t.d. með þakleka eða ónýtri skolplögn og þá er upphæðin oft illviðræðanleg í einum bita. Leiga er reiknuð út frá leiguverði 3 hæða íbúðar hjá Heimkynnum (sjá www.heimkynni.is).

Það er ljóst að samanburðurinn er leigu ótvírætt í hag jafnvel þótt ekki sé reiknað með áhættunni við verðtryggt fasteignalán á verðbólgu skeiði. Miðað við greiðslur kaupenda hafa þeir sem leigja svigrúm til að leggja drjúga upphæð til hlíðar á hverju ári í sjóð til að leggja í útborgun á eigin húsnæði síðar.

Samfylkingin vill skapa traustan og öflugan leigumarkað

Samfylkingin vill byggja upp traustan leigumarkað miðsvæðis í borginni og stuðla þannig að fjölbreyttu vali um búsetu. Þetta munum við gera með langtímasamningum við byggingarfélag og einkaaðila sem munu fá lóðir á kostnaðarverði miðsvæðis í Reykjavík til að byggja og reka leiguíbúðir. Þannig byggjum við upp traustan leigumarkað. Þannig losum við ungt fólk á vinnumarkaði við óþarfa áhyggjur af verðtrygðum fasteignaskuldum og viðhaldskostnaði. Þannig gerum við ungu fólki kleyft að ná öruggu starti í húsnæðismálum.

Höfundur er leikari og meistararar í hagvísindum og skipar 7. sæti á lista Samfylkingarinnar í komandi borgarstjórnarkosningum.

mikla sök á mannskæðu borgarastriði undanfarið, sækja vitanlega stuðning sinn til þeirra sem eru langþreyttir á að biða eftir að frjálshyggjuhugmyndafærði Gyanendra leysi vandamál landsins. Einaræðisherrann hefur neitað höfsömum sáttatillögum maóista og virðist ekki ætla að gera neinar málamiðlanir með frjálshyggjuáform sín.

Þess vegna er gamaldags bylting ef til vill ekki svo slæm hugmynd. Hún er í það minnsta skárr en vestræna lausnin á einræði í fjarlægum löndum – að sprengja landið í tætlur og koma þar á leppstjórn fyrir þá sem eftir tóra.

Finnur Dellsén á murinn.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á vísir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísir eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



allt

NÝTT Í BLAND VIÐ HIÐ GAMLA

Kaffi Paris hefur opnað á ný eftir endurbætur. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á matseðlinum.

MATUR 2



ÍSLENDINGAR NÝTA TILBOÐIN VEL

Neytendasamtökin aðstoða þá sem telja sig hlunnfarna í viðskiptum við verslanir og önnur fyrirtæki.

TILBOÐ 6

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[MATUR OG TILBOÐ]

Hagkaup í Skeifunni og á Akureyri bjóða sumardekk á góðu verði. Fimmtíu fyrstu sem kaupa heilan umgang fá 50% afslátt af umfelgun.



Árshátíð og aðalfundur Klúbbs matreiðslumeistara er haldinn á Ísafirði um helgina. Nánari upplýsingar á www.chef.is

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 28. apríl, 118. dagur ársins 2006.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag

Reykjavík	5.11	13.25	21.42
Akureyri	4.44	13.10	21.38

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Jón Gestur Sörtveit er hæstánægður með kaffivélina sína nýju enda metur hann fátt meira en að fá góðan kaffibolla.

Kaffið er á minni könnu

Ef það er eitthvað sem Jón Gestur Sörtveit þekkir vel þá er það kaffibaugin og hvernig á að njóta góðs kaffibolla.

Jón Gestur Sörtveit kaffimeistari er fróður um sögu og gerð kaffidrykkja enda kenndir hann á námskeiðum hjá Lavazza-kaffiskólanum á Íslandi. „Í raun heitir skólinn Lavazza Training Center og er hluti af alþjóðlegri keðju,“ segir Jón. „Það verða nokkur námskeið í maí fyrir almennung. Þar verður farið yfir sögu kaffisins, hver sé besta uppáhellingin fyrir hinar ýmsu gerðir af kaffikönnum, nemandur læra að laga góða kaffidrykki, flóa mjólk og lagskipta drykkjum.“

Spurður hvort hann sjái algerlega um kaffigerð og

uppáhellingar heima fyrir segist Jón ekki geta neitað því. „Já, kaffið er svolítið á minni könnu,“ segir Jón og hlær. „En ég er kominn með sjálfvirka kaffivél sem malar í hvern bolla þegar hún hellir upp á. Sumum finnst mikilvægt að eiga uppþvottavél en mér finnst mikilvægt að eiga kaffivél.“

Jón segist einnig vera ákaflega vinsæll í tjaldferðalögum því stálmokkakannan fylgir honum ávallt. „Ég hvet fólk til að kaupa sér svona fyrir sumarið frekar en að vera með instant-kaffi. Kannan er bara sett á prímus og maður fær rjúkandi og góða uppáhellingu.“

Uppskriftina, sem Jón gefur lesendum, fékk hann hjá lærimeistara sínum og má sjá á síðu 2.

johannas@frettabladid.is

Markaður í Sigtúninu

HÚSNÆÐI BÓMAVALS Í SIGTÚNI HEFUR FENGIÐ NÝJAN TILGANG.

Risastór markaður með geisladiska, DVD, músík og myndir hefur opnað í gamla Blómavals húsinu í Sigtúni 40. Að markaðnum standa Bergvík, 12 Tónar, Músík ehf, Músík og myndir og Culture Company. Hægt er að fá mikið úrval af tónlist og bíómyndum á góðu verði. Sem dæmi má taka geisladisk með söngkonunni Hönsu á 999 krónur, tónlistina úr Litlu hryllingsbúðinni á 1.499 krónur.



Nú flæðir tónlistin um ganga gamla Blómavals hússins í Sigtúni.

Meðal annarra frægra má nefna Ragnheiði Gröndal, Emiliönu Torri og Dionne Warwick.



Tryggvi Ólafsson

opnar sýningu í Galleríi Fold, við Rauðarárstíg



Tryggvi sýndi síðast hér á landi á Húsavík fyrir ári. Síðan hefur hann haldið sýningar í Danmörku, Svíþjóð og Frakklandi.

Opið á Rauðarárstíg virka daga kl. 10-18 laugardaga kl. 11-16, sunnudaga kl. 14-16, 1. maí kl. 14-16

Sýningin verður opnuð á morgun, laugardag kl. 15.00



Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Velkomin í Galleríi Fold · Rauðarárstíg

allt

matur o.fl.

Olía er ekki það eina sem hægt er að steikja upp úr. Ýmsar sósur eru ágætær til þeirra nota því þá fer bragðið inn í matinn.



**Fáðu
fimm stjörnur
hjá kökugagnrýnendum!**

Sérfræðingar í saltfiski

Þjónustum verðslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verðslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollarapunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótél – mótuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsunakka
rækjur
þorsknakka
steinbítiskinnar og bita

Ekta fiskur
Sælgaði úr sjónum

Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is



Birgir Rafn Ásgeirsson, kokkur á Kaffi París, hannaði nýja matseðilinn þar sem hann bæði heldur í gamla klassiska kökulistann og bætir við nýjum, léttum og ferskum réttum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Nýtt í bland við hið gamla

Hið nýja kallast á við það gamla á Kaffi París sem var opnað á ný eftir endurbætur á sumardaginn fyrsta.

Birgir Rafn Ásgeirsson, kokkur á Kaffi París, hannaði nýjan matseðil fyrir hið nýuppgerða kaffihús. „Við höldum í þetta gamla góða eins og stóran köklista, pönnukökur og vöffur. Hins vegar leggjum við mun meiri áherslu á matreiðslu,“ segir Birgir Rafn og nefnir sem dæmi að boðið verði upp á mikið af léttum réttum eins og rísotto, núðlurétti, lasagna og speltbökur.

Birgir segir ætlun hinna nýju eigenda að halda í gömlu stemninguna þrátt fyrir að útlit staðarins sé orðið mjög nýttiskulegt með flottri lýsingu. „Hins vegar höfum við skreytt salinn með gömlum myndum frá aldamótum og upp úr. Þetta eru myndir af umhverfi Kaffi Parísar og hvernig það hefur þróast,“ segir Birgir sem kom nýr inn í eldhúsið Kaffi Parísar eftir breytingarnar. Hann hefur áður starfað á hinum ýmsu veitingastöðum og setti meðal annars af stað Kaffi Blu í Kringlunni.

„Við viljum halda því sem var gott með göðum kökum og brauðum en fá inn matartraffíkuna undir kvöldið og það hefur gengið eins og í sögu,“ segir Birgir sem heldur hvað mest upp á túnfisk-



Grillaður túnfiskur með sítrussalati er eitt af því sem boðið er upp á á nýjum matseðli Kaffi Parísar.

salatið af þeim réttum sem prýða matseðilinn.

„Það er ferskur grillaður túnfiskur sem liggur í oriental maríneringu. Það kemur létt reyklarbragð í gegnum maríneringuna. Með þessu er sítrussalat með lime, kóriander og kapers,“ segir Birgir og áréttir að ávallt sé notað við ferskasta hráefnið hverju sinni. „Annars er svo gríðarlega mikið að gera hjá okkur að vörurnar gerast ekki mikið ferskari enda rjúka þær út,“ segir hann glaðlega.

Opnunartími Kaffi Parísar hefur verið rýmkaður nokkuð eftir breytingarnar. Á virkum dögum opnar klukkan átta um morguninn, eldúsið lokar klukkan tíu að kvöldi en staðurinn er opin til klukkan eitt. Um helgar er opnað klukkan níu um morguninn og er opið til þrjú um nóttina.

„Eftir að eldhúsið lokar ætlum við að reyna að mynda kokteilbarsstemningu,“ segir Birgir en nokkuð úrval af kokteílum stendur til boða á hinum nýja og endurbætta stað.



Þriggja rétta matseðill

	Verð fyrir einréttu	Verð fyrir þrírétta
Okkar rómaða humarsúpa	990	
Steiktur skötuselur með hvítvínssósu	3.390	4.390
Kjúklingabringa „a la Italiana“	2.950	3.890
Lambafillet með sherrybætri sveppasósu	3.390	4.390
Nautalundir með Chateaubriandsósu	3.700	4.690
Súkkulaðifraud	790	

Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli“

Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29

Boðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is

VERSLUN VÍNGERÐARMANNINS

HÁGÆÐA
VÍNGERÐAREFNI



EINFALT,
ÓDÝRT ÁHUGAMÁL

ÓDÝR KOSTUR EF HALDA Á VEISLUR

aman

Skeifunni 11d - 108 Reykjavík
Reykjavíkurvegur 64
220 Hafnarfirði
www.aman.is

Hrist af list

NÚ Á SUNNUDAGINN, 30. APRÍL,
FER FRAM ÍSLANDSMÓT BAR-
ÞJÓNA.

Barþjónakeppnin verður haldin á Nordica Hótel. Að þessu sinni verður keppt í Long-Drinks sem eru drykkjarblöndur fylltar upp með gosdrykkjum og ávaxtasöfum. Vegleg verðlaun eru í boði fyrir þrjú efstu sætin en þeir einir hafa keppnisrétt sem eru með sveinspróf í framreiðslu, eru meðlimir í Barþjónaklúbbi Íslands og hafa skilað inn uppskriftum til yfirdómnefndar keppinnar. Sá sem hreppir fyrsta sætið verður krýndur til Íslandsmeistara og mun keppa fyrir Íslands hönd í heimsmeistarakeppni í Grikklandi haust.



Kokteilar með ávaxtasöfum eru oft litríkir.

uppskrift Jóns Gestis }

Africado ísréttur

1 Vanilluiskúla
1 góður espresso

Vanilluiskúlan er sett í skál og espressóinn er borinn fram í bolla til hliðar við ísskálina. Espressóinn er svo hellt yfir ísinn en í því liggur stemningin sem fylgir þessum rétti. Einnig má setja eina rönd af Galliano, Cointreau eða af öðrum líkjör yfir ísinn. Jón Gestur mælir með Lavazza Club kaffiblöndu í espressó-bollann með ísnum. Blandan er hrein arabica blanda en arabica-baunirnar eru sérvaldar og blandan flauelsmjúk. Eigi fólk ekki espresso vél má gera bragðmikla og góða uppáhellingu í filter eða pressukönnu.

Til margra hluta nytsamlegt

Engifer er afar sérstök fæða sem má nota á margvíslegan hátt.


Það sem í daglegu tali er kallað engifer er sá hluti engiferplöntunnar sem notaður er í matvæli. Oftast er talað um engiferrot en í raun er algengast að unnið sé með neðsta hlutann af stöngli plöntunnar. Margir tengja engifer við hið sérstaka bragð þess og ilminn sem af engiferinu kemur. Eins og mörg önnur matvæli er engifer upprunnið í Asíu og er mest af því framleitt í Indlandi. Dýrasta og fínasta engiferið er þó af mörgum talið koma frá Ástralíu og Jamáíku.

Engifer barst til Evrópu á tímum Rómverja og náði notkun þess hámarki á miðöldum þegar engifer var notað til þess að krydda nær alla rétti. Enn þann dag í dag er engifer þó álfka mikið notað í austurlenskri matargerð og salt.

Engifer hefur eins og áður segir margvíslegt notagildi. Á Vesturlöndum hefur það mikið verið notað í ýmiss konar bakstur og sætindi. Oftast er það þó notað í austurlenska rétti, oftast pottreitti, fiskrétti, súpur, sósur og ýmislegt fleira. Engifer er einnig nauðsynlegt með sushi en þar gegnir engiferið því hlutverki að hreinsa bragðlaukana. Engifer má líka nota í ýmiss konar drykki en til dæmis er engiferte afar vinsælt.

Vinsældir engifers hafa aukist að undanförunni enda er talið að það bæti líðan fólks á ýmsa vegu. Þykir engifer sem dæmi gagnlegt í baráttunni gegn blóðtappa og liðagigt auk þess sem það er slímlosandi. Engifer er því mikilvægt en umfram allt heilsuþætandi hráefni sem nota má í margs konar matargerð.

steinthor@frettabladid.is



Í bókinni má finna úrval meðlætis úr kartöflum, hrísgrjónum, rísotto o.s.frv.

Meðlæti gerir gæfumun

Í matreiðslubókinni *Meðlæti er hægt að fá 200 uppskriftir og hugmyndir.*


Matreiðslubókin *Meðlæti* kom nýverið út hjá Vöku-Helgafelli. Þar má finna 200 uppskriftir og hugmyndir að skemmtilegu meðlæti sem getur gert gæfumuninn í velheppnaðri máltíð.

Í bókinni má finna hugmyndir að meðlæti sem hentað getur með alls kyns kjötréttum og fiski. Með sköpunargleði og hugmyndaauði er einnig hægt að galdra fram fullkomnar máltíðir úr meðlætisréttunum einvörðungu.

Í bókinni má finna úrval meðlætis úr kartöflum, hrísgrjónum, búlgúr, rísotto, kúskus, pólentu, alls kyns grænmeti og auk þess sósur, idýfur, kryddlegi, pikles og margt fleira.

Höfundur bókarinnar er Charlotte Grønlykke en hún hefur áður gefið út bókina *Aftensmad* sem fékk mjög góða dóma í Danmörku.

Hvað er ... SOJA?



Sojabaunir hafa í árbúsundir verið verkaðar og unnar á ýmsan hátt í Kína og nágrennalöndunum. Vinsældir þeirra á Vesturlöndum urðu hins vegar ekki verulegar fyrr en seint á síðustu öld með tilkomu mikillar umræðu um heilsu og hollt mataræði. Sem dæmi er stærsti framleiðandi sojabauna í dag sjálf Bandaríkin.

Sojabaunir eru einstaklega næringarríkar en í 100 grómmum af sojabaunum má fá um 140 hitaeiningar. Þær eru afar prótínaúðugar og eru jafnfram auðugar af járn og E-vítamíni. Notagildi þeirra er einnig afar fjölbreytt en úr sojabaunum má meðal annars búa til olíu, mjólk, sósur, buff, mjöl og tófú auk þess en þær má borða ferskar. Sojabaunir eru hins vegar bragðlitar en úr því má bæta með bragðsterkum sósum og/eða vel völdum kryddum.

(heimildir: Matarást og soya.be)



Verðlaunavara frá Merchant Gourmet.

Frábært yfir salat, með kjöti, fiski, grilluðu grænmeti og ómóttæðilegt með jarðberjum.

arka sími 8992363

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Þúsundeyjasósa...
... þegar vindur hvín!



Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

Hvítlaukssósa...
... þegar sólin skín!



Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna. Góð á saltkeið með rifsberjahlaupi og sem idýfa.

KLÚBBURINN
sport bar & grill

www.klubburinn.is
SÍMI: 567 3100

Laugardagskvöldið 29. apríl

Hljómsveitin

Logar frá Vestmannaeyjum



allt tilboð o.fl.

50%

Fjarðarkaup bjóða 50% afslátt á vanilluspinnum. Það hljómar vel, ekki satt? Topp-tilboðið þessa vikuna.



KJÓLAR VIÐ BUXUR

Mörg mynstur ótrúlegt úrval

Stærðir 36 - 48
Verð frá 3.990



Laugavegi 54,
sími 552 5201



Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Pampers bleiur+blautklútar	1.089	1.348	1.089	20
Ruslapokar svartir 25 stk.	498	598	20	15
Coca cola 2 l 3 fyrir 2	390	585	65	35
Grillaður kjúklingur	589	789	589	25
Fk lambagrill kótleitur	1.348	1.798	1.348	25
FK jurtafryddað lambalæri	1.098	1.830	1.098	40
FK grill svinakótleitur	1.198	1.635	1.198	25
Ali vinarpýlsur	651	868	651	25
Ali Mexico grísahnakki	1.273	1.698	1.273	25
Máistubbar 6 stk. í pk.	198	298	33	35
FK hrásalat 320 g	98	147	306	35
FK kartöflusalat 320 g	98	147	306	35
Vanilla íspinnar 8 stk. í pk. 2 fyrir 1	344	688	344	50
Gular melónur	129	159	129	20
Vatnsmelónur	129	159	129	20
Bökunarkartöflur	149	194	149	25
Smoothie 1 l	269	332	269	20
Smoothie 250 ml	109	148	436	25

Tilboðin gilda til 29. apríl



Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Holtakjúklingur ferskur	417	695	417	40
Nautalundur úr kjötbörði	2998	3998	2998	25
Svínalundur úr kjötbörði	1799	2398	1799	25
Frescietta Brickoven ostapizza 570 g	399	589	699	30
Hatting ciabattabrauð með pesto 175 g	229	279	1308	20
Kjörís Carte d'or Triple choc	349	549	349	35
Kjörís Carte d'or Choc Orange	349	549	349	35
Kjörís Carte d'or Creme Mascar	349	549	349	35
Kjörís Carte d'or Toblerone	349	549	349	35
Kjörís Carte d'or lavazza	349	549	349	35

Tilboðin gilda til 30. apríl



Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Móa Kjúklingur ferskur	419	699	419	40
Mattfugl kjúklingamánar pipar 300 g	349	499	1.163	30
Mattfugl kjúklingamánar beikon 300 g	349	499	1.163	30
Goða grillborgarar 4 stk.	430	614	430	30
Svali 1 kassi og hoppubolti 24 stk.	998	nýtt	998	
Bambolina classic bleiur, duo pack	699	899	699	20
Goodbaby kerra grá	6.998	8.990	6.998	20
Bilstólasessa POLO	1.490	1.890	1.490	20
Freyjuhrís flóð 200 g	249	349	249	30
Pepsi Max 4x2 l 4 stk.	499	644	62	25

Tilboðin gilda til 30. apríl



Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Lamba Rib eye	2.498	3.198	2.498	20
Lambalæri	998	1.498	998	35
Grísafilet-spjót í grískum kryddlegi	298	Nýtt	298	
Nóatúns grísaríf BBQ	1.498	Nýtt	1.498	
Lambafilet m/fitu fyllt	3.490	3.798	3.490	10
Nóatúns sælkerals 4 tegundir 500 ml	499	nýtt	998	
Myllu möndlukaka 420 g	229	299	545	25
Epli græn	129	169	129	25
Mangó	199	289	199	30
Florette mixed salat 250 g	249	349	996	30

Tilboðin gilda til 30. apríl



Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Ferskar kjúklingabringur	1.598	1.919	1.598	15
Fersk kjúklingalæri	359	479	359	25
Ferskir kjúklingaleggir	359	479	359	25
Ferskir kjúklingavængir	179	239	179	25
Danskar kjúklingabringur 900 g	1.298	1.499	1.298	15
NF maríneraðar laxagnillsneiðar	998	Nýtt	998	
Bónus eldhúsrúllur xl 3 stk.	298	Nýtt	99	
Bónus fetastur í gleri 250 g	199	Nýtt	1.196	
Tuborg léttöl 500 ml	49	79	98	40
Euroshopper ávaxtasafar 1 l	69	Nýtt	69	

Tilboðin gilda til 30. apríl



Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Ísfugls kjúklingavængir lausfrystir	374	486	374	25
Pataks Tikka Masala sósa 540 g	239	334	443	30
Pataks Korma sósa 540 g	239	334	443	30
Pataks Rogan Josh sósa 540 g	239	334	443	30
Pataks JalFREZI sósa 540 g	239	334	443	30
Pataks Dopiazza sósa 540 g	239	334	443	30
Pataks Pappadums Plain eða Garlic 113 g	139	194	1.230	30
Pataks Sweet mango Chutney 340 g	289	398	850	25
Sunlolly 10*62 ml	179	198	289	10
Cadbury Fingers 125 g	139	159	1.112	15

Tilboðin gilda til 3. maí

DIESEL DAGAR

FOR SUCCESSFUL LIVING

föstudag og laugardag

20% afsláttur

str. 5 – 14

ENGLABÖRNIN

Laugavegi 51 • s: 552 2201

20% afsláttur föst. og laug.

Flott fót á káta krakka 0-14 ára

SPEZ

Hafnarstræti 98 | Akureyri | S. 461 1433

AUGLÝSINGASÍMI

FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000

www.velaborg.is S: 414 8600

JUNGHEINRICH

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

LEITIÐ TILBOÐA HJÁ SÖLUMÖNNUM OKKAR

Mest seldu lyftararnir

Reykjavík Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 Akureyri Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

Sparilegt og sportlegt

Fóðraður blágrænn kjóll með gylltum þráðum og perlubandi frá Créton.



ANAS BÝÐUR AFSLÁTT Á ÖLLUM SÍNUM VÖRUM.

Vandaður danskur kvenfatnaður er með fimmtán prósentu afslátti í versluninni Anas fram á laugardag. Þetta eru meðal annars pils, kjólar, buxur, vesti, bolir og yfirhafnir og allt meira og minna nýjar vörur. Anas er þekkt fyrir að vera með fatnað fyrir konur á öllum aldri, bæði sparilegan og sportlegan.

Sumarsprengja



COSMO Í KRINGLUNNI OG SMÁRALIND STENDUR FYRIR SUMARSPRENGJU.

Sprengjan er haldin helgina 27-30. apríl. Þá er 20% afsláttur af öllum fatnaði. Cosmo selur kvenfatnað frá París, London, Amsterdam og Milanó. „Allar vörur, nýjar og gamlar eru á tilboði og gildir það jafnt um leðurjakka, pils og buxur svo eitt-hvað sé nefnt,“ segir Lilja Hrönn Hauksdóttir, eigandi verslunarinnar.

Toppur frá Cosmo.

Helmingsafsláttur af völdum vörum

DEBENHAMS Í SMÁRALIND HELDUR VORÚTSÖLU NÆSTU DAGA.

Allt að fimmtíu prósentu afsláttur verður veittur af völdum vörum í versluninni Debenhams um helgina og alla næstu viku. Nokkur tilboð eru í gangi. Til dæmis lækka barnaleðurjakkar úr 18.900 krónur í 4.900. Hægt er að fá herrastutterma-boli á 990 krónur en áður kostuðu þeir 2.990. Dömskyrtur á 1.490 krónur með þrjú þúsund króna



Tuttugu prósentu afsláttur er veittur af öllum pottum og pönnum fram á sunnudag.

afslátti og dömbuxur á 1.990 krónur. Auk þessa verður veittur 20 prósentu afsláttur af öllum pottum og pönnum í heimilisdeild, ásamt nærfötum og sokkum í herra-deild, fram á sunnudag.

Bætt líðan með betra lofti

Kynningarverð

kr. 29.900

Listaverð kr. 39.900



Hreinsar loftið | Eyðir lykt | Drepar bakteríur

Opið 10-18 alla virka daga 12-16 á laugardögum

Skúlagötu 63 - 105 Reykjavík

Nánari upplýsingar á www.ecc.is og í síma 511 1001

ECC

Láttu þér líða vel í bústaðnum

Í tilefni sumarhúsasýningarinnar býður Betra Bak ótrúleg tilboð á heilsudýnum, rúmum, svefnsófum og svefnkollum.



Spring Air, Tempur eða Chiro heilsudýnur með leðurklæddum botni í brúnu eða hvítu. Til í öllum stærðum.



Recor svefnsófar með heilsudýnu. Til í mörgum stærðum og litum. Hollandia svefnkollar með heilsudýnu í 80x80x190 og 120x80x190 í mörgum litum.




Leggðu grunn að góðum degi

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Traust dráttarbeisli
Asetning á staðnum.



VIKURVAGNAR EHF.

Vikurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Íslendingar eru allra þjóða duglegastir að nýta sér tilboð

Neytendasamtökin aðstoða þá sem telja sig hlunnfarna í viðskiptum sínum við verslanir og önnur fyrirtæki. Ýmsar reglur gilda sem almenningur veit lítið um.

Hlutverk Neytendasamtakanna er fyrst og fremst að standa vörð um rétt og hagsmuni neytenda. Samtökin bjóða upp á ýmsa ráðgjöf auk þess að taka fyrir þau umkvörtunarefni sem á meðlimum þeirra brenna. Samkvæmt Írisi Ösp Ingjaldsdóttur, lögfræðingi neytendasamtakanna, berast þeim árlega um 10.000 erindi. Þessi erindi eru kvartanir, óskir um ráðgjöf, óskir um milligöngu og annað slíkt.

Ýmis lög gilda um verslun og rétt neytenda, lög sem fæstum neytendum er kunnugt um. Til að mynda er 14 daga skilafrestur á vörum sem keyptar eru í hús-göngu- eða fjarsölu. Sé keypt gölluð vara á kaupandi almennt rétt á að velja milli þess að láta laga hana sér að kostnaðarlausu, eða fá nýja vöru. Sé hinsvegar um dýra vöru að ræða, og séu gallarnir smávægilegir og auðlagðir, getur það talist ósanngjarn kostnaður söluadila að afhenda nýja vöru.

Neiti söluadili að bæta gallaða vöru er hægt að leita til Neytendasamtakanna. „Við reynum alltaf að miðla málum. Fólk getur leitað til okkar og fengið ráð,“ segir Íris. „Við upplýsum það um rétt sinn og oft er það nóg til að leysa málin.“

Félagsmenn í Neytendasamtökunum fá frekari hjálp frá samtökunum í málum sem ekki leysast. „Við höfum samband við viðkomandi seljanda annað hvort símleiðis eða skriflega og reynum að miðla málum. Sé það ekki nóg er málum vísað til úrskurðanefndar en næsta stig eftir það eru dómstólar,“ segir Íris. Úrskurðanefndirnar eru nokkrar og fást þær við mismunandi mál. Sú nefnd sem flest mál fær inn á sitt borð er úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum. „Hún er lang stærsta nefndin. Málin skipta hundruðum á ári en flest þeirra fjalla um sakarskiptingar í árekstrarmálum,“ segir Íris. „Næsta nefnd þar á eftir um 20-30 mál á ári að fást við.“

Íslendingar eru allra þjóða duglegastir að nýta sér tilboð. Það sparast svo mikið ef keypt er á tilboði, jafnvel þótt varan sé óþörf. Um tilboð gilda ýmsar reglur. Til dæmis þarf upprunalegt verð vörunnar að koma fram í tilboðsauglýsingu. „Neytandinn verður að geta metið hversu gott tilboðið er,“ segir Íris. „Ef þetta er ekki gert, eða ef tilboð standast ekki, er um brot á reglum um óréttmæta viðskiptahætti að ræða og verið er að brjóta á rétti neytenda.“

tryggvi@rettabladid.is

Íris Ösp er lögfræðingur Neytendasamtakanna.
FRÉTTABLAÐID/GVA



Ítalskir gæðaskór

á dömur og herra



grisport

Allir með dempun í hæl

Light Step
by Grisport



1. Teg. 4124 Stærðir 36-42



2. Teg. 2316 Stærðir 39-47



3. Teg. 3112 Stærðir 36-42



4. Teg. 2076 Stærðir 39-47

XENA

MJÓDDINNI S: 557 1291

GLÆSIBÆ S: 553 7060

BORGARNESI S: 437 1240

Bætt líðan með betra lofti

Kynningarverð

kr. 29.900

Listaverð kr. 39.900

Hreinsar loftið | Eyðir lykt | Drepur bakteríur

Opið 10-18 alla virka daga 12-16 á laugardögum

Skúlagötu 63 - 105 Reykjavík

Nánari upplýsingar á www.ecc.is og í síma 511 1001

ECC

Garðhúsgögn með afslætti

Fram að 1. maí eru öll garðhúsgögn í Garðheimum með 20% afslætti.

Framundan er löng helgi þar sem 1. maí ber upp á mánudag. Tilvalið er að hefja vorverkin um helgina og bjóða Garðheimar ýmis tilboð á garðvörum, tólum og tækjum þessa dagana.

Turbo-kalk, sem er sérstök blanda á grasflötina til að hemja mosavöxt og örva grasvöxt, er á kynningartilboði, 990 krónur fyrir 12,5 kílóa poka. Limgerðisklippur eru á 15% afslætti, pallahitarar á 20% afslætti og fjölmargar pottaplöntur eru á tilboði.

Hægt er að fá mold og túnþökur í Garðheimum. Allt sem til þarf er að mæta með kerruna. Afgreitt er til 18.00 alla daga. Garðheimar eru til húsa í Stekkjarbakka 6 og er síminn 540-3300.

Lagersala H&M

H&M Rowells hefur opnað lagersölu í Fellsmúla 28.

Um er að ræða nýlegar flíkur á dömur, herra og börn. 50% afsláttur er af öllum vörum og opið er frá 11-19 alla daga.

„Þetta er stór markaður fullur af fötum,“ segir Gunnar Jónsson, forspraki lagersölu. „Fatnaðurinn er til í öllum stærðum og það þekkjast allir Íslendingar vörurnar frá H&M og vita að þar eru á ferð vandaðar vörur.“

Þess má geta til glöggvunar að Fellsmúli 28 er gamla World Class-húsið.

Þetta bikini er frá H&M.

allt
bílar

Alla laugardaga



Ástarfuglar eru fallegir og fágaðir páfagaukar.

Ástarfuglar á tilboði

Dýraríkið ætlar að standa fyrir sérstakri ástarhelgi nú um helgina.

Vorið er gengið í garð og í tilefni af því að fuglar fara nú að hugsa til hreiðurgerðar og ástin liggur í loftinu ætlar Dýraríkið að standa fyrir sérstakri ástarhelgi. Þá verða ástarfuglar boðnir með 40% afslætti en tilboðið gildir aðeins þessa einu helgi.

Kristinn Þorgrímsson, verslunarstjóri Dýraríksins á Grensás-

vegi, segir að ástarfuglar séu afar skemmtilegir dvergþáfagaukar. „Nafnið fá þeir þó væntanlega út af litnum. Þeir eru samt miklir flautarar og geta orðið mjög hændir að fólki.“ Kristinn bendir einnig á að fuglarnir séu mjög samrýmdir og séu nær alltaf saman eftir að þeir hafa parað sig.

Eins og áður segir stendur ástarhelgin aðeins yfir nú um helgina. Tilboðið gildir í öllum þremur verslunum Dýraríksins.

Draumarúm í sumarskapi

Hjá Draumarúmi í Bæjarlind verða margar skemmtilegar vörur á kynningarafslætti fram í næstu viku.

Draumarúm hét eitt þeirra fyrirtækja sem tók þátt í stórsýningunni Sumar 2006 sem fór fram í Laugardalnum fyrir stuttu síðan. Á sýningunni kynntu Draumarúm helstu vörur sína og á sérstöku tilboði. Í kjölfar hátíðarinnar var ákveðið að halda áfram að hafa þessar vörur á kynningarverði. Því eru flest tilboðin á nýjum vörum.

Friðfinnur Magnússon, verslunarstjóri Draumarúms, segir að

flest tilboðin séu á gæðasloppum, sængum, sængurverasettum og á Mediflow-heilsukodanum, sem slegið hefur í gegn að undanförunu, að sögn Friðfinns. Einnig verður á sérstöku kynningartilboði aloe vera-dúnsæng sem er í miklu upphaldi hjá Friðfinni. „Ég tek að minnsta kosti mína með hvert sem ég fer.“

Aloe vera má greinilega nota á fleira en sólbrennda húð.



Allt fyrir heimilið og tilvalið fyrir sumarhúsið

Sumarsprengja!

Aðeins dagana 28. apríl - 5. maí

Opið alla helgina
Opið 1. maí

AFSLÁTTUR 15% AFSLÁTTUR

AFSLÁTTUR 30% AFSLÁTTUR

AFSLÁTTUR 15% AFSLÁTTUR

AFSLÁTTUR 25% AFSLÁTTUR

AFSLÁTTUR 30% AFSLÁTTUR

AFSLÁTTUR 10% AFSLÁTTUR

NÝTT! ENDARAÐHÚS - 5 SVEFNH. 174,3 FM. + 30 FM. BIŁG. + GOTT LEIKSV. Glæsilegt, mikið endurnýjað og vel skipul. 3ja hæða endaraðhús samt. 200 fm. Falleg eign með mikið útsýni yfir R.vík og Snæfelln. Húsið var málað að utan 2004. 1. HÆÐ: Eldhús sem var nýlega stækkað og nýuppger. Stofa með útgengi út á góðar suðvestursvalir. 2. HÆÐ: Á efri hæðinni eru 4 góð sv. herb. öll parkettlög. JARÐHÆÐ: Rúm gott herb. og úr því útg. út í garð. BILAGEYMSLA: Gott sérstæði í bílgeymslu og með því sérgeymsla.

Allar nánari upplýsingar veitir: Áslaug Baldursdóttir, sölumaður í síma: 822-9519

Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun

TIL SÖLU VERSLUNARHÚSNÆÐI Á GÓÐUM STAÐ Í REYKJAVÍK

Heiti eignar: GRENSÁSVEGUR, REYKJAVÍK
Stærð í fermetrum: 143,5
Tegund eignar: Verslunahúsnæði
Verð: 33,9 millj.

Húsnæðið er mikið endurnýjað með góðum verslunargluggum. Fimm ára leigusamningur með bankatryggingu. Áhvilandi hagstætt lán að upphæð 22,5 millj. til 40 ára. Góð verslunareining með miklar leigutekjur.

EIGN FYRIR FJÁRFESTA

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 695-1095 EÐA 585-0100

Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109

RE/MAX MJÓDD ÞITT - líf - ÞINN ferill - ÞÍN leið

Beitistaðir
Gullmoli í Leirársveit

Verð: TILBOÐ

Jörð í Leirársveit með algjörlega nýendurnýjuðu einbýlishúsi og útihúsum samtals 11 hektara jörð. Frábært tækifæri fyrir hestafólk og eins væri möguleiki að vera með gistiheimili eða annan rekstur á jörðinni. Fallegar reiðleiðir eru til allra átta m.a út á fjörur. Einbýlishúsið: Steinhús klætt að utan með bjálkklæðningu og einangrað með steinull. Húsið er á 2 hæðum, glæsilegt og alveg endurnýjað, efri hæðin bíður upp á marga möguleika t.d rekstur gistiheimilis. Á jörðinni eru samtals 600fm af húsum(með einbýlishúsinu) 30-40 hesta hesthús, 2 hlöður og fjós. Jörðin: 11 ha þar af ca 3,3 ha af ræktuðu landi. Möguleiki á að skipta upp landinu og breyta í minni lóðir undir t.d " búgarða. "Skjólbeltarækt er hafin í samvinnu við vesturlandskóga. Frábærar reiðleiðir eru í allar áttir m.a. út á fjörur. Húsið stendur frekar hátt í miðri sveitinni við Leirvoginn (Grunnafjörð) Með alveg frábæru útsýni m.a. yfir fjörðinn og í átt til Skarðsheiðar. Örstutt er til Borganess og Akraness og ca 30 mín til Reykjavíkur.

RE/MAX MJÓDD

Jónas Örn Jónasson hdl. lögg. fasteignasali 520 9550

Hafdis Sölufulltrúi 895 6107 hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufulltrúi 863 0402 asdis@remax.is

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

520 9550



Auglýsing frá yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar

Frestur til að skila inn framboðum við bæjarstjórnarkosningar sem fram fara þann 27. maí 2006 er til 6. maí nk.

Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar mun veita framboðum viðtöku á skrifstofum Mosfellsbæjar í Kjarna, Þverholti 2, 4. hæð, laugardaginn 6. maí nk. milli kl. 09:00 og 12:00.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag þann 27. maí 2006 verður í Lágafellsskóla við Lækjarhið.

Mosfellsbæ 27. apríl 2006.

Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar
Þorbjörn Inga Jónsdóttir formaður
Haraldur Sigurðsson
Gunnar Benediktsson

Nemendaráðstefna í Almennri bókmenntafræði

Laugardaginn 29. apríl halda nemendur í Almennri bókmenntafræði sína árlegu vorráðstefnu. Fer hún að þessu sinni fram í Fyrirlestraral Öskju (132 - Stofa 1) og hefst klukkan 13:00 og stendur til 17:00. Flutt verða erindi byggð á B.A.-ritgerðum, M.A.-ritgerðum og rannsóknarverkefnum meistaranema.

Dagskráin er sem hér segir:

Nemendaráðstefna bókmenntafræðinema, laugardaginn 29. apríl.

Askja, Fyrirlestraralur 132 - Stofa 1.

Kl. 13:00-14:30 Fyrri málstofa

Rósa Björk Gunnarsdóttir: Hinn meinlegi svefn: Um kyngervi, svefn og þrá í Ódysseiskviðu.

Kristín I. Pálsdóttir: Sor Juana svarar fyrir sig: Nunna og femínisti á 17. öld.

Elisa Jóhannsdóttir: Engin vettlingatök: Femínismi í skáldsögum Fríðu Á. Sigurðardóttur.

14:30-15:00 Kaffi.

15:00-17:00 Síðari málstofa.

Helgi Sigurbjörnsson: Dúfnaveisla í Ráðstjórnarríkjum: Um ritgerð og smásögu eftir Halldór Laxness.

Agnes Vogler: Veni, vidi, vici? Australian Representations that return the Tourist Gaze.

Hjalti Snær Ægisson: Hin eilífa nútíð: Um Four Quartets eftir T. S. Eliot.

MÓTTÖKUSTJÓRI



Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Móttökustjóra lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til **26. apríl 2006**. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov>.

Bílstjóri framtíðarstarf



ÍSAM leitar eftir að ráða traustan mann í framtíðarstarf sem bílstjóra. Frábær starfsaðstaða og góður vinnuandi hjá traustu og vel reknu fyrirtæki. Áhugasamir sendi inn umsókn með tölvupósti á hjalti@isam.is eða með pósti, merkt "Bílstjóri" á:

ÍSAM
Tunguhálsi 11
110 Reykjavík

Einnig er hægt að senda inn umsóknir á vef fyrirtækisins, www.isam.is



KÓPAVOGSBÆR

FRÁ LINDASKÓLA

• Íslenskukennari óskast í 8. – 10. bekk næsta skólaár.

Laun samkv. kjarasamningi Launafundar sveitarfélaga og KÍ.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af kennslu.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 554 3900 og gsm 861 7100.

www.kopavogur.is - www.job.is

Grunnskólinn Tjarnarlundi auglýsir

Eftir kennara til almennrar kennslu næsta skólaár. Lítil og heimilislegur skóli á landsbyggðinni, gott andrúmsloft og góðir nemendur. Einnig vantar stuðningsfulltrúa til starfa fyrir næsta skólaár.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 899-7237 eða tölvupósti tjarnarlundur@snerpa.is

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

Umsækjendur þurfa að vera 20 ára og hafa gilt bílpróf, einnig væri kostur að þeir hefðu eigin bíl til umráða. Áhugi og/eða þekking á tæknimálum er ótvíræður kostur. Bæði er í boði aðalstarf og aukavinna sem hentar vel t.d. með námi.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá klukkan 09-17 á virkum dögum. Umsóknir skulu sendar á netfangið: lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is

Við þurfum her!

Okkur vantar þjónustulipra, samviskusama, harðduglega og metnaðargjarna einstaklinga í vaxandi "þjónustuher" Digital Ísland.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

Sjálfstæð peningastefna – gagn eða ógagn?

UMRÆÐAN
PENINGASTEFNA
SEÐLABANKA
ÍSLANDS



BJARNI MÁR GYLFASON
HAGFRÆÐINGUR SAMTAKA IÐNAÐARINS

Vaxtastefna Seðlabankans sætir nú gagnrýni úr óvæntri átt þar sem Illugi Gunnarsson, hagfræðingur og fyrrum aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra, telur bankann hafa aukið verðbólgu með of snörpum vaxtahækkunum! Þetta er sannarlega óvænt útspil enda hefur Illugi löngum verið talinn ótull talsmaður krónunnar og sjálfstæðrar peningamálastefnu. Arnór Gunnarsson, aðalhaf fræðingur Seðlabankans, svarar grein Illuga

vaxtahækkunar við skilyrði frjálsra fjármagnsflutninga geta styrkt gengið mjög líkt og gerðist með krónuna á síðasta ári. Við það lækkar verðlag innfluttrar vöru og þar með dregur úr verðbólgu. Hins vegar eykst einkaneysla í kjölfarið enda er um tæpur helmingur einkaneyslunnar innfluttur. Þannig eykur vaxtahækkun þjóðarútgjöld í gegnum aukna einkaneyslu, þvert á viðteknar kenningar þjóðhagfræðinnar.

Fræðilega ættu vaxtahækkunar að draga úr neyslu og hvetja til sparnaðar en vegna smæðar hagkerfisins og þess hve háð við erum innflutningi gerist þetta ekki. Þetta veikir mjög getu Seðlabankans til að ná verðbólgu markmiði sínu. Þessu ferli virðist reyndar lokið í bili a.m.k. enda ljóst með gengislækkun krónunnar að undanförunu að þetta háa gengi fékk ekki staðist. Annað sem veikir peningastefnuna er viðtæk verð-

veitt frelsi til að ná markmiði sínu. Síðan eru liðin 63 mánuðir en verðbólga hefur aðeins verið undir verðbólgu markmiðinu í 16 mánuði eða 25% þess tíma. Vissulega má segja að verðbólga hafi stundum verið minni en ella vegna hærri vaxta. Vandinn er hins vegar sá að þegar Seðlabankinn er í vaxtahækkunarferli styrkist gengið mjög og færast frá langtíma jafnvægi sínu. Á tilteknum

Vandinn er hins vegar sá að vaxtahækkun nú stöðvar ekki veikingu krónunnar og mun enn síður takast að styrkja hana á ný.

tímamarkmiði fær gengið ekki lengur staðist og fellur þrátt fyrir háa stýrivexti. Verðbólgu skot er óhjákvæmilegt í kjölfarið og því má segja að vaxtahækkunir og gengisstyrking stuðli að frestun verðbólgu.

Sagan endurtekur sig

Það sem virðist vera að gerast í efnahagslífinu nú er nákvæmlega það sama og átti sér stað árið 2001. Í apríl það ár stóð gengisvísitala krónunnar í 122 stigum eftir að hafa veikt nokkuð mánuðina þar á undan. Þrátt fyrir vaxtahækkunir Seðlabankans og vonir hans um að halda gengi krónunnar sterku til að sporna gegn verðbólgu hríf-féll gengi krónunnar og vísitalan fór í 140 stig á einum mánuði. Kröftugt verðbólgu skot fylgdi í kjölfarið og verðbólgan náði hámarki í janúar 2002 þegar hún mældist 9,4%. Þegar gengi krónunnar féll árið 2001 höfðu stýrivextir Seðlabankans náð hámarki og voru ekki hækkadur frekar. Í raun voru vextir lækkaðir í

miðju gengisfalli krónunnar. Þetta reyndist ágætlega enda minnkaði verðbólga hratt og var komin í 2,4% í nóvember það ár. Ef sagan endurtekur sig mun Seðlabankinn ekki hækka vexti umfram það sem orðið er og byrjar jafnvel að lækka vexti fyrir en síðar. Miðað við yfirlýsingar bankans eru hins vegar ekki líkur á því.

Eru mistök í vændum?

Almennt er gert ráð fyrir að Seðlabankinn hækki vexti enn frekar. Davíð Oddsson hefur líka lýst því ítrekað yfir að til allra mögulegra aðgerða verði gripið til að hemja verðbólguna, jafnvel að hækka stýrivexti í 16%. Það er skiljanlegt að hinn stefnufasti seðlabankastjóri vilji berjast af krafti við verðbólguna enda löngu ljóst að einn versti óvinur atvinnulífs og heimila er þar á ferð. Vandinn er hins vegar sá að vaxtahækkun nú stöðvar ekki veikingu krónunnar og mun enn síður takast að styrkja hana á ný. Gengisleið miðunarferlis Seðlabankans hefur verið virkasta rásin/leiðin í ferlinu en hætt er við að hún hafi nú lokast.

Vaxtahækkunir í árið 2000 og nú í ársbyrjun 2006 sýna það glögglega enda féll krónan þrátt fyrir vaxtahækkunir. Hins vegar hafa vextir mikil áhrif á framleiðsluspennu hagkerfisins en það tekur mun lengri tíma fyrir vextina að draga úr eftirspurn með þeim hætti. Oft er talað um að það taki 12-18 mánuði fyrir vaxtahækkun að hafa full áhrif. Samkvæmt spám Seðlabankans verður hagvöxtur á næsta ári lítill og því væri afar óheppilegt að fá inn full áhrif vaxtahækkunar einmitt þegar slaki fer að myndast í efnahagslífinu og atvinnuleysi að aukast. Skarpar vaxtahækkunir ofan á það sem orðið er gætu því reynst mistök.



SEÐLABANKI ÍSLANDS Greinarhöfundur telur það sama vera að gerast nú og 2001. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR


Horft frá núverandi stefnu

Þó að Samtök iðnaðarins hafi miklar efasemdir um ágæti sjálfstæðrar peningamálastefnu á Íslandi og að nota minnsta og sveiflukennasta gjaldmiðil veraldar er mjög mikilvægt að Seðlabankanum tækist ætlunarverk sitt. Til skamms tíma er mikilvægasta verkefni hagstjórnar að ná verðbólgunni niður.

Til langs tíma litið er hins vegar full ástæða til að horfa til þess sveiflukennnda ástands sem hér hefur ríkt og spyrja hvort við viljum búa við það áfram. Veikleikar í framkvæmd peningastefnunnar og árangur hennar hingað til sýna það glögglega.

Þegar dyggir stuðningsmenn sjálfstæðrar peningamálastefnu eru farnir að efast er fullt tilefni til að horfa til annarra átta og Samtök iðnaðarins hafa lengi bent á marga augljósa kosti þess að hverfa frá núverandi peningamálastefnu og ganga í Myntbandalag Evrópu og Evrópusambandið.

Verðbólga, verðbólgu markmið og stýrivextir



ítarlega í Fréttablaðinu 27. apríl sl. þar sem hann hafnar rökum hans og vísar í viðteknar kenningar þjóðhagfræðinnar.

trygging lána sem eru lítt há stýrivöxtum og ótakmarkað aðgengi að erlendum lánnum.

Fallvaltur árangur

Erfitt er að greina árangur peningastefnunnar frá því að verðbólgu markmið var tekið upp í mars 2001 og Seðlabankanum

20% afsláttur
af merkjasnyrtivöru

LANCÔME PARIS

HR HELENA RUBINSTEIN

Dior

CLINIQUE

L'ORÉAL PARIS

LUMENE®

20% afsláttur
af öllum ilmvötnum,
Marc Anthony hárvörum
og vítamínum

30% afsláttur
af vörum frá
Gamla apótekinu

Hýdrófil kremtúpa
fylgir lyfseðils-
skyldum lyfjum

Afmælisvika í Lyf & heilsu Melhaga

til 5. maí

Við fögnum 50 ára afmæli apóteksins á Melhaga og bjóðum frábæra afslætti af því tilefni alla vikuna.



TAKMARK

Rýmingarsala á ferðavélum • Sýningarv



ACER Aspire 3005WLMi
2.0GHz AMD M Sempron 3300+, 512MB DDR minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB Mirage skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

99.900



ACER Aspire 1692WLMi
1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA CrystalBrite skjár, 128MB ATI X700, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

99.900



ACER TravelMate 4402LMI
1.6GHz AMD Turion64, 512MB DDR vinnsluminni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15" XGA skjár, 64MB ATI X700 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

106.900



ACER TravelMate 8103WLMi
1.86GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WSXGA skjár, 128MB ATI X700 skjákort, Bluetooth, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

139.900



ACER Aspire 5502ZWXMi
1.7GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 14.1" WXGA CrystalBrite skjár, 128MB Intel GMA900, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

119.900



ACER Aspire 3023WLMi
1.8GHz AMD M Sempron 3000+, 512MB DDR minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA CrystalBrite skjár, 128MB ATI X700, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

89.900



ACER Aspire 5672WLMi
1.66GHz Intel Core Duo, 1GB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, slot DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA skjár, 128MB ATI X1400 skjákort, Innbyggð myndavél, Windows XP Home á íslensku eða ensku

149.900



ACER Ferrari 4005
2.0GHz AMD Turion64, 1GB DDR vinnsluminni, 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WSXGA skjár, 128MB ATI X700 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

149.900



ACER TravelMate 4001LMI
1.5GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA skjár, 64MB ATI 9700 skjákort, þráðlaust netkort, Windows XP Home á íslensku eða ensku

59.900



ACER Aspire 1694WLMiB
2.0GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA CrystalBrite skjár, 256MB ATI X700 skjákort, Bluetooth, Windows XP Home á íslensku eða ensku

139.900



Birt með fyrirvara um breytingar, þrennvillur og myndbrenngi.

VL12
Vaxfalaust í 12 mánuði

FYRSTA GREIÐSLA 1. JÚN

KAÐ MAGN

élar og lítið útlitsgallaðar • Einstakt verð

ÞUÐ TILBOÐ
10.000 KR
FYRSTIR
FYRSTIR FÁ



HP Compaq NC6120-A

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 60GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

119.900



HP Compaq NC6120-B

1.86GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" XGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

139.900



HP Compaq NC6120-1

2.0GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15" SXGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

149.900



IBM TP T43-01

1.86GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 60GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA skjár, 64MB ATI X300 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

189.900



GATEWAY M680XL

1.86GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 17" WXGA skjár, 128MB ATI X700 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

119.900



SONY VAIO A617B

1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 17" WXGA X-Black skjár, 256MB ATI X600 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

179.900



ACER Aspire 9502WSMI-2

1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR2 minni, 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 17" WXGA CrystalBrite skjár, 128MB ATI X700, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

169.900



MSI M510C W

1.6GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR minni, 40GB harðdiskur, Combodrif, 15" XGA ColorBrite skjár, 64MB ATI 9600, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

69.900



MSI M645-1

1.73GHz Pentium M Dothan, 1GB DDR minni, 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA ColorBrite skjár, 128MB Geforce Go6600, þráðlaust net, Windows XP Home á íslensku eða ensku

139.900



DELL LATITUDE D510-3

1.73GHz Pentium M Dothan, 512MB DDR2 minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW DL skrifari, 15" XGA skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, þráðlaust net, Windows XP Pro á íslensku eða ensku

119.900



Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántöku-gjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN
 SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
 Nóatúni 17
 Sími 562 6730

AKUREYRI
 Glerárgötu 36
 Sími 464 7400

KEFLAVÍK
 Hafnargötu 90
 Sími 534 7400

PENELOPE FITZGERALD (1916-2000)
LÉST PENNAN DAG

„Engir tveir sjá hinn ytri heim á nákvæmlega sama hátt. Fyrir hvern einstakling er hlutur það sem viðkomandi hugsar að hann sé, með öðrum orðum ekki hlutur heldur hugsun.“

Breski rithöfundurinn Penelope Fitzgerald skrifaði allt frá ljóðum til ævisagna.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 28. APRÍL 1945

Benito Mussolini tekinn af lífi

Á þessum degi stóðu skæruliðar á Norður-Ítalíu fyrir aftöku Benito Mussolini. Skæruliðarnir höfðu náð einræðisherranum daginn áður þar sem hann reyndi að sleppa yfir landamærin til Sviss en mjög stuttu seinna náðu herir bandamanna til Milánó. Hann var í fylgd með heitkonu sinni, Claretta Petacci, og sextán einstaklingum sem voru hátt settir undir hans fasísku stjórn.

Daginn eftir aftökuna voru lík Mussolinis og fylgdarliðs hans hengd öfug upp á kjötkróka á torgi í Milánó. Var sagt



BENITO MUSSOLINI

að þetta væri gert til að sýna fólki fram á að Mussolini væri allur, til að reyna að koma í veg fyrir flótta annarra fasista og sem hefnd fyrir fjölmargar hendingar sem stjórn Mussolinis stóð fyrir. Þegar bandamenn komu til Milánó voru líkin tekin niður og Mussolini fundinn legstaður í ómerktri gröf í Milánó.

Á sjötta áratug síðustu aldar var líkið svo flutt á núverandi hvíldarstað Mussolinis í Predappio. Þar hefur það legið síðan ef frá er talið stutt tímabil þegar nýfasistar stálu líkinu.

MERKISATBURÐIR

- 1789 Uppreisn er gerð á skipinu Bounty.
- 1819 Tukthúsið í Reykjavík er gert að embættisbústað fyrir stiftamtmann. Þar er stjórnarráðshúsið nú.
- 1923 Fyrsti knattspyrnuleikurinn fer fram á Wembley-leikvanginum.
- 1938 Stefán Íslandi óperusöngvari kemur fram í fyrsta sinn í Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn.
- 1947 Thor Heyerdahl leggur af stað á Kon-Tiki flekanum frá Perú til Pólínésíu.
- 1967 Muhammad Ali hunsar herkaðningu og er sviptur meistaratitlinum í hnefaleikum.
- 1969 Charles de Gaulle segir af sér sem forseti Frakklands.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför

Gísli K. Sigurðssonar

bifreiðarstjóra, Mjósundi 15, Hafnarfirði.

Marta Ormsdóttir
Sigurður Gíslason
Kristín Gísladóttir
Júlíus Aron Ellertsson
Rakel Ósk Ellertsdóttir

Ásbjörg Joana Skorastein
Ellert V. Harðarson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Guðmundur Jónsson

Staðarhrauni 20, Grindavík,

sem andaðist á heimili sínu laugardaginn 22. apríl, verður jarðsönginn frá Grindavíkarkirkju föstudaginn 28. apríl kl. 14.00.

Alda Bogadóttir
Kristján Karl Guðmundsson
Jón Fannar Guðmundsson Guðveig Sigurlaug Ólafsdóttir
Guðrún Helga Guðmundsdóttir Yngvi Páll Gunnlaugsson
Arnar Freyr Guðmundsson og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Ágúst Kolbeinn Sigurlaugsson

Hornbrekkuvegi 12, Ólafsfirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þann 23. apríl. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju mánudaginn 1. maí kl. 14.00.

Olga Albertsdóttir
Albert Ágústsson
Guðný Ágústsdóttir
Kolbeinn Ágústsson
Ólöf Ágústsdóttir
Sigurlaugur Valur Ágústsson
Geir Hörður Ágústsson
Elinborg Ágústsdóttir
Sæbjörg Ágústsdóttir
afabörn og langafabörn.

Ragnhildur Gunnarsdóttir
Ægir Ólafsson
Jónína Guðbjartsdóttir
Marteinn Halldórsson
Nanna Árnadóttir
Anna Rósa Vigfúsdóttir
Kristinn Steingrímsson
Jóakim Freyr Ólafsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



AXEL KRISTINSSON MEÐLIMUR Í TRJÁRÆKTARKLÚBBNUM Ástæður þess að fólk hefur áhuga á því að rækta nýjar trjategundir eru að sögn Axels nytsemissjónarmið í bland við hreina ánægju sem fæst af því að reyna það sem margir telja ómögulegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

TRJÁRÆKTARKLÚBBURINN: STENDUR FYRIR MÁLPINGI Á MORGUN

Stefna að trjásafni við Esjurætur

Um helgina verður velt upp þeirri spurningu hvort fimmtán þúsund trjategundir geta þrífist hér á landi. Trjáræktarklúbburinn hefur að meginmarkmiði að fjölga trjategundum hér á landi og stendur hann að málpingi á morgun um það efni. Axel Kristinsson, ritari klúbbsins, hefur gríðarlega gaman af því að reyna ræktun á nýjum tegundum og elur draum um trjásafn við Esjurætur.

„Trjáræktarklúbburinn var stofnaður í árslok 2004 og hefur það að meginmarkmiði að fjölga tegundum trjáplantna í ræktun á Íslandi, hvort sem er til skógræktar, garðræktar eða annarrar trjáræktar. Einnig er á stefnuskránni að stofna trjásafn á höfuðborgarsvæðinu sem við sjáum fyrir okkur á svæði við Mógilsá,“ segir Axel. Í trjásafninu yrði afrakstur tilrauna klúbbfélaga til sýnis og fengju Íslendingar

þar tækifæri til að sjá framandi trjategundir og hugmyndir um hvað þeir geta ræktað. „Ég hef nefnt töluna fimmtán þúsund tegundir en auðvitað með spurningamerki því það er ekkert öruggt að það takist. Í heiminum eru til um 150 þúsund trjategundir og ég tel ástæðu til að prófa ræktun að minnsta kosti tíu prósent af þeim.“

Axel segir að ákveðins misskilnings gæti meðal Íslendinga um að ekki sé hægt að rækta nema fáar trjategundir hér á landi. „Reyndar vitum við ekki hve margar tegundir hafa verið prófaðar í ræktun en þær eru fleiri en margir halda. Aftur á móti eru mjög fáar tegundir almennt notaðar, til dæmis í skógrækt eða kannski fimm eða sex. Óhætt er þó að fullyrða að miklu fleiri tegundir geta þrífist hér á landi og þá sérstaklega í garðrækt.“

Aðspurður um hvata sem liggja að

baki því að vilja fjölga trjategundum segir Axel að þar komi til nytsemi í bland við hreinræktaða ánægju. „Meiri fjöldi tegunda býður upp á fleiri möguleika í ræktun auk þess að ákveðið öryggi er í því að setja ekki öll egginn í sömu körfuna ef einhver áföll verða.“

Þegar upp er staðið er þó megin-skýringin á því að fólk er að fást við þetta að það hefur alveg óstjórnlega gaman af því að prófa eitthvað nýtt sem á kannski ekki að vera hægt.“

Málþingið hefst klukkan 13 á morgun í sal 101 í Odda, Háskóla Íslands. Sérstakur gestur þess er Jukka Reinikainen, forstöðumaður Mustilla trjásafnsins í Finnlandi, sem Axel segir að sé eitt það veglegasta í Finnlandi. Að þinginu loknu verður haldinn aðalfundur Trjáræktarklúbbsins og eru nýir meðlimir boðnir sérstaklega velkomnir. ■

AFMÆLI



Júlíus Brjánnson er 55 ára.



María Lovísa Ragnarsdóttir fatahönnuður er 51 árs.



Margrét J. Pálmadóttir kórstjóri er fimmtug.



Gunnar Karlsson myndlistarmaður er 47 ára.

ANDLÁT

Steinunn Jónsdóttir, til heimilis í Lönguhlíð 3, lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 16. apríl. Útförin fór fram í kyrrþey.

Gunnar Ásberg Helgason, Lambhaga, Rangárvöllum, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 24. apríl.

Puríður Þorsteinsdóttir, Vesturvallagötu 1, lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 9. apríl. Útförin fór fram í kyrrþey.

JARÐARFARIR

13.00 Ásta Antonsdóttir, Rjúpuelli 23, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

13.00 Guðmundur Guðmundsson prentari, Tjarnarbóli 14, Seltjarnarnesi, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.00 Jóhanna Þorgeirsdóttir kennari, Hlunnavigi 3,

verður jarðsöngin frá Seljakirkju.

13.30 Kristján Jónsson, dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju.

14.00 Guðmundur Jónsson, Staðarhrauni 20, Grindavík, verður jarðsöngin frá Grindavíkarkirkju.

14.00 Guðrún Jóhanna Ármannsdóttir, frá Neskaupstað, verður jarðsöngin frá Keflavíkarkirkju.

15.00 Anna Eggertsdóttir, frá Steðja, Álakvísl 27, verður jarðsöngin frá Digraneskirkju.

15.00 Elísabet María Kvaran verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

15.00 Númi Ólafsson Fjeldsted, Ljósheimum 10, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Nesirkirkju við Hagatorg.

16.00 Jónína Jónsdóttir Brunnan verður jarðsöngin frá Hafnarkirkju á Höfn.



Á FLÓTTA UNÐAN SUMARHITANUM Þessi glaðbeittu filippínsku börn reyndu að skola af sér bakandi sumarhitann við heimili sitt í Manila. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nicotinell®

Njótum lífsins saman, reyklaus!

28. mars 2006 ÞRIÐJUDAGUR

700 hætta að reykja

Viðbúin – tilbúin – stopp er reykleysisátak sem staðið hefur yfir í nokkrar vikur og er stærsta reykleysisátak sem ráðist hefur verið í á Íslandi en fjöldi manns tekur þátt í því.

Til þess að auðvelda fólki að hætta að reykja er átakanu skipt í þrjú þrep. Í fyrsta þrepinu, viðbúin, undirbýr fólk sig og setur sér markmið, í öðru þrepinu, tilbúin, er ákveðið hvaða dag á að hætta og í þriðja þrepinu, stopp, er drep-

Fréttablaðið 28. mars 2006



Nú er rétti tíminn til að hætta!

Skráðu þig á www.vidbuin.is



Bónus býður á ball á Broadway!
Sunnudagskvöldið 30. apríl **18 ára** aldurstakmark
býður Bónus á ball á Broadway.

Stuðmenn og Birgitta Haukdal leika fyrir dansi.
Húsið opnað 12.00 á miðnætti.

Bónus býður betur!
Aðgangur ókeypis gegn framvísun þessa miða.
MEDAN HÚSRÚM LEYFIR

Stuðmannaball!



STUÐ MILLI STRÍÐA Péningar phéeningar

SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR SAFNAR EKKI SEDLUM.



Gluggaði í þá ágætu bók Þar sem djöflaeyjan rís nú á dögnum og rifjaði þar með upp kynni mín af skemmtilegum hjónum, Fíu og Tóta, sem þar koma við sögu. Þau eru samansaumaðar týpur sem þrátt fyrir að eiga mikinn pening tíma engu að eyða og lifa við sult og seyru á meðan peningarnir ávaxtast á erlendum reikningum.

Mjög skrítið auðvitað og eiginlega þykir mér skritnara að lesa um þessi hjón í dag en mér þótti fyrir tuttugu árum þegar ég las bókina fyrst. Núna berast allir á eins og aukýfingar þótt þeir eigi enga peninga. Innbú eru ofurstíliseruð hjá

venjulegu fólki og allir aka um á ofurbílum. Af nýjustu tækni er meira en nóg á heimilum landsmanna, flatskjáir hafa selst upp og iPod-birgðir landsmanna eru örugglega met, svona miðað við höfðatölu.

Þó að Fía og Tóti séu óttalegir nískupúkar og ekki mjög geðfelld er auðvitað mikið vit í því að leggja til hliðar og eiga til mögru árána. Reyndar er óbærilega pirrandi áróður bankanna um sparnað um þessar mundir. Bankarnir hafa aldeilis grætt í góðari og eyðslubrjálæði undanfarinna ára og einhvern veginn fæ ég mig ekki til þess að hefja reglubundinn sparnað að þeirra undirlagi. Sem er auðvitað bilun í ljósi þess að ég hef algjörlega fengið mig til þess að

safna skuldum eins og hver annar.

Held samt að ég sé ekki verst manna í þessum efnunum. Hef til dæmis alveg sleppt því að eyða fúlgum fjár í heimili mitt, sem er því ekki stíflerað í samræmi við kröfur nútímans. Svo hef ég alveg sleppt raðgreiðslunum og er ekki mjög öflug í tækjakaupunum. En þrátt fyrir þessa skynsemi á ég enga sjóði svo heitið geti og hef greitt mjög mikið í vexti til bankanna. Sem flytur mig að punktinum sem mig langaði að koma á framfæri: Væri ekki lag fyrir banka að lækka vexti á lánunum og bjóða upp á óverðtryggð lán. Nóg græða þeir. Bara svona smá tillaga. Þá myndum við öll kannski eignast smá peninga, eða pééeninga öllu heldur. ■

EKKI MISSA AF ÞESSU!

BLEND SKÓR OG FÖT LAGERSALAN

ALLAR GALLABUXUR 2000 kr.-
AÐRAR BUXUR 1000 kr.-
PILS 1000 kr.-
BOLIR 700 kr.-
PEYSUR 1500 kr.-
SKYRTUR 1000 kr.-
JAKKAR 2000 kr.-
ÚLPUR 3000 kr.-

FULLT AF FLOTTUM MERKJUM

Kaupið tvö skópör og fáið það þriðja frítt

(ódyrasta parið af þremur)

DÖMU LEÐURSTÍGVÉL HERRA OG DÖMU GOLFSKÓR HERRA- DÖMU- OG BARNASKÓR

SÍBUSTU 2 DAGARNIR

MIKIÐ ÚRVAL

SÍBUSTU 2 DAGARNIR

Opnun verður sem hér segir:
Föstudag 28. apríl frá 15:00 til 19:00
Laugardag 29. apríl frá 11:00 til 17:00

Vinlandsleið Grafarholti
- Við hliðina á Húsasmíðjunni og Toppskónum
- Þetta er sama útsala og var í Ákralind hér um árið!



Toppskórin
Outlet

LAGERSALAN ER HÉR

EKKI MISSA AF ÞESSU!

myndasögur

Pondus



Gelgjan



Pú og pa



Kjölturakkar



Barnalán



Aðgengilegra útlit

Heimasíðan kvikmynd.is, sem hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár, hefur fengið nýtt útlit og aðgengilegra snið.

Á síðunni er samsafn af ýms konar sniðugum myndskildum, þar á meðal tónlistarmyndböndum, sýnishornum úr kvikmyndum, auglýsingum og atvikum úr íþróttahiminum.

„Það var kominn tími til að breyta útlitinu og það þarf að gera reglulega,“ segir Þóroddur Bjarnason, annar af stofnendum síðunnar. „Það er reyndar áhugavert að New York Times á vefnum www.nyt.com var að breyta sínu útliti og það er mjög áþekkt nýja útlitinu okkar, þ.e. ef maður horfir á grafísku þættina eins og umbrotið, teikningu, letur, liti og svo framvegis,“ segir hann.

Alls voru 45 þúsund heimsóknir



UMSJÓNARMENN Þóroddur Bjarnason, til hægri, og Sindri Bergmann eru stofnendur heimasíðunnar kvikmynd.is.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ir á síðuna tvær vikur í röð á dögnum þegar myndband Silvíu Nætur við lagið Til hamingju Ísland var nýkomið út.

Í síðustu viku var kvikmynd.is í 9. sæti yfir vinsælustu síður landsins á teljari.is.

Elskuleg sjálfsþjáning

[TÓNLIST]


UMFJÖLLUN

Fyrir mér var síðasta plata Morrissey, You Are the Quarry, meistarastykki hans og án efa það besta sem hann hefur látið frá sér síðan The Smiths splundraðist í einingar. Þar vann hann líka í fyrsta skiptið með nýjum lagahöfundum, gítarleikaranum Alan Whyte. Afbrigðis gítarleikari sem virðist hafa gott eyra fyrir grípandi lagbútum. Þar með hefur Morrissey loksins náð að búa til svipað kraftmikla efnablöndu og gerði The Smiths svo sérstaka. Hann gat þar einungis einbeitt sér að laglinum og frábærri textagerð. Þetta samstarf virðist vera komið til að vera, því Alan Whyte semur flest lögini með honum á þessari nýju plötu.

Það er ekki nóg með það, því sjálfur Ennio Morricone sér um strengjautsetningar í laginu Dear God Please Help Me. Morrissey virðist fullur af sjálföruggi þessa dagana og er langt frá því að missa niður um sig buxurnar á þessari nýju plötu.

Morrissey virðist vera að færa sig yfir í heimspekilegri umfjöllunarefni með aldrinum. Guð almáttugur kemur töluvert fyrir í textum, en einnig tilvist mannskepnunnar á plánetunni jörð. Auðvitað eru allar þessar vangaveltur séðar frá hans eigin sjónarhorni, enda fáir menn á þessari plánetu sem virðast vera jafn uppteknir af sjálfum sér og list sinni. Held að ég viti bara ekki um listamann sem virðist jafn einmana og Morrissey er í textunum. Til allrar lukku er hann hæfileikaríkur og hljómar enn alveg merkilega heidarlegur í sköpun sinni.

En hafið engar áhyggjur, Morrissey er langt frá því að vera hamingjusamur þó að honum gangi sérstaklega vel þessa dag-



MORRISSEY: RINGLEADER OF THE TORMENTORS

Niðurstaða: Morrissey fylgir bestu plötu sinni til þessa eftir með annari ágætisplötu. Kappinn er fullur af sjálföruggi þessa dagana, og virðist njóta þess að vera til... en er samt auðvitað ennþá á bláu nótnum.

anna. Það hvílir falleg og einmana- leg depurð yfir allri plötunni. Í laginu Life Is a Pigsty hljómar t.d. virkilega flott slagverk sem herm- ir eftir regni og þrumum. Svo virðist sem Morrissey sé að leyfa sér að sletta aðeins úr klaufunum. Hann minnst líka á það í texta eins lagsins að hann gangi með sprengikúlur á milli fótanna. Hljómar eins og Morrissey sé reiðubúinn til þess að dreifa sæði sínu yfir hvern þann akur sem hann kemst yfir.

Þessi plata á aðeins eftir að auka hróður söngvarans. Hlustendahópurinn verður bara breiðari með hverri útgáfu, þar sem honum virðist takast ágætlega að yngja þann hóp upp. Ef eitthvað er að marka texta kappans gengur honum sjálfum enn verr að finna einhvern sem hann getur elskað og gefist. Hann gefur og gefur af sjálfum sér, tæmir sig líklegast endanlega. Þess vegna eru þau mörg þúsund hjörtun sem hafa pláss fyrir hann, að minnsta kosti ef hann heldur áfram að gera svona finar plötur.

Birgir Örn Steinarrson

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Allar smá- auglýsingar einnig frítt í viku á visir.is

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
smáauglýsingar sem allir sjá

Bónus býður á ball á Broadway!

Sunnudagskvöldið 30. apríl 18 ára
aldurstakmark
býður Bónus á ball á Broadway.

Stuðmenn og Birgitta Haukdal
leika fyrir dansi.
Húsið opnað 12.00 á miðnætti.

Bónus býður betur!
Aðgangur ókeypis gegn framvísun þessa miða.
MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR

Stuðmannaball!

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



30%
AFSLÁTTUR

Miele

HREINN SPARNADUR

Miele þvottavélar eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

Miele þvottavélar eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

Miele þvottavélar endast lengur en aðrar þvottavélar.

TILBOÐSVERÐ
kr. 114.800
Listaverð kr. 164.000

Miele - yfirburða þvottavél

- Softtronic W4421
- Tekur 5 kg.
- Vinduhraði 1400°/mín.
- Stórt hurðarop
- Starfæn klukka
- Ný tromla sem fer betur með þvottinn

Test, blað þýsku neytendasamtakanna gaf nýju Miele þvottavélinni hæstu einkunn sem þvottavél fékk árið 2005.

Íslenskt stjórnborð

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele þvottavélar í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK

– hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

GERVIGREINDARHÁTÍÐ

29. APRÍL Í BORGARLEIKHÚSINU

Aðgangur ókeypis

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLETTI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

DAGSKRÁ

13:00	Opnun hátíðarinnar Kristinn R. Þórisson, dósent, stjórmandi Gervigreindarseturs HR	15:05	Hátíðin færirst yfir í gamla Morgunblaðshúsið
13:20	Kristinn R. Þórisson, Gervigreindarsetri HR Björt framtíð gervigreindar fyrir og nú	15:10	Sýning og veitingar
13:35	Helga Waage, tæknistjóri, HEX Að vera eða ekki vera - vitvera		■ Þátttakendur í bilskúrgervigreind
13:50	Halldór Fannar Guðjónsson, tæknistjóri, CCP Íslenskur sýndarveruleiki		■ Básasýningar fyrirtækja og háskóla:
14:05	Hlé		■ CCP
14:20	Hrafn Þorri Þórisson ásamt stjórn ISIR Stofnun ISIR og kynning á félaginu		■ ISIR
14:35	Tónlistartriði ■ Frumflutningur verks nemenda Listaháskóla Íslands		■ Tungutækni-setur
	■ Frumflutningur gervigreindaróperu meðlíma Gervigreindarseturs HR		■ HEX
			■ HAFMYND / GAVIA
			■ VDO
			■ Spurl
			■ Gervigreindarsetur HR
			■ IT-CONS
			■ Rannís
		16:40	Verðlaunaafhending Bilskúrgervigreindarkeppnin
		17:10	Dagskrárlök



Sporðaköst atómanna



Kl. 16.00

Hláturtíð verður sett með formlegum hætti í Borgarleikhúsinu. Allra handa uppákomur fyrir húmorista á öllum aldri, leiklist, tónlist, myndlist og gamanmál. Húmorslausir geta fengið tilsögn og hjálp frá fagaðilum. Allur ágóði opunarhátíðarinnar rennur til Umhyggju, félags langveikra barna.

menning

menning@frettabladid.is

Listakonan og rithöfundurinn Björg Örvar opnar málverkasýninguna „barnasaga/fisksaga“ í gallerí Animu í Ingólfsstræti í dag. „Þetta eru tvær myndaseriur sem ég nefni þessum nöfnum, þetta urðu vinnuheiti þegar á leið,“ segir Björg. Hún kveðst yfirleitt vinna út frá eins konar núllpunkti þegar hún malar. „Oftast þegar ég byrja hef ég bara í huga einhver form og liti eða myndbyggingu en svo fæ ég hugmyndir um hverju þau tengjast þegar ég mála. Ég byrja eins og það sé í fyrsta skipti sem ég mála.“ Myndirnar eru ávallt tengdar upplifunum hennar og



BJÖRG ÖRVAR SÝNIR TVÆR MYNDASERÍUR Listakonan malar óhlutbundnar náttúruupplifanir.

tilfinningum en í verkunum vísar hún til óskilgreindra náttúruþátta. „Ég er ekki beint að færa land og líkama í mynd heldur upplifun mína af hvoru tveggja, hvaða tilfinningu það vekur hjá mér þegar náttúran fer að manni og frá manni um stund.“ Þetta er sautjándi einkasýning Bjargar en hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hér heima og erlendis auk þess sem hún fæst við ritstörf. Sýningin verður opnuð kl. 17 í dag og stendur til 21. maí en gallerí Anima er opið fimmtudaga til föstudaga frá 12-17.

- khh

> Ekki missa af...

stórsveitamaraboni á morgun. Átta stórsveitir af höfuðborgarsvæðinu feykja þakinu af Ráðhúsi Reykjavíkur með þéttri dagskrá frá kl. 13-16.30. Aðgangur ókeypis.

opnun í Listasafni Reykjanæjar þar sem sex færeyskir frændur okkar opna málverkasýningu kl. 18. Sýningin ber heitið „Í eygsjón“ en myndefnið er færeysk náttúra. Sýningin er opin alla daga frá 13-17.30.

andspyrnuhreyfingu ljóta fólksins (AFL). Leikfélag Kópavogs sýnir óhuggulega myndið og blóðugt leikrit um valdatogstreitu fallega fólksins og þess sem er aðeins óheppnari í framan.

Ungverskir dansar



LAUFEY SIGRÚN HARALDSDÓTTIR PÍANÓLEIKARI

Píanóleikarinn Laufey Sigrún Haraldsdóttir heldur tónleika í Salmum í Kópavogi í kvöld en tónleikarnir eru liður í útskriftartónleikaröð tónlistardeildar Listaháskóla Íslands. Laufey hóf nám í LHÍ haustið 2003 og lærði hjá Halldóri Haraldssyni og síðar hjá Peter Máté, hún hefur og tekið þátt í fjölmörgum masters-námskeiðum hjá ýmsum erlendum gestakennurum. Síðasta sumar spilaði hún með tríóinu Drýas sem starfaði á vegum Hins hússins og hélt tónleika í Reykjavík og á Ísafirði.

Laufey Sigrún leikur verk eftir Ludwig van Beethoven, Frédéric Chopin, Franz Liszt, Sjostakovítsj og Bach á tónleikunum auk fimmtán ungverskra bændadansa sem meistari Bartók byggði á safni ungverskra þjóðlaga.

Aðgangur að tónleikana er ókeypis en þeir hefjast kl. 20.00.


- khh



MYNDLISTARFÓLK SÝNIR Í AUSTURSAL RÁÐHÚSSINS Listhátíðin List án landamæra hefst í dag með veglegri opunarhátíð í Ráðhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

IÐNAÐARMENN! VILJIÐ ÞIÐ STYRKJA STÖÐU YKKAR?



Kynningarfundur um fjarnám í Iðnfræði verður haldinn á Höfðabakka 9, laugardaginn 29. apríl kl. 14.00.

Iðnfræði er hagnýtt 45 eininga nám sem skiptist í þrjú svið:

- Byggingariðnfræði
- Véliðnfræði
- Rafiðnfræði

Allar nánari upplýsingar á www.ru.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

Listin brúar landamærin

Á næstu dögum verða fjölbreyttar uppákomur og listviðburðir úti um borg og bý á vegum hátíðar sem nefnist **List án landamæra. Þátttakendur á hátíðinni koma úr ýmsum áttum en eiga það sameiginlegt að hafa ríka sköpunarþörf, frumleika og framkvæmdagleði.**

Að hátíðinni standa Fjölmennt, fullorðinsfræðsla fatlaðra, Átak, félag fólks með þroskahömlun, Hitt húsið og Landssamtökin Þroskahjálpar en þau hafa fengið til samstarfs við sig fjölbreyttan hóp af listamönnum úr ólíkum listgreinum. „Markmið hátíðarinnar er að fella niður landamæri og vinna á þeim ósýnilegu múrnum sem víða eru uppi og þá sér í lagi um menningu og listir,“ segir Margrét M. Norðdahl, framkvæmdastýra hátíðarinnar, og áréttar að það sé hægt að njóta ólíkra hluta, sköpunin þarfnist ekki alltaf einhverra formerkja eða samhengis til þess að fólk geti notið hennar. „Sýnileiki ólíkra einstaklinga í menningu og listum er mikilvægur, bæði fyrir samfélagið í heild sem og fyrir jafnarhópa sem einnig þurfa að eiga sér fyrirmyndir.“

Dagskráin í ár er með veglegasta mót en yfir tuttugu viðburðir verða skipulagðir víðs vegar um höfuðborgarsvæðið og einnig á

landsbyggðinni en uppákomur verða á Selfossi, Akureyri, Egilsstöðum, Neskaupstað og Ísafirði.

„Eiginleg dagskrá hófst á þriðjudaginn með málþingi sem gekk ofsalega vel,“ segir Margrét en fjölmargir fluttu erindi og sköpuðust að sögn líflegar umræður um landamæri menningar og viðhorfa á þinginu. Á næstu dögum verða síðan margs konar uppákomur um allan bæ og úti á landsbyggðinni þar sem leiklist, myndlist, tónlist og bókmenntaviðburðir munu skipa stóran sess. „Í dag verður líka boðið upp á blint kaffihús í Hinu húsinu og síðar mun Hugarafli standa fyrir geðveiku kaffihúsi, en þar verður boðið upp á klikkaðar kökur og brjáláða uppákomu, svona karnivalstemningu með þunglyndisívaði,“ segir Margrét og áréttar að þátttakendurnir hafi allir mjög góðan húmor.

Listin brúar

Margrét segir að mikil gróska sé í menningarlífi fatlaðra og ófatlaðra og lítið mál að fá fólk til samstarfs og bendir á að mörg áhugaverð samstarfsverkefni hafi orðið til. Eins og yfirskrift hátíðarinnar ber með sér listin landamæri og á setningarhátíðinni sem verður í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 17 verður til að mynda ljósmyndasýningu, Þórarinn Eldjárn og Skúli Steinar lesa úr verkum sínum, Bjöllukórinn flytur lag sem og þær Huguína Dögg Þorfinnsdóttir, meðlimur í söngflokknum Blíkandi stjörnum,

og Ragnheiður Gröndal. Ágúst Guðmundsson, formaður Bandalags íslenskra listamanna, flytur setningarávarp. Táknmálstúlkur mun þýða dagskráratriði og erindi yfir á táknmál.

Sviðslistaveisla

Á mánudaginn verður leiklistarveisla í Borgarleikhúsinu þar sem sýnd verða brot úr leikritunum Þórkök sem Halaleikhópurinn sýnir, Viðtalinu sem sýnt er í Hafnarfjarðarleikhúsinu og leikhópurinn Perlan sýnir söguna um Mídas konung. Þá verður líka frumsýnt dansverk sem danshópur Sérsvéitarinnar, sem starfar á vegum Hins hússins og Hreyfiþróunarsamsteypunnar hefur unnið í sameiningu. Myndlistarsýningar verða í Gallerí Tukt, á Sólun Islandus og á Thorvaldsen, handverksýning í Hinu húsinu og ljósmyndasýning í Hafnarborg og ljóðakvöld á Hressó í samstarfi við Ljóð.is og Nýhil.


„Þetta er í þriðja sinn sem hátíðin er haldin og stefnt er að því að þetta verði árlegur viðburður í menningarlífinu,“ segir Margrét og að allir sem vilja koma fram og sýna geti það og sýni þá frumkvæðið með því að leita eftir því, en aðstandendur hátíðarinnar standa ekki sjálfir að eiginlegum viðburðum.

Fritt er inn á alla viðburði hátíðarinnar og eru allir velkomnir, nánari upplýsingar um dagskrána má nálgast á heimasíðu Þroskahjálpar, www.throska-hjalp.is.

kristrun@frettabladid.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

NEYÐARHJÁLP ÚR NORÐRI



heldur fjölskylduskemmtun í
LOFTKASTALANUM

laugardaginn 6. maí 2006 kl. 14.00

100 félagar úr:

Stúlknaþór Reykjavíkur

Gospelsysturum Reykjavíkur

og Vox Feminae

undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur

Fram koma:

Kynnari:

Stefán Jón Hafstein og

Gísli Marteinn Baldursson

Björgvin Franz Gíslason

Bardukha

Bubbi Morthens

Hjörleifur Valsson

Lenka Matéová

South River Band

Mariús H. Sverrisson

Peter Maté

Ragnheiður Gröndal

Rósa Guðmundsdóttir

**Snorri Snorrason,
Idolstjarna Íslands 2006**

Miðasala í Loftkastalanum hefst kl. 12.00

Styrktarreikningur: 0135-05-72000

Aðgangseyrir, kr. 1.500.-

rennur óskiptur til fólks í Tékklandi sem í flóðunum í mars og apríl hefur misst aleigu sína í þriðja sinn á tæpum níu árum vegna flóða.

Crawford Hurðir - Hurðaborg

Loft
KASTALINN

Bæjarins bestu
pulsur

Iceland Express



a2b bílaleiga



HAFIÐ BLÁA
Í AUSTURBÆ

Sun 07.05 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ og á midl.is. Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

IsMedia SPARISJÓÐURINN TM

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

- APRÍL
- 25 26 27 **28** 29 30 1
- Föstudagur**
- ■ **TÓNLEIKAR**
- 20.00 **Birkir Rafn Gíslason** heflur burtfarartónleika af jazz- og rokkbraut tónlistarskóla **FIH**. Tónleikarnir fara fram í hátíðarsal **FIH** í **Rauðagerði 27**, aðgangur ókeypis.
 - 20.00 **Laufey Sigrún Haraldsdóttir** pianóleikari heldur útskriftartónleika í **Salnum í Kópavogi**. Verk eftir **Beethoven, Bach** og **Liszt** og fjörugr bændadansar **Bartóks**. Aðgangur ókeypis.
 - 21.00 **Petter Winnberg, Flís** og **Bogomil Font** stíga á stökk á **Vorblóti** á **Nasa** við **Austurvöll**.
- ■ **OPNANIR**
- 12.00 Þrjár sýningar **myndlist-**

ardeildar Listaháskóla Íslands verða opnaðar í dag í húsnæði skólans í **Laugarnesi**.

- 17.00 Myndlistarkonan **Björg Órvar** opnar sýningu í gallerí **Animu, Ingólfsstræti 8**.
 - 18.00 Sex færeyskir listamenn opna málverkasýningu í **Listasafni Reykjanessbæjar**. Myndefni sótt í færeyska náttúru. Sýningin stendur til 23. apríl.
- ■ **DANSLIST**
- 20.00 Vorball **DíH** verður haldið í samvinnu við **SÁA** á **Ásvöllum**. Glæsileg skemmtiatriði.

■ ■ **UPPÁKOMUR**

FÓTBOLTI Bjarni Þór Viðarsson, unglíngalandsliðsmaður og miðjumaður hjá Everton í ensku úrvalsdeildinni, segist munu verða tilbúinn í slaginn ef hann fær tækifæri með Everton í síðustu tveimur leikjum liðsins á tímabilinu, gegn Middlesbrough á morgun og gegn WBA um næstu helgi.

David Moyes, knattspyrnstjóri liðsins, sagði við enska fjölmiðla í fyrradag að það kæmi vel til greina að leyfa efnilegustu leikmönnum liðsins að spreya sig í leikjunum sem eftir væru, og var Bjarni Þór einn þriggja leikmanna sem hann nefndi í því sambandi. Nýleg meidsli miðjumannsins Tim Cahill eru aðeins

til þess að auka líkur Bjarna Þórs á að fá tækifæri en auk þess verður Lee Carsley í banni á báðum leikjunum og þá er Mikel Arteta enn frá vegna meidsla.

Bjarni gerir sér góðar vonir um að vera valinn í átján manna hópinn sem fer í leikinn gegn Middlesbrough en það skýrist þó ekki fyrr en eftir æfingu í dag. „Ég tel ágætær líkur á því að ég verði valinn í hópinn og er að sjálfsgöðu mjög spennur. Ég er ánægður með frammistöðu mína með varaliðinu í vetur og finnst ég alveg eiga skilið að fá tækifæri,“ segir Bjarni Þór. Hann telur að það skipti miklu máli að hann standi sig vel. „Þá sér stjórninn að ég er tilbúinn og það er



BJARNI ÞÓR VIÐARSSON Gæti fengið að spila gegn Middlesbrough á morgun.

mikilvægt upp á næstu leiktíð að gera. Það yrði rosalega gaman að fá tækifæri og sé verð tilbúinn ef kallið kemur,“ sagði Bjarni Þór, en hann hefur einu sinni verið í leikmannahópi Everton í úrvalsdeildinni, gegn Newcastle hinn 25. febrúar sl., en þá fékk hann ekki að spreya sig. - vig

DV

Hefur þú séð DV í dag?

Eyvör Pálsdóttir

Ástfangin af dönskum guðfræðistudent



MARK HUGHES Yrði ekki ánægður með ráðningu Scolari. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Mark Hughes:


Áfall fyrir breska þjálfara

FÓTBOLTI Mark Hughes, knattspyrnustjóri Blackburn í ensku úrvalsdeildinni, segir að það yrði gríðarlegt áfall fyrir þjálfarastéttina í Bretlandi ef Luis Felipe Scolari yrði ráðinn landsliðsþjálfari Englendinga. Hughes lét þau orð falla í gær þegar fyrstu fregnir bárust af því að enska knattspyrnusambandið hefði boðið Scolari starfið.

„Það yrði mikið áfall fyrir breska þjálfara ef hann yrði ráðinn,“ sagði Hughes. „Það hefur verið mikil umræða um nauðsyn þess að næsti þjálfari komi héðan og persónulega hafði ég gert mér vonir um að sú yrði raunin,“ sagði Hughes jafnframt en bætti því við að ferilskrá Scolari væri eins og best gerist.

„Hann hefur náð frábærum árangri með landslið í gegnum tíðina og rökin gegn því að breskur þjálfari yrði ráðinn voru að fá hæfasta þjálfarann í starfið. En hvort Scolari eigi eftir að ná því sama út úr leikmönnum sem koma frá öðru landi og menningu, með öðruvísi leikstíl og hugarfar en hann hefur áður þekkt, verður að koma í ljós.“

- vig



ÓLÖF MARÍA Er á Spáni þar sem hún keppir á opna Tenerife-mótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Birgir Leifur og Ólöf María:

Bæði nokkuð frá sínu besta

GOLF Ólöf María Jónsdóttir og Birgir Leifur Hafþórsson standa í ströngu þessa dagana en bæði luku fyrsta keppnisdegi á Áskorendamótaröðum í golfi í gær. Ólöf María er að keppa á opna Tenerife-mótinu á Spáni en Birgir Leifur keppir á sterku móti á Ítalíu.

Birgir Leifur lauk keppni í gær einu höggi yfir pari en hann lék á 72 höggum. Hann fékk þrjá skolla (+1) og tvo fugla (-1) á hringnum. Birgir er í 82.-104. sæti af alls 168 kylfingum en bestu skor dagsins komu frá tveimur Englendingum sem deila efsta sætinu á sjö höggum undir pari. Þetta er fyrsta mótið sem Birgir Leifur tekur þátt í á þessu keppnistímabili en hann endaði í 85. sæti á styrkleikalista Áskorendamótaráðarinnar á síðasta ári, sem er besti árangur hans á mótaröðinni til þessa.

Ólöf María náði sér engan veginn á strik á fyrsta keppnisdegi þrátt fyrir að sýna lipra takta inni á milli. Ólöf María lauk keppni á sjö höggum yfir pari en efstu konur á mótinu voru tveimur höggum undir pari.

- hþh

Leit enska knattspyrnusambandsins að arftaka Sven-Göran Eriksson fer að ljúka:


Scolari boðið að taka við

FÓTBOLTI Luiz Felipe Scolari mun að öllum líkindum taka að sér að þjálfa enska landsliðið í knattspyrnu eftir heimsmeistaramótið í Þýskalandi í sumar. Scolari stýrir nú landsliði Portúgal en hann er 57 ára gamall og verður samningslaus í sumar.

Brian Barwick, framkvæmdastjóri enska knattspyrnusambandsins, var í Lissabon til að ræða við Scolari, sem hefur gert heiðursmannasamkomulag um að skuldbinda sig ekki til neins starfs fyrir mótið í sumar til að einbeita sér að starfi sínu hjá Portúgal. „Við vorum að ræða við Felipe, sem var hluti af því að ráða nýjan þjálfara,“ staðfesti Barwick í gær en viðræðurnar við Scolari hófust í raun í febrúar.

Scolari stýrði landsliði Brasilíu til heimsmeistaratitils árið 2002 en FA mun funda hinn 4. maí og vonast sambandið til þess að geta tilkynnt um nýjan landsliðsþjálfara daginn eftir. Talið er að árslaun Scolari verði um þrjár milljónir punda, sem yrði mikil hækkun frá launum hans í dag.

Scolari hefur stýrt liðunum sem sendu England út úr síðustu tveimur stórmótum; Brasilía lagði Englandi að velli á HM 2002 og



SCOLARI Þarf líklega ekki að hugsa sig tvisvar um áður en hann svarar enska knattspyrnusambandinu enda er starfið eitt það eftirsóttasta í heimi. NORDICPHOTOS/AFP

varð síðan heimsmeistari. Þá slógu heimamenn í Portúgal Englendingar út á Evrópumótinu árið 2004 en í bæði skiptin var um átta liða úrslit að ræða.

Ráðning Scolaris, ef af verður, kemur sem blaut tuska í andlit

þeirra Englendinga sem vildu sjá heimamann í stöðunni en Steve McClaren og Sam Allardyce voru hvað mest orðaðir við landsliðsþjálfarastöðuna sem Sven Göran-Eriksson mun stíga úr eftir HM í sumar.

- hþh



MICHAEL OWEN Búinn að ná sér í fætinum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Michael Owen:

Með Newcastle á morgun?

FÓTBOLTI Sóknarmaðurinn Michael Owen hefur æft af fullum krafti með liði sínu Newcastle og hefur fulla trú á að hann geti tekið þátt í leik liðsins gegn Birmingham á laugardag. Owen hefur verið frá vegna meiðsla í tæpa fimm mánuði en hefur nú náð fullum bata og vinnur í því af krafti að koma sér í toppform fyrir HM í sumar.

„Æfingarnar hafa gengið mun betur en ég átti von á, ég finn ekki fyrir neinum sársauka og svo virðist sem beinið sé að fullu gróið,“ segir Owen, sem vonast til að spila á morgun. „Ég hef rætt við þjálfarann og það getur verið að ég fái að spreyta mig síðustu tuttugu mínúturnar.“

- vig

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

2.0L bsk. 142. hö
Kr. 27.177 á mánuði

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



STÓRI HM LEIKURINN

Félag íslenskra fótballaáhugamanna
www.soccer.is

Langar þig að upplifa stærsta íþróttaviðburð í heimi?

Þú kemst í pottinn með því að reynsluaka Hyundai hjá B&L, borða á McDonalds eða fara inn á Icelandair.is

- ✓ 4 VIP miðar á úrslitaleikinn í HM 9. júlí
- ✓ 2 miðar á leik í undanúrslitum
- ✓ 2 miðar á leik í 16-liða úrslitum
- ✓ 2 miðar á leik Brasilíu og Króatíu í F-riðli
- ✓ 10 helgarferðir fyrir tvo með Icelandair
- ✓ 400 máttlífr frá McDonalds
- ✓ 500 Hyundai HM-leiðurboltar

HYUNDAI I'm lovin' it

ICELANDAIR

HYUNDAI Official Partner

HYUNDAI hefur gæðin

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.
* Blásamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðanlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

Úrslitakeppni NBA:

LA Lakers jafnaði metin

KÖRFUBOLTI Kobe Bryant og félagar í LA Lakers gerðu góða ferð til Phoenix í fyrrakvöld og unnu 99-93 sigur í öðrum leik liðanna í fyrstu umferð úrslitakeppni NBA. Staðan í einvíginu er því orðin 1-1 og er Lakers því með pálmann í höndunum þar sem næstu tvær viðureignir liðanna fara fram í Los Angeles.


Kobe Bryant skoraði 29 stig og tók 10 fráköst en hjá Phoenix var Steve Nash atkvæðamestur með 29 stig og 9 stoðsendingar. Úrslit í öðrum leikjum kvöldsins voru eftir bókinni, Detroit sigraði Milwaukee og Dallas sigraði Memphis, og hafa bæði 2-0 yfir í einvíginu. - vig

Stefán Gíslason er í miklu álti hjá þjálfara og formanni Lyn í Noregi:

Besti miðjumaðurinn í deildinni

FÓTBOLTI Morgan Andersen, formaður norska knattspyrnufélagsins Lyn, og Henning Berg, þjálfari liðsins og fyrrverandi leikmaður Manchester United, fara fögrum orðum um landsliðsmanninn Stefán Gíslason í grein um hann sem birtist í norska blaðinu Dagsavisen í vikunni. Stefán hefur nú verið í herþúðum Lyn í rúmt ár og eru Andersen og Berg báðir á því að hann sé hreinlega ómissandi fyrir liðið.

„Við teljum að hann sé besti miðjumaður landsins,“ segir Andersen og sparar ekki stóru orðin. „Hann á enn eftir að spila lélegan leik fyrir okkur. Og nú er hann kominn í íslenska landsliðið og



HENNING BERG Hefur tröllatru á Stefáni.

mér er tjáð að þar hafi hann verið að standa sig mjög vel. Hann er fæddur leiðtogi,“ segir Andersen. - vig

Berg segir að Stefán hafi reynst sínu liði gríðarlega vel. „Hann er mjög traustur leikmaður og hefur staðið sig afar vel. Hann er mikilvægur hlekkur í liðinu,“ segir hann.

Í greininni er Stefán einnig tekinn tali og spurður út í feril sinn. Hann segir meðal annars frá tíma sínum hjá Arsenal og segist hafa tekið hárrétta ákvörðun með því að ganga til liðs við Lyn. Norska blaðinu þykir áhugavert hvernig Stefáni hefur tekist að halda sér fyrir utan kastljós fjölmiðla en Stefán segir að það sé einfaldlega vegna þess að hann sé róleg týpa. - vig




STEFÁN GÍSLASON Er heldur betur að festa sig í sessi hjá Lyn í Noregi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ICELANDAIR 

ICELANDAIR KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ CONCERT OG BYLGJUNA



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef Tilboðsklúbbs Mastercard, www.kreditkort.is/tonlist

K
ÁSAM

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

UEFA bikarinn:

MIDDLESBROUGH-STEUA BÚKAREST 4-2
0-1 Nicalae Dica (16.), 2-0 Dorin Goian (24.), 1-2
Massimo Maccarone (33.), 2-2 Mark Viduka (64.),
3-2 Chris Riggott (73.), 4-2 Massimo Maccarone
(89.).

MIDDLESBROUGH KOMST ÁFRAM, 4-3 SAMANLAGT.

Deildarbikar kvenna:

STJARNAN-ÍBV 15-21

Mörk Stjörnunar: Raket Dögg Bragadóttir 6,
Kristín Clausen 3, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 2,
Sólveig Kjærnested 1, Elísabet Gunnarsdóttir 1,
Harpa Sif Eyjólfssdóttir 1, Tamuna Archaia 1.

Varin skot: Jelena Jovanovic 7, Helga Dóra Magnúsdóttir 2.

Mörk ÍBV: Pavla Plaminkova 6 (2), Simona Vintila
5, Ingibjörg Jónsdóttir 4, Ragna Karen Sigurðar-
dóttir 3, Ester Óskarsdóttir 2, Renata Horvad 1.

Varin skot: Florentina Grecu 17 (3).

HAUKAR-VALUR 27-30

ÍBV hefndi ófaranna gegn Stjörnustúlkum í Eyjum:

Petta var hörmung

HANDBOLTI „Þetta var hrein hörmung frá upphafi til enda og sex marka tap gefur ekki rétta mynd af þessum leik, við hefðum átt að tapa mun stærra. Florentina átti einnig frábæran leik og sýndi það af hverju önnur lið hafa áhuga á henni en sóknarleikur okkar var algjör skandall,“ sagði Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunar, eftir leikinn.

Eyjastúlkur svöruðu fyrir sig strax í upphafi leiks þegar þær komust í 5-0 en Stjörnustúlkur höfðu betur í fyrstu viðureign liðanna, 24-20 í Eyjum. Þær juku við forskot sitt og höfðu 6-13 yfir í hálfleik. Þær tvöfölduðu síðan forskot sitt jafnt og þétt og höfðu 21-

11 yfir en Stjörnustúlkur náðu að klóra í bakkann með þremur síðustu mörkunum en lokatölur í Garðabænum í gær voru 15-21, Eyjastúlkum í vil.

„Við áttum fá svör eftir slaka byrjun, það var sama hvað við gerðum. Hugarfarið var ekki í lagi, við vorum ennþá í skýjunum yfir því að vinna í Eyjum og höfðum ekki viljann í leikinn,“ bætti Aðalsteinn við að lokum.

Valur vann Hauka 30-27 í hinum leiknum og er þar með komið í úrslitaleikinn en hvort Valur mætir ÍBV eða Stjörnunni kemur í ljós eftir þriðja leik þeirra í Vestmannaeyjum um helgina.

- hþ



TEKIN FÖSTUM TÖKUM Sóknarleikur Stjörnustúlkna var ekki beysinn í leiknum í gær og þær komust hvorki lönd né strönd gegn sterkri vörn ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

UEFA-bikarkeppnin:

Boro í úrslitin

FÓTBOLTI Enska liðið Middlesbrough komst á ótrúlegan hátt í úrslit UEFA-bikarkeppninnar í knattspyrnu í gær eftir frækinn 4-2 sigur á Steaua frá Búkarest. Boro tapaði fyrri leiknum 1-0 á útivelli og þurfti því að vinna leikinn með tveimur mörkunum.

Það byrjaði ekki vel og eftir 24 mínútna leik var Boro lent 2-0 undir, 3-0 samanlagt í einvíginu. Liðið klóraði í bakkann þegar Massimo Maccarone minnkaði muninn. Mark Viduka jafnaði metin í síðari hálfleik og Chris Riggott kom Boro síðan yfir.

Það hefði ekki dugað Boro til að komast áfram en ítalski framherjinn Maccarone skoraði sigurmark Boro á lokamínútnunni og kom liðið þannig í úrslitaleikinn. - hþ

BYLGJAN
20 ÁRA



GARÐAR THÓR CORTES & KATHERINE JENKINS

AT FÉLÖGUM ÚR SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

UNDIR STJÓRN GARÐARS CORTES

LAUGARDALSHÖLL ANNAÐ KVÖLD KL. 20:00

ÖRFÁIR MIÐAR ENNÞÁ ÓSELDIR

FORSALA Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG

Á WWW.CONCERT.IS OG VIÐ INNGANGINN

FRÁ KL. 12:00 Á MORGUN, LAUGARDAG

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„It's depressing that the words secret agent have become synonymous with sex maniac.“

Sir James Bond úr Casino Royale frá 1967.
Svar:

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON Á EKKI ORÐ YFIR ATTENBOROUGH

Um jörðina og dýrin sem hana byggja

Á mínum yngri árum fussaði ég og sveiði yfir náttúrufræðingum sem oft og iðulega rótuðu á dagskrá Ríkissjónvarpsins. David Attenborough og Guðni Kolbeinnsson voru heimilisinir íslensku þjóðarinnar og greindu landsmönnum frá húsasmíði otra og gáfnafari höfrunga. Eldri bróðir minn drakk þessa þekkingu í sig og tók flesta þættina upp (þó þær spólar hafi ekki gert neitt meira en að safna ryki undanfarin ár eða vikið fyrir sigildri snilld á borð við The Running Man eða Roadhouse). Ég lét mig yfirleitt hverfa frá sjónvarpinu þegar einhver konar lín- eða spendýr birtust á skjánum og hinn móði Attenborough hóf fyrirlestur um mökun sæljóna en tímarir breytast og mennirnir með.

Sjónvarpsþáttaröðin Jörðin er úr smíðu sir David en í þáttunum er farið ofan í saumana á mismunandi svæðum



JÖRÐIN Þættirnir hafa vakið mikla athygli enda er þar brugðið upp myndum af undrum jarðar á stórfenglegan hátt.

Þessa heims. Yfirleitt hef ég skipt um stöð þegar slíkir fræðsluþættir renna af stað en Jörðin kveikti hjá mér óvæntan áhuga. Slíkt er listfengi þeirra mynda sem birtast sjónvarpsáhorfendum að þær skilja engan eftir ósnortinn. Í síðasta þætti voru hella umfjöllunarefnið en það eru einhverjir dularfyllstu staðir jarðarinnar og í þeim er sumum krökkt af alls kyns kynjaverum sem sumar hverjar hafa aldrei séð dagsljósið og hafa þannig glatað allri sjón. Magnað var að fylgjast með ránfuglum sem veiddu sér leðurblökur til matar, átu þær á flugi og héldu síðan áfram leit sinni eftir æti.

Þessir náttúrufræðingur eru slíkt skylduáhorf að grunnskólar landsins ættu að hvetja foreldra til að setjast niður með ungvíðinu á heimilinu til að fræðast eilíft meira um þessa reikistjörnu sem við búum á. Þættir á borð við Jörðina vekja fólk til umhugsunar um hina viðkvæmu náttúru og nauðsyn þess að vernda hana í lengstu lög.



22.00

Spenna

HEIST



20.55

Gaman


STELPURNAR



19.55

Veruleiki

ÞRÁNDUR BLOGGAR



20.00

Drama

ONE TREE HILL



21.10

Skýringar

48 HOURS

SJÓNVARPIÐ

6.58 Ísland í bitöð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 My Wife and Kids 10.40 3rd Rock From the Sun 11.05 Það var lagið

SIRKUS

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Sigtíð - lokabáttur (e)

7.00 Ísland í bitöð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi 11.40 Brot úr dagskrá

17.05 Leiðarljós 17.50 Táknáfréttir 18.00 /Evíntýri H.C Andersen (9:26)

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 13.05 Home Improvement 13.30 Arrested Development 13.55 Sarah Brightman 14.55 Andre Rieu at the Royal Albert 16.00 Nýja vonda nóm 16.25 Skrimslaspiðið 16.45 Scooby Doo 17.10 Véla Villi 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours

14.50 Ripley's Believe it or not! (e) 15.35 Game tívi (e) 16.05 Dr. 90210 (e) 16.35 Upphitun 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

12.00 Hádegisfréttir 13.00 Íþróttir/lífsstíll 13.10 Íþróttir - í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. 14.00 Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi 18.00 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður

18.30 Ungar ofurhetjur (2:26) (Teen Titans II) Teiknimyndaflokkur þar sem Robin, áður hægri hönd Leðurblökumannsins, og fleiri ofurhetjur láta til sín taka.

18.05 Simpsons 18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag 20.05 Simpsons (14:21) 20.30 Two and a Half Men (4:24) Einn vinsælasti gamanþátturinn á Stöð 2 snýr aftur í þessari þriðju þáttaröð.

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 19.55 Þrándur bloggar Fyrsta videobloggstjarna Íslands

19.00 Frasier - 1. þáttaröð 19.20 Fasteignasjónvarpið 19.35 Everybody loves Raymond (e)

20.00 Fréttir 20.10 Kompás (e) Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mearjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völlu og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS, Sigmundur Ernir Rúnarsson Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.

19.35 Kastljós

20.55 Stelpurnar (14:24) Það er óhátt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni sínu og glensi.

20.00 Sirkus RVK (e) 20.30 Splash TV 2006 (e) . 20.55 Þrándur bloggar Fyrsta videobloggstjarna Íslands

20.00 One Tree Hill Þættirnir gefa trúverðuga mynd af lífi og samskiptum nokkurra ungmenna í bænum One Tree Hill, þar sem stormasamt samband hálfbræðranna og fjandvinanna Nathans og Lucasar er rauður þráður.

21.00 Fréttir 21.10 48 Hours (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringarþáttur.

20.10 Latibær Textað á síðu 888 í Textavarp.

21.20 Beauty and the Geek (3:7) Verkefni kvöldsins er það erfiðasta hingað til fyrir nördana og fegurðadísirnar.

21.00 Bak við böndin Í þættinum verður leitast við að afhjúpa hljómsveitirnar og tónlist þeirra og opna augu og eyru áhorfenda fyrir nýjum og kraftmiklum tónlistarheimi.

20.50 Stargate SG-1 Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd frá 1994.

22.00 Fréttir 22.10 48 Hours (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringarþáttur.

20.40 Disneymyndin - Apaspi (The Jennie Project) Bandarísk fjölskyldumynd.

22.05 Man on Fire (í eldínunni) Denzel Washington fer með aðalhlutverk í þessari rafmögnuðu spennumynd. Leikstj.: Tony Scott. 2004. Stranglega b.b.

21.30 Tívoli Skemmti- og fræðsluþátturinn Tívoli er stúttullur af fjöri og fróðleik.

21.40 Ripley's Believe it or not! Í

22.00 Fréttir 22.10 48 Hours (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringarþáttur.

22.00 Ránið (Heist) Bandarísk spennumynd um ræningjagengi sem fremur gimsteina- og gullrán. Leikstjóri er David Mamet og meðal leikenda eru Gene Hackman og Danny DeVito. Atríði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

22.00 Bikinimódel Íslands 2006

22.30 Supernatural (11:22) (e) (Scarecrow) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð.

22.30 Celebrities Uncensored Fræga fólk er ekki alltaf prúðmennskan uppmáluð. Sjáið hina hliðina á glansmyndinni.

22.30 Miklabraut Miklabraut er í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.50 Lilja að eilífu (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólk yngra en 16 ára. e) 1.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

0.30 The Faculty (e) (Stranglega bönnuð börnum) 2.10 Animal Factory (e) (Stranglega bönnuð börnum) 3.40 The Tuxedo (e) (Bönnuð börnum) 5.15 Fréttir og Ísland í dag 6.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

23.15 Þrándur bloggar 23.20 X-Files (e)

23.15 Sigtíð - lokabáttur (e) 23.45 Rockface (e) 0.40 The Dead Zone (e) 1.25 C.S.I.: Miami (e) 2.10 Tvöfaldur Jay Leno (e) 3.40 Óstöðvandi tónlist

0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Miklabraut

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.10 What's the Worst That Could Happen? 8.00 Life as a House 10.05 The Reunion 12.00 Star Wars Episode II: The Attack of the Clones 16.00 Life as a House 18.05 The Reunion 20.00 Star Wars Episode II: The Attack of the Clones 22.20 The Good Girl (Góða stelpa) Rómantísk gamanmynd. Bönnuð börnum. 0.00 Quicksand (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Plan B (Bönnuð börnum) 4.00 The Good Girl (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 Superstar Money Gone Bad 13.00 101 Sexiest Celebrity Bodies 14.00 101 Sexiest Celebrity Bodies 15.00 101 Sexiest Celebrity Bodies 16.00 101 Sexiest Celebrity Bodies 17.00 Superstar Money Gone Bad 17.30 Gastineau Girls 18.00 E! News 18.30 Good Girls Gone Bad 19.00 The E! True Hollywood Story 20.00 101 Sexiest Celebrity Bodies 21.00 Rich Kids: Cattle Drive 22.00 Wild On Tara 23.00 Wild On Tara 23.00 E! News 23.30 Behind the Scenes 0.00 Wild On Tara 0.30 Good Girls Gone Bad 1.00 The E! True Hollywood Story 2.00 Guilty

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

7.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e) 8.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e) 14.00 Newcastle - W.B.A. frá 22.04 16.00 West Ham - Liverpool frá 18.00 Arsenal - Tottenham frá 22.04

20.00 Upphitun 20.30 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e)

21.30 Aston Villa - Man. City frá 25.04 23.30 Upphitun (e) 0.00 „Liðið mitt“ (e) 1.00 Dagskrárlök

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!



Vorur að taka upp frábær sumardekk frá **SONAR** undir allar gerðir fólkabíla. Gæðadekk á ótrúlegu verði!

SONAR dekkinn eru framleidd í heimsklassa verksmiðjum í Asíu. 25 ára reynsla stýður framúrskarandi gæði þeirra.

Þau standast alla evrópska gæðastaðla (ISO9001, ISO14001, E-mark, ETRTO o.s.frv.).

SONAR dekkinn fengu nýlega viðurkenningu, sem bestu dekkinn í flokki ódýrra dekkja, fyrir ótrúlegt verð miðað við gæði.

BF Goodrich Tires
... einfaldlega betri!



TRYGGIR SAMKEPPNI

Skeifunni 5 í Reykjavík, sími: 553 5777 • Smiðjuvegi 6 í Kópavogi, sími: 755 3355 • Melbraut 24 í Hafnarfirði, sími: 555 6558

Íðavöllum 8 í Keflavík, sími: 421 6267 • Miðási 23 á Egilsstöðum, sími: 471 3113 • Víkurbraut 4 á Höfn, sími: 478 1990 • Gagnheiði 13 á Selfossi, sími: 482 1712

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Star Wars II: Attack of the Clones **stöð 2** Bíó kl. 12.00 og 20.00

Rómantískasta Stjörnustríðsmyndin

Fáar kvikmyndir hafa notið eins mikilla vinsælda og Stjörnustríðsmyndirnar eða Star Wars eins og þær heita á frummálinu. Reyndar hafa síðustu þrjár myndir, eða fyrstu þrjár myndirnar í kvikmyndaröðinni, ekki fengið neitt sérstakt lof frá gagnrýnendum þó að áhorfendur hafi flykkst í kvikmyndahúsin. Attack of the Clones er hluti númer tvö í kvikmyndaröðinni og heldur myndin áfram að fylgjast með uppveiti Anakins Skywalker en aðaláhersla myndarinnar er á samband hans við Padmé. Myndin hefur því rómantískt yfirbragð þótt hasarinn og ævintýrin vanti að sjálfsgöðu ekki. Aðhlutverkin í myndinni eru í höndum Ewans McGregor, Natalie Portman, Hayden Christensen og Samuels L. Jackson og er það sjálfur George Lucas sem leikstýrir.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

			8	1	6			
		5				1		
	8						7	
	3		5	1		2		
2			4	8				9
	5		3	9			6	
	1						3	
		4				6		
			6	9	5			

Lausn á gátu gærdagsins

9	4	3	1	5	7	6	8	2
5	7	2	6	9	8	1	4	3
6	8	1	3	4	2	7	5	9
2	3	5	4	8	6	9	1	7
7	6	8	5	1	9	3	2	4
4	1	9	2	7	3	8	6	5
3	2	7	8	6	4	5	9	1
1	9	6	7	2	5	4	3	8
8	5	4	9	3	1	2	7	6



▶ 21.30
Spil

WORLD POKER



18.00 Íþróttaspjallið 18.12 Sportið

- 18.30 US PGA í nærmynd Ómissandi þáttur fyrir golfáhugamenn.
- 19.00 Gillette Sportpakkinn Íþróttir í lofti, láði og legi. Magnaður þáttur þar sem farið er allar íþróttir eru teknar fyrir.
- 19.30 Meistaradeild Evrópu fréttabáttur
- 20.00 Motorworld Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþróttar.
- 20.30 Súpercross Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi.
- ▶ 21.30 World Poker Tour Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spila-borðið í hverri viku á Sýn.
- 23.00 NBA

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Óskastundin 9.45 Leikfimi 10.13 Sagnaslóð 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlarp
12.20 Fréttir 12.45 Veður 12.50 Dánarfregnir 13.00 Vitt og breitt 14.03 Útvarpssagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Flakk 16.13 Fimm fjórðu 17.03 Víðsjá 18.25 Spegillinn 19.00 Lög unga fólksins 19.30 Samfélagið í nærmynd 20.30 Kvöldtónar 21.00 Sögumenn: Það er húmorinn sem bjargar alltaf öllu 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Pipar og salt 23.00 Kvöldgestir
0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunþáttur Rásar 2 9.05 Brot úr degi
12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland
16.00 Fréttir 16.10 Síðdegisútlarp 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Tónlist að hætti hússins 20.00 Geymt en ekki gleymt 22.10 Næturvaktin 0.00 Fréttir

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bítið 9.00 Ívar Guðmundsson
12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis
18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

12 ÁRA BIÐ LOKIÐ



NÝTT!
Helgartilboð
1.899 kr.

Jet black Joe
Fyrsta plata
Jet Black Joe síðan 1994
er loksins komin út.
Frábær gripur á sérstöku
helgartilboði.



...skemmtir þér ;)



HRÓSIÐ

...fá söngkonurnar Ragnheiður Gröndal og Eivör Pálsdóttir sem hafa leitt saman hesta sína en saman mynda þær hrífandi dúett.

REYKJAVÍKURNÆTUR: HARPA PÉTURSDÓTTIR ER ALLTAF TIL Í AÐ LÆRA EITTHVAÐ NÝTT

Það er aldrei of seint að prófa!

Ég tók eftir því um daginn hvað við erum fljót að aðlagast nýjum hlutum og venjum. Ég hef til dæmis alltaf grafið undan þeim sem hafa það að sið að sleikja eyru! Svo sagði ein vinkona mín mér á smá trúno að kærastinn hennar sleikti á henni eyrun til að kveikja í henni. Að sjálfsögðu sagði ég „oj“ áður en hún náði að klára að segja mér alla söguna og kúgaðist við tilhugsunina um að tungan hans réðist af ákefð á eyrun á henni. Ég gat reyndar verið sammála henni um að smá eyrnasneplanart og dútl gæti verið sexi en að troða tungunni allri upp í hlustina fannst mér of mikið af hinu góða. Hún sagði mér að þetta hefði líka verið hennar skoðun þangað til hún hefði fundið eitt stykki eyrnasjúkling. Þá hefði hún lært að meta listina og með tímanum hefði hún snúist yfir á það að fátt væri jafn eldfimt og eyrun á henni. Þá fór ég að hugsa og mundi að ég hef lært að

meta svona undarlegan hlut sjálf. Sjálfur hluturinn er af þeim toga að ég get eiginlega ekki sagt það upphátt. Ég get þó sagt ykkur að í fyrsta sinn sem maður reyndi þetta á mig missti ég andlitið og hló eins og brjálaðingur innra með mér. Á eftir hinu innra hláturskasti vöknudu hjá mér margar spurningar um náungann sem heilbrigðan einstakling. Í tilraun minni til að líta framhjá litlum og ómerkilegum hlut komst ég að því að maðurinn var ekki skríttinn heldur snillingur! Hins vegar geta svona venjur verið undarlegar og hreinasti dónaskapur. Sem dæmi má nefna náunga sem tók alltaf um rassinn á mér þegar við vorum á almannaferi eins og það væri bara fullkomlega eðlilegt og ekkert við það að athuga. Mér fannst það gersamlega óviðunandi og tókst ekki að horfa framhjá því. Sá sami hafði einnig þann ósið að vera sjúkur í að kyssa mig

þegar við vorum í kringum fólk. Ég er bara ekki þannig gerð að ég fli þáð að vera í sleik fyrir framan aðra. Mér finnst það vera hlutur sem ég og minn gerum í einrúmi. Fyrir utan að þetta sé ósæmandi má ekki gleyma því að þetta er argasti dónaskapur við þá sem eru í kring. Hvað haldiði að fólk langi til að horfa á aðra í sleik og að strjúka rassa? Flestir fara hjá sér þegar þeir sjá það í sjónvarpinu, hvað þá með berum augum! En svona að öllu gamni slepptu held ég að staðreyndin sé sú að þarna úti eru ansi margir hlutir sem við höfum fordæmt áður en við höfum reynt þá. Svo þegar einhver þorir að láta á reyna komumst við að því að það er svo miklu meira til um er þess virði að prófa. Eitt er víst; við erum aldrei of gömul til að læra eitthvað nýtt!



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 plát 6 þys 8 spíra 9 stykki 11 hröð 12 dá 14 svipað 16 2 eins 17 dýrahljóð 18 for 20 frá 21 íþróttafélag.

LÓDRÉTT

1 löngun 3 skyldir 4 ofbjóða 5 loftþrýstieining 7 piltur 10 frosts kemmd 13 spil 15 illgresi 16 kóf 19 guð.

LAUSN

19 ra. 7 strákur, 10 kal, 13 nlu, 15 arfi, 16 kaf, 20 af, 21 fram. LÖRÉTT: 1 lýst, 3 að, 4 blóska, 5 bar, 6 á, 7 fram, 8 ála, 9 sík, 11

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á

VÍSIR VEFTV

LÁRÉTT: 2 gabb, 6 ys, 8 ála, 9 sík, 11



FRAMLEIÐENDURNIR Hópur nemenda í meistaranámi í verkefnastjórnun við verkfræðideild Háskóla Íslands framleiddi þáttinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

SJÓNVARPSÞÁTTURINN AMMA ER Í FRAMBOÐI: FRUMSÝNDUR Í MAÍ

Hvetja ungt fólk áfram

Sjónvarpsþátturinn Amma er í framboði verður frumsýndur í Ríkissjónvarpinu um miðjan næsta mánuð.

Þátturinn var framleiddur af nemendum í meistaranámi við verkefnastjórnun, MPM, við Háskóla Íslands og fjallar um samfélags- og þjóðmál fyrir ungt fólk. Markmið hans er að hvetja ungt fólk til að sýna ábyrgð og nýta kosningarétt sinn. Verður þátturinn sýndur rétt fyrir sveitastjórnarkosningarnar í vor. Jón Gnarr er umsjónarmaður þáttarins, sem er í heimildarmyndastil en þó með léttu ívafi.

„Við vorum með fullt af hugmyndum sem við settum síðan í kerfi. Þar kom upp að þetta verkefni uppfyllti best þau skilyrði sem við gerðum til verkefnisins sem yrði fyrir valinu. Þetta snerist um að gera áætlun og framkvæma hana síðan,“ segja framleiðendur þáttarins, sem eru fimm talsins;

þau Ragnar Már Ragnarsson, Anna Katrín Guðmundsdóttir, Baldur Eiríksson, Laufey Karlsdóttir og Linda Rut Benediktsdóttir.

„Við vildum reyna að brúa bilið á milli stjórnmála og áhuga ungs fólks á þeim því ungt fólk hefur margt að segja en fær einhvern veginn ekki nógu góð tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri,“ segja þau. „Við vildum líka vekja athygli stjórnmálamanna á viðhorfum unga fólksins.“

Bæta þau við að erfiður róður hafi verið að fjármagna gerð þáttarins. Þrátt fyrir að margir hafi verið ánægðir með gerð hans hafi færri verið tilbúnir að setja peninga í verkið og því hafi fjármögnunin tekið sex vikur í stað þeirra tveggja sem þau bjuggust við.

Í tengslum við verkefnið var framkvæmd könnun á meðal ungs fólks og nýttust niðurstöðurnar höpnum við gerð þáttarins. Náði könnunin til 158 ungmenna á aldr-

inum 18 til 21 árs í fimm fjölbrauta- og menntaskólum. Í henni kemur m.a. fram að aðeins þriðjungur aðspurðra vissi hvaða kosningar færu fram í vor og aðeins 35 prósent töldu að atkvæði sitt skipti mjög eða frekar litlu máli. Jafnframt ætluðu 44 prósent ungmennanna ekki að nýta kosningarétt sinn í sveitarstjórnarkosningunum.

Í þættinum sýnir Jón Gnarr takta sem ættu að vekja ungt fólk til umhugsunar um þjóðfélagið sem það býr í. Fer hann á flakk og hittir fólk á fönnum vegi og er jafnframt með sínar eigin pælingar þess á milli. „Þetta eru oft skringilegar spurningar hjá honum en þetta ætti að fá fólk til að hugsa meira um stjórnmál,“ segir vinnuhópurinn, sem verður á Hótel Nordica á morgun klukkan 15.30 til að kynna verkefnið ásamt Jóni Gnarr.

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, upplýsir það í vefdagbók sinni á síðunni haddi.is að tónlistarmaðurinn Mugison stefni að því að reisa hljóðver í bænum og þeir hafi á mánudaginn undirritað viljayfirlýsingu þess efnis að tónlistarmanninum verði úthlutað lóð undir einbýlishús og hljóðver við Suðurtanga. „Í dag undirrituðum við **Örn Elías** sem er betur þekktur sem Mugison viljayfirlýsingu um að úthluta honum lóð undir einbýlishús og hljóðver skv. nýju rammaskipulagi í Suðurtanga á Ísafirði.“ Bæjarstjórinn segir nýja hverfið á Suðurtanga bjóða upp á marga nýja möguleika og að um spennandi kost við þróun byggðarinnar á eyrinni sé að ræða. „Með þessu rammaskipulagi erum við að skapa skemmtilega framtidarsýn sem Mugison sér mikil tækifæri á og þess vegna ánægjulegt að hann skuli ætla sér að byggja á svæðinu.“



Risaveggspjald með nærfatauglýsingu frá Calvin Klein hefur vakið upp deilur í Svíþjóð á síðustu dögum. Skiltið sýnir sænsku knattspyrnuheftjuna **Fredrik Ljungberg** og fyrisætuna Natalíu Enligt í munúdarlegum stellingum í nærbuxum frá CK einum fata. Til stóð að henga auglýsingaskiltið utan á byggingu við Stur-eplan sem hýsir meðal annars skrifstofur KB banka í Stokkhólmi. Skipulagsyfirvöld komu í veg fyrir áformin þar sem veggspjaldið þykir líklegt til að særa blygðunar-kennnd vegfarenda. Blaðamaður Expressen taldi bankann standa á bak við bannið og sagði að Íslendingum væri nær að leysa sín „mörgæsavandamál“ heima fyrir áður en þeir sneru sér að öðrum. Hans Lineblad yfirmaður hjá CK í Svíþjóð er að vonum óhress með þessa meintu skerðingu á tjáningarfrelsi en skellir skuldinni alfarið á skipulagsyfirvöld.



LEIÐRÉTTING

Í fyrisögn á forsiðu Fréttablaðsins í gær var misritað að lágt gengi dollarans gæti haft áhrif á tónleikahald hér á landi en eins og greinilega kemur fram í meginmáli greinarinnar er það hátt gengi dollarans sem gæti haft þessi áhrif.

Ingvar á Cannes-hátíðina

Kvikmyndaframleiðandandum Ingvari Þórðarsyni hefur verið boðið að taka þátt í ráðstefnunni „Producers on the move“ á Cannes-kvikmyndaframtíðinni í Frakklandi sem fram fer dagana 17.-28. maí. Um er að ræða dagskrá þar sem 22 evrópskir kvikmyndaframleiðendur fá tækifæri til að kynna sig og verk sín fyrir hver öðrum, bláðamönnunum og kvikmyndaheiminum en dæmi eru um að mörg samstarfsverkefni hafi orðið til út frá þessum fundarhöldum, sem standa í þrjá daga.

Ingvar hefur farið á kvikmyndaframtíðina í Cannes síðastliðin tíu ár en hann hefur aldrei áður tekið þátt í „Producers on the move“ og er því að vonum spennur. „Þetta eru alvöru framleiðendur sem ég mun hitta þarna og ég fer bara með opnum hug. Það er aldrei að vita hvað kemur út úr þessu,“ segir Ingvar. Nóg er um að vera hjá kvikmyndaframtíðinni hans, Kisi



Á LEIÐ TIL CANNES Ingvar Þórðarson fer vel vopnaður til Cannes en kvikmyndin Den Brysomme mannen sem er samstarfsverkefni við Norðmenn tekur þátt í Critic's Week.

Production, en í sumar hefjast tökurnar á myndinni Astropia og á næsta ári er fyrirhugað að tvær myndir fari í framleiðslu. Að sögn Ingvars væri ekki verra ef samstarfsaðilar fyrir þær myndir myndu á háttíðinni. „Það er nóg um að vera hjá okkur þannig að ég býst við að öðrum framleiðendum finnist ekki síður spennandi að komast í samstarf við Ísland en okkur við þá.“ Á hvert velur kvikmynda-sjóður hvers lands framleiðendur til þess að taka þátt í „Producers on the move“ og telur Ingvar að velgengni kvikmyndarinnar Strákarnir okkar hafi haft eitthvað með það að gera að hann var valinn að þessu sinni. Þess má líka geta að kappinn fer afar vel vopnaður á hátíðina því kvikmyndin Den Brysomme mannen sem er samstarfsverkefni Kisa og norsks kvikmyndaframleiðanda tekur þátt í Critic's Week á hátíðinni.

- snæ

Lokað á morgun laugardag, því við verðum á Stamford Bridge að sjá leik Chelsea - Man Utd.

Sjáumst hress á þriðjudag, boltakveðjur GEIR, VILLI, SIGGI, AUÐUNN, HÖGNI, GOGGI, KWA OG MATTI.



FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

Opið alla laugardaga 10-14

Mikið úrval af flottum skóm

...frábær verð!



VERÐ:
3.995 kr.
STÆRÐIR: 36-41



VERÐ:
4.995 kr.
STÆRÐIR: 36-41



VERÐ:
4.995 kr.
STÆRÐIR: 28-35



VERÐ:
4.995 kr.
STÆRÐIR: 36-41



VERÐ:
2.995 kr.
STÆRÐIR: 36-41



VERÐ:
3.995 kr.
STÆRÐIR: 24-35



VERÐ:
4.995 kr.
STÆRÐIR: 36-41



VERÐ:
4.995 kr.
STÆRÐIR: 36-41



VERÐ:
4.995 kr.
STÆRÐIR: 36-41



VERÐ:
4.995 kr.
STÆRÐIR: 36-41



VERÐ:
3.995 kr.
STÆRÐIR: 36-41



VERÐ:
3.995 kr.
STÆRÐIR: 36-41



VERÐ:
5.995 kr.
STÆRÐIR: 36-41



VERÐ:
4.995 kr.
STÆRÐIR: 36-41

**FRÁBÆR
VERÐ!**

Kringlan 568 6211

Sumar 2006

EURO SKO



ICELANDAIR

27.-30. apríl
Á NASA við Austurvöll.

www.riteofspring.is



BAKÞANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

Yfir strikið

Það er alltaf jafn fyndið að sjá þöfl sem hafa verið bæld njóta sín. Til dæmis hafa jökulár Vatnajökuls verið svo bældar að þegar þær sleppa úr prisundinni ryðjast þær fram í sjó með allri þeirri eðju sem á vegi þeirra verður. Fara yfir strikið og breyta varanlega landslagi jökulsins, hræða líftórana úr amerískum túristaræfli sem hefur dreymt um það ævilangt að koma heim til sín eftir reisu til Íslands og geta sagt frá því að hann hafi keyrt hringinn í kringum ælandið á þremur dögum. Lendir svo í þeim hremmingum að keyra fram á geðvont jökulfljót, taka u-beygju og hendast svo hratt til baka, af tærri skelfingu, í átt að flugstöðinni og heim, að hann var tekinn af löggunni sem veitti honum áfallahjálp áður en hún sektaði hann um þrjú eða fjögur hundruð dollara, allt eftir heilsu krónunnar þann daginn. Þetta var gráa fréttin.

SVO var það rauða fréttin. Hún var af annars konar hlekkjabroti eftir langa bælingu. Þar var staddur á mynd í Morgunblaðinu sjálfur Alexí II patriarki rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar í Rússlandi (líklega glataða útgáfan af öðru erindinu í rómverskum riddara sem réðst inn í Rómurborg) að halda páskahátíð. Gæinn hafði verið munstraður upp í einn heljararkufl, blóðrauðan með slíkum gyllingar bróðeringum að hann einn hefði nægt til þess að mann klæjaði í augun. En, nei, hann var bara aðal í stórum flokki karla, alveg eins dressuðum, og litu út fyrir að fá kikk út úr því að vera í múnderingum sem gera allar dragdrottningar heimsins að litlausum lufsum. Helmingurinn með gullkórónur, fylltar blóðrauðu einhverju, aðrir barhöfða. Dálítið yfir strikið.

MAÐUR hefði nú haldið að þeir gætu valið einhvern annan lit en þann sem einkenndi kúgara þeirra. Í baksýn söfnuður í alþýðukomma-gráu og ofhlaðnir freskuveggir sem litu meira út eins og sæmilega vandað veggjakrot en list. Það var naumast að menn þurftu að fá útrás fyrir sýnileika þess sem hafði verið bannað svo lengi. Hvað skyldu þeir eiga marga áratugi í að öðlast smekkvísi eftir áfallið?

ÞEIR harmóneruðu ótrúlega vel við frétt á bíósíðunni þar sem verið var að segja frá tiskusýningu í útlöndum og birtar voru tvær myndir af kínverskum fyrirsætum sem voru í hefðbundnum kínverskum kjólum sem höfðu verið penslaðir utan á þær. Lengi höfum við konur mátt þola skilaboðin „herfa, herfa, láttu þig hverfa“, sem þýða að við eigum að taka mjög lítið pláss í veröldinni - en að tiskuiðnaðurinn tími ekki lengur að splæsa efnisþjötum utan á okkur í næstu haustlínu... Það heitir að fara yfir strikið.

www.volkswagen.is

Volkswagen Passat

Lúxusbíll
ársins!

Nýr Passat býðst með nýjum og öflugum FSI® bensín- og TDI® dísilvélum með 6 gíra handskiptingu eða 6 þrepa sjálfskiptingu.

Meðal staðalbúnaðar má nefna hemlælsvörn (ABS), rafstýrða stöðugleikastýringu (ESP), spólvörn (ASR), loftkælingu og loftræstingu (AC), rafræna handbremsu og byltingarkenndan kveikjubúnað sem aðeins er að finna í Volkswagen Passat.



Bandalag íslenskra bílalaðamanna
valdi Volkswagen Passat bíl ársins í
flokki stærri fjölskyldu- og lúxusbíla.



Aus Liebe zum Automobil

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ